

Fornleifarannsókn á lóð Lækjargötu 12, Reykjavík

Svæði A



Lísabet Guðmundsdóttir

FS706-15093

Reykjavík 2018



Á forsíðumynd er skálinn í Lækjargötu, myndin er tekin af þaki Lækjargötu 12.

Fornleifastofnun Íslands 2017

Bárugata 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@instarch.is

1.0 Inngangur.....	11
2.0 Markmið og aðferðafræði.....	12
3.0 Fyrri rannsóknir	13
4.0 Fornleifarannsókn	15
4.1 Aldursgreining mannvistarleifa.....	15
5.0 Byggingarstig IV.....	16
6.0 Byggingarstig III	17
6.1 Lækjargata 10a - Húsgrunnur	18
6.2 Lækjargata 10a - Kjallari	20
7.0 Byggingarstig II	21
7.1 Kirkjuból/Lækjarkot.....	21
8.0 Byggingarstig I	24
8.1 Fasi C3.....	26
8.1.2 Stoðarholur og stoðarsteinar	29
8.1.3 Fjós.....	32
8.1.4 Meginrými	37
8.1.5 Eldstæði.....	44
8.1.6 Samantekt.....	46
8.2 Fasi C2.....	48
8.2.1 Torfveggir.....	49
8.2.2 Stoðarholur og stoðarsteinar	52
8.2.3 Skepnuhús.....	54
8.2.4 Vefstofa.....	56
8.2.5 Meginrými og eldstæði.....	58
8.2.6 Samantekt.....	64
8.3 Fasi C1/C2 Austursvæði	65
8.3.1 Stétt [15]/[50]	65
8.3.2 Trog	68
8.3.3 Austan við stétt og trog	71
8.3.4 Samantekt.....	71
8.4 Fasi C1	72
8.4.1 Torfveggir.....	72
8.4.2 Stoðarholur og stoðarsteinar	77
8.4.3 Útisvæði að sunnanverðu	78

8.4.4 Vefstofa.....	79
8.4.5 Meginrými	83
8.4.6 Eldstæði.....	89
8.4.7 Samantekt.....	93
8.5 Fasi C.....	94
8.5.1 Samantekt.....	96
8.6 Fasi B.....	97
8.6.1 Samantekt.....	101
8.7 Fasi A.....	102
8.7.1 Samantekt.....	104
9.0 Frekari rannsóknir.....	105
10.0. Landnámsminjar í miðbæ Reykjavíkur.....	106
11.0. Umræða og niðurstöður.....	109
Heimildaskrá	115
1. Inngangur.....	124
2. Markmið og aðferðafræði.....	125
3. Fyrri rannsóknir.....	126
4. Byggingarstig 3.....	126
4.1 Lækjargata 12a – mannvirki 8.....	128
4.2 Lækjargata 12b – mannvirki 9.....	130
4.3 Vonarstræti 2 – mannvirki 10.....	132
4.4 Bakhús við Lækjargötu 12a – mannvirki 11.....	133
4.5 Smíðahús – mannvirki 12.....	134
5. Byggingarstig 2.....	136
5.1 Útihús Waageshúss – Mannvirki 6.....	139
5.2 Gamli Tjarnarbakkinn – mannvirki 7.....	142
6. Byggingarstig 1.....	144
6.1 Mannvirki 1.....	145
6.1.1 Fasi 1c – óviss notkun á lokaskeiði mannvirkisins.....	145
6.1.2 Niðurstöður og túlkun.....	148
6.1.3 Fasi 1b – yngri fasi eldstæðis.....	149
6.1.4 Niðurstöður og túlkun.....	152
6.1.5 Fasi 1a – eldri fasi eldstæðisins.....	152
6.1.6 Niðurstöður og túlkun.....	155
6.2 Mannvirki 2.....	156
6.2.1 Norðan ræsiskurðar [164].....	156

6.2.2 Eldstæði 1 [202].....	159
6.2.3 Eldstæði 2 [193].....	161
6.2.4 Eldstæði 3 [237].....	164
6.2.5 Eldstæði 4 [264].....	166
6.2.6 Sunnan ræsissskurðar.....	167
6.2.7 Eldstæði 5 [284].....	171
6.2.8 Niðurstöður og túlkun.....	172
6.3 Mannvirki 3 – Fasi 1	174
6.3.1 Lýsing á jarðlögum.....	175
6.3.2 Niðurstöður og túlkun.....	176
7. Niðurstöður	177
Heimildaskrá	179

Myndaskrá

Mynd 1 Vinstra megin á myndinni er Lækjargata 10a og hægra megin Lækjargata 10 sem enn stendur. Myndin er tekin í kringum 1900. (Ljósmynd. Óþekktur. Borgarsögusafn Reykjavíkur).....	18
Mynd 2. Húsgrunnur Lækjargötu 10a, neðst á sést hvar grafið var í gegnum minjarnar vegna ræsissskurða. Norðan við skurðinn á myndinni er púkk [242] og að auki sést könnunarskurður 200 sem grafinn var í lok apríl 2015 (Mynd tekin í V)	20
Mynd 3. Lilja sópar gólf kjallarans í hinsta sinn.....	21
Mynd 4. Kjallari Lækjargötu 10b. Á myndina vantar austurhluta hans en hann var fjarlægður áður en svæðið var stækkað til austurs. (Mynd tekin í N).....	21
Mynd 5. Það sem varðveitt var af veggundirstöðum [35] Lækjarkots. (Mynd tekin í S)	24
Mynd 6. Stoðarholur upp við eldstæðið að vestanverðu. (Mynd tekin í NA)	30
Mynd 7. Upp við vegginn sjást pinnaholur [40176], [40171] og [40165] auk stoðarholu. (Mynd tekin í V).....	34
Mynd 8. Á milli hellanna í flórnum má sjá hvíta efnið. (Mynd tekin í N)	35
Mynd 9. Hvítt efni úr flór.....	35
Mynd 10. Flór í fjósi. (Mynd tekin í N)	36
Mynd 11. Skálinn í heild sinni undir lok uppgrftar. Fyrir miðri mynd er flór fjóssins. (Mynd tekin í N).....	36
Mynd 12. Gólfslag [43311]. Neðst á myndinni sést í steinalag [56]. (Mynd tekin í N).....	39
Mynd 13. 44 Fylling [45241] í holu. (Mynd tekin í NA)	40
Mynd 14. Eldsprungnir steinar í holu [47783]. (Mynd tekin í S)	40
Mynd 15. Sandlag [45302] ásamt eldstæði. (Mynd tekin í N)	41
Mynd 16. Eldstæðið í skálanum, umhverfis það eru brunalög. (Mynd tekin í V).....	44
Mynd 17. Á myndinni sjást þær leifar skálans sem enn eru varðveittar í Lækjargötu. (Mynd tekin í N).....	48
Mynd 18. Innbrún suðurgafis [36924]. (Mynd tekin í S)	51
Mynd 19. Merkt hefur verið við stoðarstein í skepnuhúsi. Ekki fundust önnur ummerki um stoðir en mögulega stóðu þær á hellum sem ekki var hægt að greina frá básum né flór. (Mynd tekin í N).....	53
Mynd 20. Loftmynd af skepnuhúsi. (Mynd tekin í N).....	56
Mynd 21. Skepnuhús ásamt suðurgafli. (Mynd tekin í N).	56
Mynd 22. Inngangur að vestanverðu, unnið er að því að fjarlægja fyllingu [12565] úr innganginum. (Mynd tekin í A).	57
Mynd 23. Vikur sem fannst í inngangi. Fundarnúmer: 338.	58
Mynd 24. Steingripur (F:263) sem fannst í gólflagi [35810] úr grænu líparíti sem kann að vera mót. (Mynd tekin í A).....	60
Mynd 25. Hellulögn í gólfi [35810]. (Mynd tekin í A)	60
Mynd 26. Hellugólf [48] sést vinstra megin á myndinni en fyrir miðju er gólf [35982]	61
Mynd 27. Gólfslag [38445]. (Mynd tekin í N).	62
Mynd 28. Silfurmynt (F:289) sem fannst í gólflagi [38445].....	62
Mynd 29. Á myndinni sést drapplitað lag [31369], sem er austan við eldstæðið. (Mynd tekin í S)	63
Mynd 30. Nærmynd af gólfi [31369]. (Mynd tekin í S).....	63
Mynd 31. Á myndinni sést skepnuhús í suðri (neðst á myndinni) auk vefstofu, brunalög höfðu enn ekki verið fjarlægð. (Mynd tekin í N).	64

Mynd 32. Lísabet og Jónas standa ofan á stétt [15] og velta framhaldinu fyrir sér. Allar hellur voru settar í fiskikör og geymdar þar til þær verða settar niður á nýjan leik í sýningu sem verður tileinkuð minjunum. (Mynd tekin í N).....	67
Mynd 33. Stétt [50] sem liggur frá skála að trogi [52].Neðst á myndinni sést hvar stéttinni hefur verið raskað. (Mynd tekin í A).....	68
Mynd 34. Trog [52], fylling hefur verið fjarlægð til hálf. (Mynd tekin í SA).....	70
Mynd 35.Fylling hefur verið fjarlægð og eldsprungið grjót sést efst á myndinni. (Mynd tekin í A).....	70
Mynd 36. Fylling [20469] í eldri inngangi. (Mynd tekin í N).....	73
Mynd 37. Hellur [9529] sem reistar voru uppi við syðri gafl. (Mynd tekin í N).....	75
Mynd 38. Stétt eða steinalag [24] ásamt steinaröð [27]. (Mynd tekin í N).....	78
Mynd 39. Stoðarhola [33478] ásamt brýni. (Mynd tekin í N).....	81
Mynd 40. Nokkrir af kljásteynnum sem fundust í herberginu. (Mynd tekin í A).....	81
Mynd 41. Kljásteynar við suðurgafl. (Mynd tekin í S).....	81
Mynd 42. Fremst á myndinni eru brunalög og fjær sést suðurgaflinn ásamt vefstofu. (Mynd tekin í S).....	82
Mynd 43. Steingripur (F:263) sem fannst í gólflagi [35810] úr grænu líparíti sem kann að vera mót. (Mynd tekin í A).....	85
Mynd 44. Hellulögn í gólfi [35810]. (Mynd tekin í A).....	85
Mynd 45. Hellugólf [48] sést vinstra megin á myndinni en fyrir miðju er gólf [35982].	86
Mynd 46. Gólflag [38445]. (Mynd tekin í N).....	88
Mynd 47. Silfurmynt (F:289) sem fannst í gólflagi [38445].....	88
Mynd 48. Á myndinni sést drapplitað lag [31369], sem er austan við eldstæðið. (Mynd tekin í S).....	89
Mynd 49. Nærmynd af gólfi [31369]. (Mynd tekin í S).....	89
Mynd 50. Eldstæðið í skálanum, umhverfis eldstæðið eru brunalög. (Mynd tekin í V).....	90
Mynd 51. Veggur [23] í mannvirki 20 sem hlaðinn var ofan á torfhrun í skála. (Mynd tekin í S).....	95
Mynd 52. Veggur [23] ásamt hruni. (Mynd tekin í A).....	95
Mynd 53. Brunnið torf, svörtu rákirnar er 920 gjóskulagið og hvítu rákirnar barnamold. Torfið sjálf er orðið bleikt á lit vegna oxunar.	97
Mynd 54. Brunalag [20619]. Fyrir miðri mynd er hellulagt gólf [48]. (Mynd tekin í S).....	97
Mynd 55. Brunalögin eru bleik á lit og rauð lína hefur verið teiknuð utan um þau á myndinni. (Mynd tekin í N).....	99
Mynd 56. Syðst á myndinni er Lilja Björk að fjarlægja torfhrun úr skála en nyrst hreinsar Howell brunalagið. (Mynd tekin í S).....	103
Mynd 57. Snið af torfvegg [12279] ásamt lögum sem tilheyrðu yngri byggingarstigum. (Mynd tekin í V).....	104
Mynd 58. Ruslalög ofan á vegg [12279]. (Mynd tekin í V).....	104
Mynd 59 Þekktar landnámsminjar í Reykjavík.....	106
Mynd 1. Á myndinni sjást húsgrunnar Lækjargötu 12a og b, Vonarstræti 2 ásamt smíðahúsi og bakhúsi (mynd tekin í suður).....	128
Mynd 2 Kjallari Lækjargötu 12a (Mynd tekin í S).....	130
Mynd 3 Húsgrunnur Lækjargötu 12b (Mynd tekin í NA).....	131
Mynd 4 Húsgrunnur Vonarstrætis 2 (Mynd tekin í norður).....	133
Mynd 5 Púkk undir mannvirki 11 (Mynd tekin í suður).....	134
Mynd 6 Húsgrunnur mannvirkis 12 (Mynd tekin í vestur).....	135
Mynd 7. Teikning af Lækjarkoti, Waageshúsinu og útihúsum eftir Jón Helgason. (Mynd: Borgarsögusafn).....	137

Mynd 8 Húsgrunnur Waageshússins en grunninum var raskað vegna síðari tíma framkvæmda. (Mynd tekin í vestur).	138
Mynd 9 Steinhleðsla [136], sem líklegast var hluti af útihúsum sem þarna stóðu. Vestan við steinhleðsluna var niðurgröftur [120] og sést móta í fyllingu [121] (Mynd tekin í S).....	140
Mynd 10 Stoðarholur fyrir girðingastaura sem voru samtíða útihúsunum. (Mynd tekin í N).	141
Mynd 11. Á ljósmyndinni er Lækjarkot lengst til viinstri, Waageshúsið á miðri myndinni og útihúsin lengst til hægri. (Ljósmyndari óþekktur).....	142
Mynd 12 Gamli tjarnarbakkinn sem hlaðinn var á milli 1876 og 1887 (Mannvirki 7). (Mynd tekin í SV).	143
Mynd 13 Móöskulag [148] ásamt þremur steinum sem liggja upp á rönd meðfram því. (Mynd tekin í austur).	146
Mynd 14 Fyrir miðri mynd er eldstæði [235] með móöskufyllingu að auki sjást torfveggir með landnámslaginu í. (Mynd tekin í NA).	149
Mynd 15 Fyllingar hafa verið fjarlægðar úr eldstæðinu að mestu en steinar eru enn til staðar. (Mynd tekin í NA).	150
Mynd 16 Eldstæði í mannvirki 1 (Mynd tekin í NV)	154
Mynd 17 Sniðteikning af mannvistarlögum á milli lðnaðarbanka/Íslandsbankabyggingar og kjallara Lækjargötu 12A.	158
Mynd 18 Eldstæði [202] ásamt fyllingu [180] og pinnaholu [180] að vestanverðu. (Mynd tekin í S).....	160
Mynd 19 Eldstæði[193] ásamt góflögum í kring auk eldstæðis [202], fjær á myndinni (Mynd tekin í V).....	161
Mynd 20 Nærmynd af eldstæði [193] (Mynd tekin í NV).....	161
Mynd 21 Sniðteikning af eldstæði [193].	163
Mynd 22 Eldstæði [237] (Mynd tekin í N).....	164
Mynd 23 Eldstæði [264] ásamt fyllingu [263] að austanverðu á myndinni og eldstæði [237]. (Mynd tekin í N).....	167
Mynd 24 Eldstæði [264] eftir að fylling var fjarlægð (Mynd tekin í norður).....	167
Mynd 25 Á myndinni sést torfveggur að vestanverðu auk stétta [265] og [266] að sunnanverðu. Fyrir miðri mynd er góflag [259] og stoðarsteinar. Ræsissskurðurinn fór í gegnum vegginn sem sést neðst á myndinni. (Mynd tekin í S).....	168
Mynd 26 Mynstur í góflagi [159] (Mynd tekin í A).....	169
Mynd 27 Viðarfjalir í gólfi (Mynd tekin í S).	170
Mynd 28 Góflag [159] í mannvirki 2, einnig sjást stoðarsteinar og stétt [265].	171
Mynd 29 Eldstæði [284] eftir að fylling var að mestu fjarlægð. (Mynd tekin í A).....	172
Mynd 30 Loftmynd af mannvirki 2 og 3.	173
Mynd 31 Stétt [280] í mannvirki 3 (Mynd tekin í A).	175

Kortaskrá

Kort 1. Afmörkun svæða A og B.	13	
Kort 2 Á kortinu má sjá staðsetningu skurðanna sem grafnir voru í apríl 2015.	14	
Kort 3. Húsgrunnur Lækjargötu 10a ásamt kjallara. Að austanverðu var niðurgröftur vegna ræsa og því vantar u.þ.b. þriðjung hússins. Húsið náði alveg upp að Lækjargötu í austri.	19	
Kort 4. Á kortinu hafa heillegustu minjar Lækjarkots verið lagðar ofan á kort Benedikts Gröndals og Sveins Sveinssonar frá árinu 1876 en einnig sést hvar hús sem stóðu 2015 eru í samhengi við minjarnar.	22	
Kort 5. Á Kortinu má sjá varðveittar minjar Lækjarkots. Í norðri er vegghleðsla norður hluta mannvirkisins en í syðri hluta þess er niðurgröftur ásamt steinaröð [21]. Búið er að draga útlínur Lækjarkots eftir korti Benedikts Gröndals og Sveins Sveinssonar.	23	
Kort 6. Á kortinu er svæðið sem var raskað vegna framkvæmda á 19. og 20. öld.	26	
Kort 7. Elsti fasi skálans ásamt tilgátu um hvar torfveggir kunna að hafa verið. Grái liturinn táknar stoðarholur, pinnaholur og stoðarsteina	28	
Kort 8. Á kortinu má sjá torfveggi skálans sem tilheyra fasa C3	29	
Kort 9. Á kortinu má sjá staðsetningu stoðarhola og pinnahola, sem eru svartar á lit ásamt stoðarsteinum sem eru gráir.	32	
Kort 10. Fjós í elsta fasa hússins. Fyrir miðju er flór ásamt lífrænum taðlögum en sunnan við þau eru blönduð lög ásamt tveimur stórum stoðarholum.	33	
Kort 11. Á kortinu má sjá hvar byggið fannst sem aldursgreint var ásamt staðsetningu brenndra steina í gólfi fyrir miðjum skála.	43	
Kort 12. Teikning af eldstæðinu ásamt þeim lögum sem í því voru. Merkt hefur verið inná teikninguna hvar bygg fannst ásamt aldursgreiningu. (Kort: Lísabet Guðmundsdóttir)	45	
Kort 13. Fasi C2.	Kort 14. Fasi C2.	49
Kort 15. Á kortinu eru sýndir torfveggir sem tilheyra fasa C2. Flestir tilheyrðu einnig elsta fasa hússins en meginbreytingin er veggur í suðurhluta hússins.	50	
Kort 16. Stoðarholur og stoðarsteinar sem tilheyra fasa C2.	52	
Kort 17. Á kortinu má sjá staðsetningu bása og flórs í skepnuhúsinu syðst í skálanum.	55	
Kort 18. Gólfög í fasa C2 ásamt aldursgreiningum.	59	
Kort 19. Stétt [15]/[50] austan við skála ásamt trogi [52].	66	
Kort 20. Trog [52] ásamt stétt austan við skála.	69	
Kort 21. Fasi C2 til samanburðar við fasa C1. skálanum eins og hann		
I leit út í fasa C1 ásamt tilgátu um stærð skálans og veggja.	72	
Kort 23. Torfveggir sem tilheyra fasa C1.	74	
Kort 24 Á kortinu má sjá staðsetningu stoðarhola og stoðarsteina í yngsta fasa hússins.	77	
Kort 25 Steinaröð [27] og stétt [24] syðst í skála.	79	
Kort 26. Vefstaður í skálanum. Gráu steinarnir eru stoðarsteinar en litlu steinarnir eru annað hvort kljástearar eða eldsprungnir steinar.	80	
Kort 27. Gólfög í fasa C1.	84	
Kort 28. Í norðausturhluta skálans fannst talsvert af brenndum viðarleifum sem eru taldar hafa tilheyrt setbökkjum og öðrum munum innan skálans. Viðargreining leiddi í ljós að bekkir voru úr birki en stoðir voru úr barrviðum, líklegast rekaviði.	87	
Kort 29 Teikning af eldstæðinu ásamt þeim lögum sem í því voru. Merkt hefur verið inn á teikninguna hvar bygg fannst ásamt aldursgreiningu.	91	

Kort 30. Eldstæðið í skálanum í Lækjargötu. Aðalstræti. (Teikning : Howell M. R Roberts).	Kort 31. Eldstæðið í skálanum í	93
Kort 32. Fasi C1 til samanburðar við fasa C. í notkun í fasa C.	Kort 33. Fasi C, yngsti fasi	94
skálans. Veggur er tilgáta e en suðurgafli hefur verið færður norðar.		94
Kort 34. Á kortinu má sjá þær minjar sem tilheyra yngsta fasa hússins.		96
Kort 35. Brunalög eru appesínugul að lit en undir sést eldstæði ásamt yngsta byggingarstigi skálans.		101
Kort 36. Tilgátuteikning af skála og mannvirkjum 1 og 2 sem grafin voru upp sunnan við skálann. Að auki hefur Lækurinn og Tjörninn verið teiknuð inn út frá korti frá árinu 1887.		113
Kort 1 Lækjargöturéiturinn		125
Kort 2 Á kortinu sjást yngstu mannvirkin á svæði B		127
Kort 3 Kort af mannvirkjum sem tilheyra byggingarstigi 2.		136
Kort 4. Á kortinu er skálinn ásamt mannvirkjum 1, 2 og 3. Tilgátuveggir eru brúnir á lit.		144
Kort 5 Mannvirki 1, fasi 1c.		147
Kort 6 Mannvirki 1, fasi 1b.		151
Kort 7 Mannvirki 1, fasi 1a.		153
Kort 8. Á teikningunni hefur svört lína verið teiknuð inn á sem sýnir hvar sniðteikningin var gerð. (Sjá mynd 17).		159
Kort 9. Eldstæði í mannvirki 2.		162
Kort 10. Teikning af eldstæðum [284], [264] og [237].		165
Kort 11. Gólflog í mannvirki 2.		168
Kort 12. Mannvirki 1, 2 og 3 ásamt tilgátu um það hvernig veggir litu út.		174

1.0 Inngangur

Fornleifarannsókn hófst á lóð Lækjargötu 12 í apríl 2015 og lauk í nóvember sama ár.¹ Til stendur að reisa hótél á lóðinni sem afmarkast af Vonarstræti að sunnan, Lækjargötu að austan og Skólalbrú að norðan. Heimildir eru til um ýmis mannvirki sem stóðu á lóðum sitthvoru megin við bankabyggingu. Var því farið fram á að gerðir yrðu könnunarskurðir til að kanna umfang og eðli minjanna.² Íslandshótél, eigandi lóðarinnar og framkvæmdaraðili fól Fornleifastofnun Íslands að gera forkönnunina. Lóðinni var skipt í tvö rannsóknarsvæði, svæði A sem var norðan við hús Iðnaðarbankans (síðar Íslandsbanka), sem stóð meðan rannsóknin var gerð en hefur nú verið rífið, og svæði B sem var sunnan við þá byggingu. Í ljós kom að mannvistarlög voru í öllum könnunarskurðunum. Fór því Minjastofnun Íslands fram á fullnaðaruppgröft á báðum svæðum. Fornleifarannsókn á svæði A hófst 18. maí 2015 og lauk 14. ágúst sama ár, en fornleifarannsókn á svæði B hófst 21. september 2015 og lauk 24. nóvember sama ár. Að meðaltali unnu 6 fornleifafræðingar á svæði A og 4 til 5 á svæði B, þó stundum fleiri og stundum færri. Stjórnandi rannsóknar var Lísabet Guðmundsdóttir fornleifafræðingur en auk hennar sá Lilja Laufey Davíðsdóttir um skýrslugerð. Aðrir fornleifafræðingar sem komu að rannsókninni voru: Nikola Trbojević, Lilja Pálsdóttir, Jónas Haukdal, Hrönn Konráðsdóttir, Howell M. Roberts, Kevin Martin, Margrét Valmundsdóttir, Sólrún Inga Traustadóttir, Hermann Jakob Hjartarson, Þórdís Hermannsdóttir, Brenda Prehal, Dawn Mooney, Gísli Pálsson, Anna Hellgren, Guðrún Friðriksdóttir, Sant Mukh Khalsa og Barry Gordon. Guðrún Alda Gísladóttir sá um úrvinnslu og rannsókn á gripum. Vélgröfu stjórnaði Sverrir Gunnarsson og tengiliður framkvæmdaraðila var Þorkell Erlingsson auk Þorsteins Bergssonar. Ég vil þakka öllum þeim sem komu að rannsókninni á einn eða annan hátt, þar á meðal starfsfólki Minjastofnunar Íslands og Borgarsögusafns, fyrir gott samstarf.

Í upphafi rannsóknar var talið að eingöngu væri að finna minjar frá 18. og 19. öld á rannsóknarsvæðinu en þegar leið á uppgröftinn kom í ljós skáli frá 10. öld auk bygginga er tengdust honum á svæði B. Öll þessi víkingaaldarmannvirki höfðu orðið fyrir raski vegna framkvæmda á 19. og 20. öld. Á svæði A voru 4 mannvirki: Lækjargata 10a, Lækjarkot, mannvirki 20 og skálinn. Á svæði B voru mannvirki samtíða skála auk bygginga frá 19. og 20. öldinni en um þau verður fjallað í öðru bindi. Mannvistarleifum var skipt í fjögur

¹ Lóðir Lækjargötu 10 og 12 voru sameinaðar í eina lóð sem kallast nú Lækjargata 12

² Sjá: Lísabet Guðmundsdóttir. 2015. Könnunarskurðir á lóð Lækjargötu 10-12, Reykjavík. Greinagerð. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík

byggingarstig. Byggingarstig IV er yngst og nútímaminjar tilheyrðu því. Byggingarstig III er frá seinni hluta 19. aldar til 20. aldar, byggingarstig II nær frá lokum 18. aldar til seinni hluta 19. aldar og byggingarstig I frá landnámi til um það bil 1700. Rannsóknarnúmer er 201503-88 og safnnúmer Þjóðminjasafns Íslands er 2015-10.

2.0 Markmið og aðferðafræði


Upphafleg markmið rannsóknarinnar voru að rannsaka minjar frá 18. og 19. öld til fulls vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda. Rannsókninni var ætlað að kanna líf Reykvíkinga á þessu tímabili og bera mannvistarleifarnar saman við ritaðar heimildir. Þegar líða tók á rannsóknina varð ljóst að undir 18. og 19. aldar minjunum var eldra mannvirki sem reyndist vera frá 9. – 11. eða 12. öld. Við þá uppgötvun breyttust markmið rannsóknarinnar þar sem ekki höfðu fundist áður vísbendingar um byggð frá þessu tímabili í austanverðri Kvosinni. Rannsóknin hefur vakið upp margar spurningar, til dæmis: Hvenær hófst byggð á þessum stað og hversu lengi stóð hún? Hvers eðlis var hún og af hverju lagðist hún af? Rannsóknin miðar að því að finna svör við þessum spurningum og mörgum fleiri og í því samhengi hefur reynt nauðsynlegt að skoða þetta nýfundna bæjarstæði í samhengi við aðrar fornleifar í Kvosinni.

Við uppgröftinn var einingaraðferðin (e. single context recording) notuð.

Einingaraðferðin byggist á því að jarðlag er skilgreint út frá lit, áferð, efni og tegund. Til að mynda: torfveggur, stoðarhola, gólflög o.s.frv. Hver eining er mæld eða teiknuð, henni er gefið númer, hún ljósmynduð og henni lýst á þar til gerðum eyðublöðum. Við rannsóknina var Trimble-alstöð notuð til þess að mæla upp jarðlög og gripi en í vissum tilvikum voru einingar teiknaðar í höndum ef talin var þörf á. Gripir voru mældir inn í það mannvistarlag sem þeir fundust í. Þar með fékkst nákvæm staðsetning og hæð hvers grips yfir sjávarmáli. Allar mælingar voru í Isnet 93 hnitakerfinu. Við rannsókn á skálanum voru öll gólflög vatnssigtuð í gegnum 4 mm sigti. Tekin voru jarðvegssýni úr öllum gólflögum, til plöntu- og skordýragreininga. Skálabyggingunni var skipt í 1 m² reiti og voru tekin 10 l jarðvegssýni úr hverjum reit fyrir sig. Sýnatakan var með sama sniði og í uppgreftinum í Aðalstræti 14-16 svo að hægt væri að bera skálana tvo saman með skipulegum og nákvæmum hætti.

3.0 Fyrri rannsóknir


Í apríl 2015 voru þrjár könnunarskurðir grafnir á lóðinni og voru mannvistarlög í þeim öllum. Auk þess var gerð húsakönnun á reitnum sem afmarkast af Vonarstræti, Templarasundi, Kirkjutorgi, Skólabrú og Lækjargötu. Lækjargötulóðin er innan þessa reits. Í skýrslunni er farið yfir sögu reitsins og húsanna, bæði þeirra sem enn standa og þeirra sem eru horfin.³ Rannsóknarsvæðið er á lóð Lækjargötu 12. Reiturinn skiptist í tvö svæði, A og B. Á svæði A var bílastæði norðan við hús lðnaðabankans og sunnan við Lækjargötu 10 auk garðs sem tilheyrir lóð Skólabrúar 2. Svæði B er sunnan við hús lðnaðarbankans og var þar bílastæði á horni Lækjargötu og Vonarstrætis.



Kort 1. Afmörkun svæða A og B.

³ Sjá Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 2005. *Húsakönnun. Vonarstræti – Templarasund – Kirkjutorg – Skólabrú – Lækjargata*. Minjasafn Reykjavíkur. Reykjavík.

Rannsókn hófst á Lækjargötureitnum í apríl árið 2015 vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda. Elsta mannvirkið á reitnum sem ritaðar heimildir nefna er býlið Kirkjuból, síðar nefnt Lækjarkot, en það var reist árið 1799.⁴ Í samráði við Minjastofnun Íslands voru grafnir sex könnunarskurðir, þrjár skurðir norðan megin við bankahús (skurðir 100, 200 og 300) og þrjár sunnan megin við það (skurðir 400, 500 og 600).



Kort 2 Á kortinu má sjá staðsetningu skurðanna sem grafnir voru í apríl 2015.

Mannvistarlög fundust í öllum skurðum og vísbendingar um mannvirki í fjórum þeirra. Í skurði 200 komu í ljós þrjár steinhleðslur sem voru þá taldar tilheyrja Lækjarkoti en einnig sást torf með landnámslaginu í. Í skurði 400 var steinhleðsla sem talin var tilheyrja húsgrunni eða gömlum tjarnarbakka, í skurði 500 var steinhleðsla sem tilheyrði óþekktu mannvirki og í skurði 600 voru minjar Lækjargötu 12a.⁵ Minjastofnun Íslands setti fram þá kröfu að svæði A og B yrðu grafin til fulls.

⁴ Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 2005. bls. 11

⁵ Lísabet Guðmundsdóttir. 2015. bls. 12-13

4.0 Fornleifarannsókn

4.1 Aldursgreining mannvistarleifa

Minjunum við Lækjargötu hefur verið skipt niður í fjögur byggingarstig og innan elsta byggingarstigsins eru fjögur tímabil. (Sjá töflu 1). Mannvistarlögum var skipt í byggingarstig út frá þeim byggingarleifum sem þau tilheyrðu en tímabilin geta þó skarast að einhverju leyti. Á byggingarstigum IV-III eru minjar frá 18. öld til nútíma en byggingarstigi I tilheyra minjar frá víkingaöld. Minjum frá því tímabili var skipt í tímabil út frá þeim breytingum sem gerðar höfðu verið á mannvirkinu. Ekki var hægt að skilgreina hve lengi hvert tímabil varaði. Eingöngu var hægt að greina hvaða atburður, það er að segja breyting á húsinu var eldri eða yngri en annar. Aldursgreiningar byggja á kolefnisaldursgreiningum, gjóskulagafræði, gerðfræði gripa og jarðlagafræði (*stratigraphy*). Í stuttu máli hefst búseta í Lækjargötu mögulega áður en landnámslagið féll. Þær minjar tilheyra byggingarstigi I, fasa C og undirfasa 4. Skálinn var byggður eftir að landnámslagið féll á seinni hluta 9. aldar og tilheyra þær minjar byggingarstigi I og fasa C og undirfasa 3. Byggingarstigi I, fasa C, undirfasa 2 tilheyra minjar frá 10. öld en ekki var hægt að þrengja það tímabil frekar. Byggingarstigi I, fasa C, undirfasa 1 tilheyra minjar frá 10. öld til 11. aldar. Byggingarstig I, fasa C er ynsti fasi mannvirkisins er skálinn var stytur Byggingin brann, líklegast á 11. öld og eru brunaleifarnar byggingarstig I og fasa og hrun hússins að lokum tilheyrir byggingarstigi I, fasa B. Ofan á hrúni skálans voru byggingarleifar sem tilheyra byggingarstigi I og fasa A. Nánast engin jarðvegsþykknun var á milli skálans og byggingarstigs II en torfbærinn Lækjarkot (1799-1887) tilheyrir því. 18. til 19. aldar minjarnar lágu beint ofan á hrúni og brunaleifum skálans. Til byggingarstigs III teljast minjar tengdar timburhúsinu Lækjargötu 10a sem reist var árið 1887 og rífið 1977. Byggingarstig IV er yngst og því tilheyra yfirborðslög og rask vegna nútímaframkvæmda.

Tímaskeið	Byggingarstig/ Fasi	Tímabil*	Mannvirki
Nútími	IV	1978-2000	Bílastæði, garður.
Nútími	III	1887-1977	Lækjargata 10a.
Nútími Nýöld	II	18. -19. öld.	Kirkjuból/Lækjarkot.
Miðaldir	Ia	11. -12. öld.	Eftir bruna.
Miðaldir	Ib	11. -12. öld.	Bruni.

Víkingaöld	lc	U.p.b. mið 11.öld?	Yngsti fasi skálabyggingar.
Víkingaöld	lc1	Seinni hluti 10.aldar fram á 11.öld.	Yngsti fasi skálabyggingar 17x4-5 m að stærð. Vefstofa í suðurhluta skála. Útisvæði að sunnaverðu (áður útihús)
Víkingaöld	lc2	Eftir að LNL fellur e. Kr. 877+/-1.	Miðfasi skálabyggingar 22x4-5 m að stærð. Vefstofa suðurhluta skála og innangengt til útihúss að sunnanverðu.
Víkingaöld	lc1/c2	Eftir að LNL fellur e. Kr. 877+/-1 og eftir að skálinn rís.	Austursvæði. Útisvæði austan við skála, hellulagt, þró.
Víkingaöld	lc3	Eftir að LNL fellur AD 877+/-1. Seinni hluti 9. aldar til fyrri hluta þeirrar 10.	Elsti fasi skálabyggingar, varðveitt stærð 22x4-5 m. Fjós í suðurhluta skála.
Víkingaöld	lc3-c4	8.-9. öld.	Fyrstu merki um mannvist. Geislakolsaldursgreiningar á byggfræjum.

Tafla 1. Í töflunni hafa verið tekin saman byggingarstig og fasar ásamt útskýringum á þeim.

5.0 Byggingarstig IV

Tímabil: 1978-2000

Yfirborðslög og rask

Svæði A var tvískipt, að austanverðu var bílastæði en að vestanverðu var garðskiki sem stóð aðeins hærra í landinu. Steyptur veggur var á milli garðsins og bílastæðisins. Í fyrstu var eingöngu bílastæðið opnað. Yfirborðslag [100] samanstóð af malbiki, sandi og möl sem var rétt um 15 sm á þykkt og lá beint ofan á grunnni Lækjargötu 10a. Að vestanverðu var yfirborðslagið um 50 sm á þykkt og samanstóð af brúnni sendinni mold sem var laus í sér, líklegast jarðvegsfylling fyrir garðinn. Að vestanverðu var varðveisla góð og lítil röskun. Austar var skorið á minjarnar af skurði [217] sem gerður var fyrir ræsi og lagnir þeim tengdar. Lagnirnar lágu að brúnni sem var í SA horni svæðisins. Hafði stór hluti svæðisins orðið fyrir raski vegna þessarar framkvæmdar. Að sunnanverðu var svæðið skorið af grunnni lðnaðarbankans (Lækjargata 12) og hafði hann verið grafinn í gegnum öll mannvistarlög og vel niður í sjávarkambinn. Að norðanverðu var svæðinu raskað verulega þegar steinhúsið á lóð Lækjargötu 10 var byggt árið 1877-78 en það sem olli meiri eyðileggingu var þegar skipt var um jarðveg umhverfis húsið, ekki er vitað hvenær það var

gert en líklegast á seinni hluta 20. aldar. Þá var allt svæðið á milli Lækjargötu 10 og Skólabrúar 2 grafið niður í sjávarkambinn og allar minjar sem þar hafa verið fjarlægðar . Við byggingu Skólabrúar 2 var grafið í gegnum minjar Lækjarkots og skálaleifar að norðvestanverðu. Rétt sunnan við húshorn Lækjargötu 10 voru nokkur uppmoksturslög, [19], [1873], [10486], [10731], [29793], [32993] og [34950]. Talsvert af hnefastórum eldsprungnum steinum var í lögum [19] og [29793]. Því var í fyrstu talið að lögin hefðu myndast þegar rusli hafði verið kastað annaðhvort úr skálabyggingunni eða trogi [52]. Hins vegar reyndust lögin tilheyra nútíma uppmokstri þar sem hluti af plaströri fannst undir þeim. Þarna hefur verið grafinn skurður líklegast á sama tíma og jarðvegsskiptin áttu sér stað. Torfblönduðum jarðvegi, sem tilheyrði skála var síðan mokað ofan í skurðinn ásamt eldsprungnu grjóti.

6.0 Byggingarstig III

Tímabil: 1887-1977

Saga

Árið 1887 lét Þorsteinn Tómasson, eigandi Lækjargötu 10, rífa Lækjarkot og byggði í stað þess geymsluhús úr bindingi. Húsið brann árið 1891 og var endurbyggt árið 1892. Húsið var þá lengt um þrjár álnir og gert tvílyft. Árið 1898 endurbyggði Þorsteinn húsið á nýjan leik frá grunni. Eftir endurbygginguna var járnsmiðja á neðri hæð hússins en á efri hæðinni geymsluherbergi.⁶ Ýmis starfsemi var í húsinu þar til yfir lauk. Járnsmiðja var í því til 1935 auk fornbókaverslunar í kringum 1930. Árið 1941 var það leigt Almenna byggingarfélaginu hf. og húsnæðinu breytt í skrifstofuhúsnæði. Þegar Almenna byggingarfélagið fór úr húsinu var búið í því en síðast var þar bókaverslun Æskunnar eða þar til húsið var rifið árið 1977 og lóðin gerð að bílastæði árið eftir.⁷

⁶ Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 2005. bls. 15.


⁷ Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 2005. bls. 25 og 29.



Mynd 1 Vinstra megin á myndinni er Lækjargata 10a og hægra megin Lækjargata 10 sem enn stendur. Myndin er tekin í kringum 1900. (Ljós. óþekktur. Borgarsögusafn Reykjavíkur)

6.1 Lækjargata 10a - Húsgrunnur

Yfirborðslag [100], nánar tiltekið malbik, sandur og möl, lá beint ofan á húsgrunni Lækjargötu 10a. Hins vegar var austurhlið grunnsins horfin vegna síðari tíma framkvæmda. Lengd hússins var 7,4 m og varðveitt breidd grunnsins 6,2 m. Hins vegar hefur breidd hússins verið í kringum 9,5 m þar sem húsið náði að gangstéttarbrún Lækjargötumegin. Bak við húsið að vestanverðu var kjallari sem rætt verður frekar um í kafla 6.2. Að austanverðu var varðveittur ferningslaga niðurgröftur [242] sem í var fylling/púkk [256] sem samanstóð af grjóti, og var það raskað að austanverðu. Varðveitt lengd og breidd voru 1,8 x 1,5 m. Yngsta lagið sem tilheyrir byggingastigi III var lag [106] sem var móöskublandað ruslslag austan við kjallarann. Í laginu voru brennd bein, ryðgað járn, gler og flöskubotn. Undir lagi [106] var lag [115] sem náði yfir nánast allt mannvirkið að innanverðu. Lagið er hreyft og hefur verið jafnað út þegar timburhúsið



Kort 3. Húsgrunnur Lækjargötu 10a ásamt kjallara. Að austanverðu var niðurgroftur vegna ræsa og því vantar u.þ.b. þriðjung hússins. Húsið náði alveg upp að Lækjargötu í austri.



Mynd 2. Húsgrunnur Lækjargötu 10a, neðst á sést hvar grafið var í gegnum minjarnar vegna ræsissskurða. Norðan við skurðinn á myndinni er púkk [242] og að auki sést könnunarskurður 200 sem grafinn var í lok apríl 2015 (Mynd tekin í V)

var byggt. Húsgrunnurinn [10]/[12]/[13] var grafinn í gegnum þetta lag ásamt niðurgrefti [242] og niðurgrefti [820]. Niðurgroftur [820] var undir lagi [106] um 1 m austan við kjallarann. Fylling [831] var í niðurgrefti [820] sem samanstóð aðallega af ryðguðum járnþutum með óþekkt hlutverk ásamt hamri með varðveittu viðarskafti. Að sunnan- og vestanverðu við púkkið var hreyft ruslslag [2930] og var holan fyrir púkkið að hluta til skorin í gegnum það. Ruslalagið er þar af leiðandi eldra og gæti verið samtíða Lækjarkoti.

6.2 Lækjargata 10a - Kjallari

Vestan við húsgrunninn var hlaðinn kjallari. Hann var hlaðinn upp við húsið og að öllum líkindum skúr byggður yfir. Grafið hafði verið fyrir kjallaranum í gegnum eldri mannvistarlæg, niðurgroftur [9821]. Að utanmáli var hann 4 m á lengd og 2,4 m á breidd en að innanmáli 3,2 m á lengd og 1,6 m á breidd. Dýpt var 1 m. Þegar yfirborðslag [100] var fjarlægð komu í ljós steinhleðslur með tilhöggnu grjóti [11/37] ásamt niðurgrefti [9821] fyrir kjallarann. Búið var að fylla upp í kjallarann með grjóti, lag [36], og voru steinarnir flestir á milli 30 til 60 cm í þvermál. Fylling [36] lá ofan á þunnum ruslögum, ruslalagi [14898] sem var í vestari helmingi kjallarans og [16952]. Talsvert var af fiskibeinum og kolum í lögum ásamt gripum frá 20. öld. Lag [19878] var neðsta ruslalagið og náði yfir allt kjallaragólfíð sem var hellugólf

[38]. Mannvistarlögin sem kjallarinn hafði verið grafinn í gegnum voru aðallega blönduð ruslalög sem eru samtíða Lækjarkoti en einnig hafði verið grafið í gegnum efri hluta skálaveggjar en neðri hluti veggjarins var varðveittur undir kjallara.



Mynd 3. Lilja sópar gólf kjallarans í hinsta sinn.



Mynd 4. Kjallari Lækjargötu 10b. Á myndina vantar austurhluta hans en hann var fjarlægður áður en svæðið var stækkað til austurs. (Mynd tekin í N)

7.0 Byggingarstig II


(Tímabil: 18. – 19. öld)

Saga

7.1 Kirkjuból/Lækjarkot

Minjar tengdar Kirkjubóli/Lækjarkoti voru afar sundurleitar og var mjög lítið varðveitt af bænum. Heillegustu minjarnar eru hluti af vegghleðslu í norðvesturhorni svæðisins. Vegghleðsla [35] var hluti af norðurhlið kotsins sem var tveggja bursta torfbær. Veggurinn var 3.4 m á lengd og 1.5 m á breidd. Undir hleðslunni var malarlag [19466] sem kann að hafa verið dren fyrir vegginn eða fylling í dæld til þess að jafna undirlag veggjarins. Nánast ekkert torf var varðveitt í veggnum sjálfum. Veggir höfðu alfarið verið fjarlægðir en á vissum stöðum voru torfblönduð lög sem benda til þess að veggjum hafi verið rutt niður til jarðvegsjöfnunar þegar Lækjargata 10a var byggð. Lög [2759], [4799], [6023] og [26782]


tilheyra þeim atburði. Í og yfir lagi [6023] er steinaröð [21] sem liggur norður-suður. Hleðslan kann að vera röskuð eða færð til en miðað við staðsetningu virðist hún vera fyrir utan Lækjarkot, rétt sunnan við vegginn miðað við kort frá 1876.



Kort 4. Á kortinu hafa heillegustu minjar Lækjarkots verið lagðar ofan á kort Benedikts Gröndals og Sveins Sveinssonar frá árinu 1876 en einnig sést hvar hús sem stóðu 2015 eru í samhengi við minjarnar.

Á suðvesturhluta svæðisins voru blönduð móöskulög [21040] og [22562]. Þeim hafði verið raskað vegna kjallara Lækjargötu 10a og bankabyggingar en á þessu svæði eða í næsta nágrenni kann að hafa verið ruslahaugur frá kotinu. Blönduð móöskulög var einnig að finna

í undir syðri hluta mannvirkisins, sunnan við vegg [35] ásamt hringlaga niðurgrefti [4170]/fylling [4184]. Niðurgrefturinn var um 3-4 sm á dýpt. Fyllingin samanstóð aðallega af grábrúnni mold, mól og móösku ásamt gripum dæmigerðum fyrir fyrri hluta 19. aldar. Þarna kann að hafa verið sár eða tunna þó ekki sé það ótvírætt.



Kort 5. Á Kortinu má sjá varðveittar minjar Lækjarkots. Í norðri er vegghleðsla norður hluta mannvirkisins en í syðri hluta þess er niðurgreftur ásamt steinaröð [21]. Búið er að draga útlínur Lækjarkots eftir korti Benedikts Gröndals og Sveins Sveinssonar.



Mynd 5. Það sem varðveitt var af veggundirstöðum [35] Lækjarkots. (Mynd tekin í S)

Norðaustanmegin á svæðinu, norðaustan við rask [217] við Lækjargötu 10 voru blönduð ruslalög og móöskulög [3037], [26771], [26782] ásamt steinalagi [14]. Lögin voru hreyfð, vegna uppmoksturs og að auki var búið að raska svæðinu vegna nútíma framkvæmda til að mynda jarðvegsskipta og ræsisgerðar.


Líkt og áður hefur komið fram var afar lítið varðveitt af Lækjarkoti. Líklega hefur grjót úr veggjum verið nýtt í húsgrunn Lækjargötu 10a. Torfveggir höfðu verið fjarlægðir að mestu en einnig eru vísbendingar um að þeim hafi verið rutt niður til jarðvegsjöfnunar ásamt ruslalögum. Húsgrunnur og kjallari Lækjargötu 10a voru grafinn í gegnum þessi blönduðu lög.

8.0 Byggingarstig I

Skálinn við Lækinn

Á fyrstu vikum uppgrafter, eftir að röskuð lög vegna ræsissskurðar voru fjarlægð, sást torfveggur í sniði með þykkum landnámsgjóskulögum. Var hann undir lögum sem tengdust Lækjargötu 10a og þótti undarlegt að sjá landnámstorf svo grunnt í jörðu. Einhver skynsamleg skýring hlaut að vera á þessu og var sagt í meira gríni en alvöru að þarna væri kominn enn einn landnámsskálinn í Kvosinni. Þegar lokið var við uppgröft á minjum tengdum Lækjarkoti var ljóst að enn var af nógu að taka og að rannsókninni væri hvergi nærri lokið. Torf með landnámsgjóskunni í varð enn skýrara og gripir fundust sem hægt var að tengja við miðaldir fremur en 18. og 19. öld. Þessar minjar voru á stað þar sem ekki hafði verið búist við að búseta hefði hafist fyrr en á 18. öld. Meginbúsetukjarni landnámsbyggðar Reykjavíkur hafði fram að þessu verið talinn í vesturhluta Kvosarinnar þar sem nú mætast Aðalstræti, Suðurgata og Tjarnargata.⁸ Þessi rannsókn hefur breytt fyrri hugmyndum manna um þróun byggðar í Reykjavík og ljóst að hún var umfangsmeiri en áður var talið. Við rannsóknina var unnt að greina sex meginfasa og verður fjallað ítarlega um hvern fyrir sig í næstu köflum. Varðveitt lengd skálans sem í ljós kom var frá 17-23 m og breidd frá 4-5 m. Þrátt fyrir að búið væri að raska byggingunni víða, var ljóst að hún hafði verið notuð í talsverðan tíma og að henni hafði verið breytt og hún bætt oftar en einu sinni. Fjallað verður um elsta fasann fyrst og svo yngri fasana koll af kolli.

⁸ Orri Vésteinsson. 2006a. bls. 90




Kort 6. Á kortinu er svæðið sem var raskað vegna framkvæmda á 19. og 20. öld.

8.1 Fasi C3

c. 9. – 10. öld

Í fasa C3 var varðveitt lengd skálans 22 m og breidd 4,5 m syðst og 5 m nyrst. Í syðsta hluta skálans var fjós og var það undir yngra fjósi og vefstofu. Norðan við fjósið var meginrýmið þar hafa verið set og er gólf varðveitt fyrir miðju sunnan við eldstæði. Í miðgangi meginrýmis var moldargólf, mjög þykkt og víða þétt þar sem í yngri fösum var hellugólf [48]. Dyr voru að vestanverðu en talið er þær séu bakdyr. Fyrir miðjum skála var eldstæði í kverk á milli Lækjargötu 10 og Skólabrúar 2. Ekki er ljóst hvort eldstæðið og rýmið sem það var í hefur verið eins í gegnum alla fasana þrjá. Rýmið var verulega raskað og eldstæðið er ekki fullgrafið svo ekki var hægt að greina það frekar.


Lækjargata
Fasi C3



Kort 7. Elsti fasi skálans ásamt tilgátu um hvar torfveggir kunna að hafa verið. Grái liturinn táknar stoðarholur, pinnaholur og stoðarsteina

8.1.1 Torfveggir

Vesturlangveggur er heillegastur af veggjum byggingarinnar. Hann er í heild sinni 15 m á lengd og frá 1 m til 1,5 m á breidd. Veggnum hafði verið raskað vegna bankabyggingar og einnig vegna kjallara Lækjargötu 10a. Hæð veggjarins var hæst um 24 sm. Það sem varðveitt var af syðsta hluta veggjarins [21450] er 6,4 m á lengd og um 1 m á breidd. Steinaraðir voru við innbrún og ytribrún veggjar og var töluvert af smásteinum í torfinu sem var strenglaðið. Torfið var brún-gult með þykku landnámsgjóskulagi. Torfveggur [25095] var áþekkur vegg [21450] (syðri hluti vestur veggjar) á lit og uppbyggingu. Að utanverðu voru tvö umför af grjóti, grjótið var bæði lábarið og kantað, að innanverðu var einföld steinaröð.



Kort 8. Á kortinu má sjá torfveggi skálans sem tilheyra fasa C3

8.1.2 Stoðarholur og stoðarsteinar

Í elsta fasa skálans eru bæði stoðarholur og stoðarsteinar en en sums staðar hafa holur/stoðir verið færðar lítillega eða stoðarsteinar settir í staðinn í yngri fösum.

Stoðarholur skálans eru misjafnar að gerð en ekki er ljóst af hverju svo var. Við eldstæðið að vestanverðu var ein stærsta stoðarholan í skálanum. Stoðarhola [37445] var 0,82 m x 0,5 m, 0,2 m á dýpt og nánast ferningslaga. Í henni voru tvær fyllingar, [35203] og [37598]. Yngri fyllingin samanstóð aðallega af brenndu torfi sem hefur fallið í holuna við brunann og hefur því ekki verið stoð í fyllingunni við brunann. Í fyllingu [37598] voru steinar og hellur. Hellunum hefur upphaflega verið raðað í hliðar holunnar en steinum hlaðið upp við stoðina. Á milli steina var ljóst fitukennt efni eins og sást í gólfögunum í kring. Að auki


fannst eitt brýni í holunni. Um 1 m sunnan við holuna var stoðarhola [37424], sem var 50 sm á lengd, 30 sm á breidd og 15 sm á dýpt. Í holunni var fylling [37436] sem var auðmulin gulbrún siltmold. Ekki voru steinar í holunni eða kringum hana líkt og í holunum norðan og sunnan við. Um 1 m sunnan við stoðarholu [37424] var stoðarhola [37379], sem var 40 sm í þvermál og 27 sm á dýpt. Í henni var fylling [37585] sem í voru steinar og laus mold. Steinunum hafði að öllum líkindum verið hlaðið í kringum stoðina til halda henni stöðugri eða til að koma í veg fyrir fúa. Um 0,8 m sunnan við stoðarholu [37379] var hola [39605]. Ekki er ljóst hvort hún hefur verið stoðarhola en það er líklegt og að stoðin hafi verið færð yfir á stoðarstein sem var um 10 sm frá holunni.



Mynd 6. Stoðarholur upp við eldstæðið að vestanverðu. (Mynd tekin í NA)

Næsta stoðarhola var um 2,6 m sunnan við stoðarsteininn. Hún [19850] var 26 sm í þvermál og 30 sm á dýpt. Í fyllingu [19860] var laus mold ásamt steinum. Tveir stoðarsteinar voru tiltölulega nálægt holunni svo stoðin hefur verið færð yfir á annan hvorn stoðarsteininn. Um 1 m sunnan við stoðarholu [19850] var stoðarhola [26809]. Hún var 18

sm í þvermál og 13 sm á dýpt, og umhverfis hana voru steinar. Fylling [26800] var laus siltmold með kolaflekkjum. Stoðin sem þarna var hafði einnig verið flutt yfir á stoðarstein. Á svæðinu á milli fjóss og bekkjar var stoðarsteinn í miðjum skála svo að þar voru þrjár stoðarholur í röð en engin upp við vegginn líkt og annarsstaðar í skálanum. Stoðarholurnar að austanverðu hafa varðveist verr en að vestanverðu. Stoðarholurnar/stoðarsteinarnir sem hafa verið við eystri langvegg hafa eflaust horfið þegar grafið var fyrir lagnaskurðum. Gegnt stoðarholu [39605] voru nokkrar stoðarholur: [41109], [47907], og [47295] (yfir henni var stoðarsteinn), stoðarhola [47485], fylling [47474] auk stoðarsteina. Holurnar eru 20-30 sm í þvermál og um 20 sm á dýpt. Líklegast hafa orðið tilfærslur á stoðunum en annar möguleiki er að það hafi verið einhverskonar mannvirki í kringum gryfju [47783] og hluti holanna tengist því frekar en að þar hafi verið stoðir. Um 1 m norðan við holurnar og steinanna eru hellur [54]. Þær eru við raskaða svæðið við Lækjargötu 10 svo að illt er að ráða í samhengi þar, en þær gætu hafa verið stoðarsteinar þó að líklegra sé að þær hafi verið hluti af stétt. Rétt vestan við hellurnar er stoðarhola [43682] við suðurenda eldstæðisins. Hún var um 33 sm í þvermál og 15 sm á dýpt. Það eru ekki fleiri stoðarholur varðveittar austan eldstæðisins. Í elsta fasa skálans voru stoðarholur auk stoðarsteina en í yngri fösunum voru sífellt fleiri stoðir færðar upp á stoðarsteina. Þar sem setbekkir höfðu verið voru færri stoðarholur/steinar.




Kort 9. Á kortinu má sjá staðsetningu stoðarhola og pinnahola, sem eru svartar á lit ásamt stoðarsteinum sem eru gráir.

8.1.3 Fjós

Syðst í skálanum var fjós sem var nokkuð stærra en yngra fjósið sem rætt verður frekar um síðar. Varðveitt lengd fjóssins var 7,3 m og breidd var 5 m. Var það undir vefstofunni og yngra fjósi sem fjallað verður um í köflum 8.2.3 og 8.2.4. Syðst í fjósinu, undir stétt [31], sem tilheyrir fasa C2, að austanverðu var fokmoldarlag [30747], torflag [32790] ásamt brúngráu blönduðu lagi [31831]. Þessi lög lágu beint ofan á sjávarkambinum og virðast hafa verið jafnað undir húsið áður en það var byggt. Vestan við lögin voru heyrík taðlög [32232],

[32486], [32661] og [34586] auk kolalags [34885] sem virðist vera rusl og torfhrun [35024]. Torfhrunið var alveg syðst í fjósinu og hafði verið raskað við byggingu bankans. Það gæti bent til þess að suðurgafllinn hafi ekki verið langt frá en torfhrunið gæti einnig hafa lent þarna þegar skálinn var í byggingu.



Kort 10. Fjós í elsta fasa hússins. Fyrir miðju er flór ásamt lífrænum taðlögum en sunnan við þau eru blönduð lög ásamt tveimur stórum stoðarholum.

Eins og áður hefur komið fram var fjósið undir vefstofu. Þegar suðurgafllinn var fjarlægður kom í ljós taðlag [38135] sem var þétt og dökkbrúnt á lit. Undir því var svargrátt lag [38891] sem í voru heyleifar og einstaka bein auk hnefastórra steina og góflag [44739] sem lá ofan á landnámsgjóskunni. Sunnan við lag [38891] var annað dökkt og þétt lífrænt lag [39332], líklegast eru lög [38891] og [39332] sama lagið. Það var heyríkt taðlag en meginmunurinn á þessum tveimur lögum var að í hinu síðarnefnda voru svartar sótlinsur. Úrgangur úr eldstæði

virðist hafa verið losaður í fjósið inn á milli. Sem dæmi um það voru öskulög [45264] og [40596]. Öskulögin voru ljósbrúngrá með brenndum beinum í.

Upp við vesturvegginn voru sex pinnaholur í röð, [40176], [40171], [40165], [40157], [41321] og [41362]. Þær skáru lag [39332]. Holurnar eru 4-6 sm í þvermál og 10 til 20 sm á dýpt. Holurnar hallast og hafa þarna verið tjóðurhælar fyrir nautgripi.



Mynd 7. Upp við vegginn sjást pinnaholur [40176], [40171] og [40165] auk stoðarholu. (Mynd tekin í V)

Um 1,5 m frá vesturlangvegg var hellulagaður flór. Yfir honum var taðlag [40754], sem var leirkennt og lífrænt, þétt, stíft og brúnsvarrt á lit. Lagið var feitt en á stöku stað voru torflinsur með landnámslaginu í. Í austanverðu laginu voru nokkur illa varðveitt bein ásamt illa varðveittum viðarleifum. Að auki var talsvert af hnefastórum steinum í laginu og hljóta þeir að hafa endað í fjósinu þegar það fór úr notkun. Nyrst í laginu við inngang var pinnahola [41741] sem kann að tengjast dyraumbúnaði. Flórin sjálfur var 3.3 m á lengd og 1 m á breidd. Hann var niðurgrafinn, gerður úr flötum hellum sem margar hverjar voru vatnssorfnar, frá 0,5 til 0,8 m í þvermál. Á milli hellanna var hvítt þétt efni sem líktist hvað helst kísli en svo reyndist ekki vera og er talið að efnið sé fita.



Mynd 8. Á milli hellanna í flórnum má sjá hvíta efnið. (Mynd tekin í N)



Mynd 9. Hvítt efni úr flór.

Enn sem komið er hefur það ekki verið sent í efnagreiningu en efnið kann að vera mjólkurfita sem borist hefur í flórinn þegar mjólkað var. Torfveggir og taðlög ná lengra til suðurs en flórinn sjálfur. Því er ekki ljóst hvort þetta sé full lengd flórsins, hann gæti hafa náð lengra til suðurs.



Mynd 10. Flór í fjósi. (Mynd tekin í N)



Mynd 11. Skálinn í heild sinni undir lok uppgrafftar. Fyrir miðri mynd er flór fjóssins. (Mynd tekin í N)

Austanmegin við flórinn upp við eystri langvegg var torfhrun [42576] undir gólflagi [32842] sem tilheyrir fasa C2, sem bendir til þess að þurft hafi að gera við vegginn þegar hlutverk rýmisins breyttist. Lögin austan við flórinn voru ekki eins lífræn og taðrík og að vestanverðu fyrir utan lag [47950]. Það var hins vegar afar blandað og í því var aska, brennd og óbrennd bein, móaska og torflinsur. Það gæti bent til þess að lagið hafi myndast áður en fjósið var byggt. Hinn möguleikinn er að matarúrgangur hafi verið losaður í fjós og jafnvel að húsdýrum hafi verið gefnir matarafgangar, til að mynda svínum. Engin augljós merki voru að austanverðu um bása né syðst í fjósinu. Kýr hafa því getað verið að vestanverðu við flór en önnur húsdýr kunna að hafa verið laus í fjósinu. Austast í fjósinu voru tvö torfblönduð lög, [46925] og [47164]. Bæði kunna að tengjast byggingu fjóssins. Þau liggja beint ofan á landnámslaginu og því ólíklegt að um hrun sé að ræða, fremur torfleifar sem urðu eftir þegar veggir voru hlaðnir. Tvær stoðarholur voru syðst í rýminu. Þær voru mun stærri en aðrar stoðarholur í skálanum fyrir utan þær sem eru nyrst, við eldstæðið. Stoðarhola [47033] var vestanmegin í skálanum, 74 sm frá vesturlangvegg. Holan var 73 sm í þvermál og um 20

sm á dýpt, grafin niður í malarkambinn. Í holunni var fylling [47041] sem samanstóð aðallega af blönduðu torfi og grjóti. Um tveimur metrum suðaustan við stoðarholu [47033] var önnur áþekk stoðarhola, [46401]. Hún var 64 x 44 á lengd og breidd og 20 sm á dýpt, grafin niður í malarkambinn. Í stoðarholunni voru tvær mismunandi fyllingar, fylling [47009] sem var aðallega aska og fylling [47023]. Yfir holunni var stoðarsteinn ásamt hellum upp á rönd sem tilheyrðu fasa C2. Langveggirnir voru báðir raskaðir í þessum hluta skálans og takmarkar það möguleika á túlkun á uppbyggingu hans en í þessum stoðarholum hafa staðið þakberandi stoðir. Alls voru þrjár stoðarholur vestanmegin í fjósinu ([47855], [39703], [47033]) og fjórar að austanverðu ([46991], [44303], [46401]) auk stoðarholu sem var nokkurn veginn fyrir miðju [46972]. Holurnar voru frá 15 til 20 sm á í þvermál og 18 til 20 sm á dýpt. Ekki er ólíklegt að einhverjar stoðarholur eða stoðarsteinar hafi farið forgörðum þegar rýminu var breytt. Á milli fjóss og meginrýmis hefur verið þiljaður veggur. Veggurinn hefur staðið á hellum í gólflagi [41331] sem er afar frábrugðið lögunum í fjósinu og að auki fundust í því gripir. Stefna fjóssins er önnur en skálans og virðist mega ráða af stoðarholum að grind þess kunni að hafa verið öðruvísi en í skálabyggingunni sjálfri. Ekki er vitað hvar gengið var inn í fjósið, það er að segja hvort það var að austan- eða vestanverðu. Norðan við fjósið var meginrými skálans sem hélst nánast óbreytt frá fasa C1 til fasa C3.

8.1.4 Meginrými

Syðst í meginrýminu var gólflag [41331] þar sem kann að hafa verið skilrúm á milli fjóss og meginrýmis. Steinaröð liggur í gólfluginu þar sem stoðir kunna að hafa staðið. Hins vegar er gólfið þétt og því er mögulegt að skilrúm hafi verið norðar þar sem nánast engin gólflög eru varðveitt. Á því svæði var hins vegar ekkert sem benti til þess að þar hafi verið skilrúm. Norðan við gólflag [41331] voru afar fá gólflög og nánast engin lög sem hægt var að tengja við þennan fasa. Undir gólfi [41331] var laust blandað lag [46925] sem lá ofan á sjávarkambinum. Kolasalli var í laginu og torfskellur og er helst hægt að tengja það við byggingu skálans. Ekki er ljóst af hverju svo lítið er um að vera á þessu svæði, ef til vill hefur þarna staðið eitthvert húsgagn eða jafnvel timburgólf en ljóst er að á þessum stað hefur lítill umgangur verið. Þegar norðar dregur eru merki um annars konar notkun í húsinu. Í fasa C1 og C2 var hellulagt gólf í miðjum skála, á milli bekkja, en í elsta fasa skálans var moldargólf. Undir hellugólfi [48] sem tilheyrir yngri fösum var torflag [38954] sem í var talsvert af litlum til hnefastórum steinum, lag [55]. Það hefur verið lagt ofan á

moldargólfið til þess að jafna undirlagið áður en hellurnar voru lagðar. Undir torflaginu var gólflag [39260] með miklu af brenndum og óbrenndum beinum ásamt kolum og gripum. Þar á meðal voru tveir hnífar, krókur, perla og eldtinnaar. Undir gólflagi [39260] og [55] voru gólflög [41649], [41942], [42070], [42500], [42935], [42975]. Þau voru af misjöfnum toga, flest lítil en öll frábrugðin lögunum ofaná. Þau eiga það öll sameiginlegt að í þeim var mikið af beinum, bæði brenndum og óbrenndum, auk gripa. Þar undir var gólflag [43311] sem náði yfir stóran hluta gangsins í miðjum skála. Lagið var svarbrúnt á lit, misþétt en þéttast í miðju. Eins og í lögunum ofaná var mikið af beinum og gripum í þessu lagi, til að mynda perlur, snældusnúðar, brýni og járnaglar. Í gólfinu, aðallega að austanverðu, voru pinnaholur [44303], [44423], [44424], [44425], [44426], [44430], [44450] og [44451], en þær tengjast líklega bekkjum við eystri langvegg. Holurnar voru frá 5-7 sm í þvermál og flestar um 10 til 15 sm á dýpt. Í flestum þeirra var afar lítil fylling en annars laus ljósbrún mold.



**Mynd 12. Gólfag [43311]. Neðst á myndinni sést í steinalag [56].
(Mynd tekin í N)**

Sunnan við gólf [43311] var steinalag [56]. Hluti steinanna voru flatar hellur en að auki var þar lábarið grjót. Hellurnar voru líklegast stoðarsteinar en ekki er ljóst hvert hlutverk hinna steinanna var. Lög austan og vestan við gólf [43311] voru talsvert frábrugðin góflögunum í ganginum. Að vestanverðu voru lög [39242], [39624] og [38933] sem voru að hluta til ofan í dæld eða stoðarholu [39605]. Öll þessu lög voru laus í sér og því ljóst að á þessu svæði hefur ekki verið mikið gengið. Talið er að á þessu svæði kunni að hafa verið bekkir líkt og að austanverðu, gripir voru í lögunum og bein. Bygg úr lagi [38933] var aldursgreint

og reyndist það vera frá tímabilinu 772-905cal e.Kr. (75,6%) með tveimur sigma gildum.⁹ Lagið lá beint ofan á malarkambinum og er með elstu lögunum í skálanum. Austan við góflög í miðgangi skála voru mannvistarlög hvað þykkust að norðaustanverðu en þynnast út þegar sunnar dregur. Undir gólflagi [35982] í fasa C2, sem lá frá hellugólfi [48] að mögulegum inngangi á austurhlið, var gólflag [42395]. Það var torfblandað og kann torfið að hafa verið lagt ofan á gólfið til þess að jafna fyrir gólfið að inngangi á austurhlið. Talsvert var af beinum og gripum í laginu, til dæmis snældusnúður. Austan við gólf [42395] var gólf [45780] sem var kolalag á milli hellna við mögulegan inngang. Hellurnar voru lagðar ofan á torflag sem annað hvort var upphaflega veggur eða að þarna hefur verið jafnað undir hellurnar. Lagið var raskað að austanverðu vegna lagnaskurðar. Undir gólfi [42395] var gólflag [46537] sem lá upp að mögulegri soðholu [47783] og torfvegg [45805].



Mynd 13. 44 Fylling [45241] í holu. (Mynd tekin í NA)



Mynd 14. Eldsprungnir steinar í holu [47783]. (Mynd tekin í S)

Eins og gólf [42395] sem var ofan á [46537] var það raskað að norðanverðu vegna jarðvegsskipta við Lækjargötu 10. Þetta gólf liggur beint ofan á malarkambinum. Í því voru torflinsur ásamt kolum, beinum, móösku og sóti auk fjölda gripa. Hóla [47783] var upp við eystri langvegg. Hún var 0,57 m í þvermál, nánast hringlaga, hliðar voru lóðréttar og botn flatur. Í holunni var fylling [45241] sem samanstóð aðallega af stórum viðarkolamolum, blönduðu torfi og móösku. Í neðri hluta fyllingarinnar var mikið af beinum auk eldsprunginna steina. Það er því afar ólíklegt að hola hafi verið stoðarhola, miðað við fyllinguna þá virðist hún hafa verið lítil soðhola. Vestan við holu, á milli gólflags [43311] og

⁹ SUERC-73980

eldstæðis var sandlag [45302]. Það var frábrugðið öllum öðrum lögum á svæðinu að því leyti að það samanstóð eingöngu af sandi og voru engin mannvistarmerki í því þrátt fyrir það er talið að sandinum hafi verið komið fyrir af mannavöldum.




Mynd 15. Sandlag [45302] ásamt eldstæði. (Mynd tekin í N)

Undir því var hins vegar gólflag [46570] sem liggur ofan á malarkambinum. Það var svart á lit, frekar mjúkt og í því voru brennd og óbrennd bein auk sóts og kola. Annað hvort er þetta gólflag eitt af elstu gólflögum skálans eða það hefur verið búseta eða mannvirki á staðnum áður en skálinn var byggður. Þrjú koluð byggfræ úr laginu voru aldursgreind, tvö þeirra gáfu afar háan aldur, en landnámslagið var ekki *in situ* á þessu svæði. Niðurstaða geislakolsaldursgreininganna á fyrsta fræinu var 1255 ± 32 BP. Það eru 77,9% líkur á að fræið sé frá tímabilinu 672-779cal e.Kr. og 17,5% líkur á að það sé frá 790-869cal e.Kr.

miðað við tvö sigma gildi.¹⁰ Annað fræið bendir einnig til þess að þarna hafi verið eldri búseta/athafnasvæði, það er frá tímabilinu 664-776cal e.Kr. (77,9%) miðað við tvö sigma gildi og hið þriðja var frá tímabilinu 879-1014cal e.Kr. (95,4%).¹¹ Tvær aldursgreiningar gefa þann möguleika á að þarna hafi verið búseta eða athafnasvæði áður en skálinn var reistur hins vegar var þriðja fræið yngra og álíka gamalt og önnur byggfræ úr skálanum sem voru aldursgreind. Sunnan við gólflag [46570] og samtíða því var gólflag [46461] . Það er annað hvort eitt af elstu lögum skálans eða líkt og lag [46570] vísbending um búsetu eða athafnasvæði áður en skálinn var reistur. Það var laust í sér og lá beint ofan á malarkambinum. Byggfræ úr gólfinu var sent til aldursgreiningar en ekki reyndist nægilegt magn kolefnis til þess að fá úr því skorið hversu gamalt það var. Meginrými skálans tók ekki neinum afgerandi breytingum á milli fasa, stoðir voru færðar aðeins til en eru meira og minna á svipuðum stöðum og í fasa C2 (sjá kafla 8.2.5). Í stað hellugólfs var moldargólf. Það virðist hafa verið inngangur að austanverðu en ekki er hægt að segja það með fullri vissu þar sem svæðið var raskað.

¹⁰ SUERC-72384 (GU43233) Sjá viðauka IV

¹¹ SUERC-72384 (eldri aldursgreiningin) og SUERC-73981 (yngri aldursgreiningin)



Kort 11. Á kortinu má sjá hvar byggið fannst sem aldursgreint var ásamt staðsetningu brenndra steina í gólfi fyrir miðjum skála.


8.1.5 Eldstæði

Varðveitt lengd eldstæðisins var 5,2 m og breidd 1,1 m þar sem það var breiðast. Húsgrunnur Skólabrúar 2 hafði verið grafinn í gegnum eldstæðið svo að ekki er vitað hver upprunaleg lengd þess var. Það var gert úr flötum hellum en umhverfis eldstæðið voru hellur reistar upp á rönd. Á stöku stað voru þær fallnar og víða sáust för eftir steina sem höfðu verið fjarlægðir. Í syðri hluta eldstæðisins voru hellurnar heilar en í nyrðri hluta þess voru þær eldsprungnar. Ofan á eldstæðinu voru örfá mannvistarlög en lög frá 18. og 19. öld lágu nánast beint ofan á þeim. Móöskulög [26394] [26438] og [26699] lágu yfir eldstæðinu, lag [26394] var syðst í eldstæðinu og var bygg í því lagi. Um 50 cm norðan við fyrrnefnda lagið var móöskulag [26438], í því var einnig að finna bygg.



Mynd 16. Eldstæðið í skálanum, umhverfis það eru brunalög. (Mynd tekin í V)

Önnur mannvistarlög í eldstæðinu voru í norðurhluta þess. Undir móöskulagi [26699] var móöskulag [40474] sem innihélt talsvert af viðarkolaleifum. Lagið var yfir ljósu öskulagi [40579], líklegast viðarösku.



Kort 12. Teikning af eldstæðinu ásamt þeim lögum sem í því voru. Merkt hefur verið inná teikninguna hvar bygg fannst ásamt aldursgreiningu. (Kort: Lísabet Guðmundsdóttir)

Dökkir og fitukenndir blettir voru í viðaröskunni. Lagið var raskað að norðanverðu vegna Skólabrúar 2 og lagnaskurðar. Nyrst að austanverðu í eldstæðinu var dökk- rauðleitt og svart lag [40994], blönduð móaska og sót. Í því voru brennd bein, kol og smásteinar. Í norðausturenda eldstæðisins var lítil gróp, ferhyrnd, sem í var ljóst lag fitukennt. Í lögum [26394], [26438], [40994] og [40474] voru koluð byggfræ en þau var einnig að finna í gólflögunum í kring. Geislakolsaldur byggfræs úr lagi [40474] var 1115+-32 BP.¹² Með tveimur sigma gildum eru 1,5% líkur á því að fræið sé frá tímabilinu 778-790cal e.Kr., 1,0% líkur á því að fræið sé frá tímabilinu 828-840cal e.Kr. og 92,8% líkur á því að fræið sé frá tímabilinu 856-1015cal e.Kr. Niðurstaða aldursgreiningar á byggfræi úr gólflagi [38351] í sunnanverðum skála er áþekkt aldursgreiningunni á byggfræjum úr eldstæðinu og í báðum tilvikum benti hlutfall C13 til þess að áhrif sjávar valdi ekki skekkju í mælingu.¹³ Eldstæðið

¹² Sjá viðauka II

¹³ SUERC-72389 (GU43235) Sjá viðauka IV

var í notkun í gegnum öll byggingarstig skálans og það hefur enn ekki verið grafið upp þar sem farið var fram á varðveislu þess á sínum stað. Því gæti byggingarsaga þess verið flóknari og ekki víst hvort það hafi verið gert allt á sama tíma. Eins og áður hefur komið fram voru hellurnar að norðanverðu eldsprungnar og þar voru kola- og öskulög sem tengjast notkun þess. Eldur hefur þar af leiðandi brunnið mest og lengst í norðurhluta eldstæðisins en minna í suðurhluta. Austanmegin við eldstæðið voru pinnaholur [42565] og [42541] sem gætu bent til þess að einhvers konar útbúnaður hafi verið yfir eldstæðinu til þess að halda uppi pottum líkt og í Aðalstræti. Eldstæðið í skálanum í Aðalstræti var einnig óvenju stórt eða samtals 4,37 m að lengd að utanverðu og 1,07 m að breidd. Eldstæðið var sporöskjulaga, umhverfis voru flatar hellur reistar upp á rönd en í miðju eldstæðisins var stór flöt eldsprungin hella.¹⁴ Orri Vésteinsson fornleifafræðingur bendir á að engin þörf hafi getað verið á svo stóru eldstæði og telur hann að eldstæðið í heild sinni hafi eingöngu verið notað til hátíðabrigða eða „montgagn“.¹⁵ Staðsetning eldsprungnu hellnanna í eldstæðinu í Lækjargötu gæti stutt þá kenningu. Eldstæðið í skálanum í Lækjargötu er það stærsta sem fundist hefur á Íslandi og jafnvel víðar. Á Auðkúlu á Vestfjörðum var grafinn upp skáli árið 2017 með áþekku eldstæði. Eldstæðið var um 5 m á lengd og nánast eins uppbyggt. Flatar hellur í miðju og hellur reistar upp á rönd umhverfis.¹⁶

Í Færeyjum, nánar tiltekið á Tóftanesi og Gjógvará, hafa fundist eldstæði áþekk að stærð og lögun en þau voru um 4,5 m á lengd.¹⁷

8.1.6 Samantekt

Varðveitt lengd skálans í fasa C3 var 22 m og breidd var 4,5 – 5 m. Í suðurhluta hússins var fjós en varðveitt lengd og breidd þess var 4,5 x 7 m. Suðurgafi var ekki varðveittur. Flór var 3.3 m á lengd og 1 m á breidd og kann að hafa verið rúm fyrir 3 - 4 nautgripi að vestanverðu og sama að austanverðu. Að vestanverðu voru pinnaholur sem gætu hafa verið fyrir tjóður en þær fundust ekki að austanverðu sem gæti bent til þess að annað hvort

¹⁴ Roberts, H.M., 2001, 41-43

¹⁵ Orri Vésteinsson. 2006b. bls. 120

¹⁶ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2018. Munnleg heimild

¹⁷ Hansen, S.S. 2013. bls. 46

hafi önnur húsdýr verið þeim megin eða að holurnar hafi ekki varðveist sem ekki er ólíklegt. Þarna kunna því að hafa verið 6 til 8 kýr eða fleiri ef húsið náði lengra til suðurs. Norðan við fjósið var meginrými skálans. Í miðju hans voru þykk gólfög en meðfram langvegg voru gólfög þunn og laus í sér en samt sem áður var þar talsvert af gripum og beinum. Þar hafa verið set. Við norðausturvegg var hola sem var full af kolum og beinum og gæti hafa verið lítil soðhola. Meginrýmið var um 6 m á lengd og 5 m á breidd en ekki er vitað hvað fór fram syðst í því. Norðan við meginrýmið var eldstæði. Ekki er vitað hvort þiljað hafi verið á milli meginrýmis og eldstæðis en gólfögin í þessum tveimur húshlutum eru afar ólík. Ekki er ljóst hversu langur skálinn hefur verið en tilraun var gerð til þess að áætla stærð hans ef gert er ráð fyrir að eldstæðið hefur verið í miðju hússins. Þá má gera ráð fyrir að skálinn hafi getað verið 30 til 40 m á lengd.



Mynd 17. Á myndinni sjást þær leifar skálans sem enn eru varðveittar í Lækjargötu. (Mynd tekin í N)


8.2 Fasi C2

Tímabil: c. AD 10. til 11. öld

Í fasa C2 var varðveitt lengd skálans 22 m en breidd 4 m syðst og 5 m nyrst. Syðsta rýmið í skálanum, sem í fasa C3 var fjós, var á þessu stigi annað hvort lítið skepnuhús eða geymslurými og vefstofa. Á milli skepnuhúss og vefstofu var torfveggur og var innangengt á milli herbergjanna að austanverðu. Inngangur var að vestanverðu, rétt norðan við vefstofu. Í gangi eftir miðjum skála þar sem áður var moldargólf höfðu verið lagðar hellur. Að öllum líkindum var einnig inngangur inn í skálann að austanverðu. Utan við skála var stétt sem liggur að meintum inngangi.



Kort 13. Fasi C2.




Kort 14. Fasi C2.

8.2.1 Torfveggir

Í fasa C2 var fjósinu breytt annars vegar í skepnuhús og hins vegar í vefstofu. Veggur var hlaðinn á milli rýmanna og var innangengt á milli þeirra. Veggurinn var L-Laga, hlaðinn upp við langvegg að vestanverðu og sá veggur breikkaður og svo lá skilveggurinn að eystri langvegg. Upp við langvegg að vestanverðu var torfveggur [36924]. Veggur [36924] var strenghlaðinn með landnámsgjóskunni í en þegar neðar dró var talsvert af rusli, aðallega bein og blönduð mold í veggnum. Torfveggurinn var hlaðinn úr mismunandi torfi og þar af leiðandi var honum skipt niður í fleiri einingar. Undir torfi [36924] var torf [26059] sem var

brún-appelsínugult og gult. Fyrir neðan torf [26059] var veggurinn grjóthlaðinn [27824]. Í inngangi á milli vefstofu og skepnuhúss var gólflag [39639].



Kort 15. Á kortinu eru sýndir torfveggir sem tilheyra fasa C2. Flestir tilheyrðu einnig elsta fasa hússins en meginbreytingin er veggur í suðurhluta hússins.




Mynd 18. Innbrún suðurgafis [36924]. (Mynd tekin í S)

Eystri langveggur að sunnanverðu [21450] og norðanverðu [25095] tilheyrðu einnig fasa C3 ásamt torfvegg [45805] og [12279] að austanverðu svo að ekki verður frekar fjallað um þá í þessum kafla. Þess ber þó að geta að veggur [12279] tilheyrir að öllum líkindum ekki þessu byggingarstigi.

8.2.2 Stoðarholur og stoðarsteinar

Í þessum fasa eru fleiri stoðarsteinar í notkun en í fasa C3, skýringin er að öllum líkindum sú að stoðir hafi verið byrjaðar að fúna og þær því færðar upp á stoðarsteina þar sem þær héldust frekar þurrar og fúnuðu síður. Í syðsta rými skálans, skepnuhúsinu fannst eingöngu einn augljós stoðarsteinn (sjá kort 15). Steinninn var flatur og höfðu steinar verið reistir upp á rönd umhverfis hann fyrir nema að sunnanverðu var engin hella. (sjá mynd 19)



Kort 16. Stoðarholur og stoðarsteinar sem tilheyra fasa C2.



Mynd 19. Merkt hefur verið við stoðarstein í skepnuhúsi. Ekki fundust önnur ummerki um stoðir en mögulega stóðu þær á hellum sem ekki var hægt að greina frá básum né flór. (Mynd tekin í N)

Í vefstofu voru stoðir á stoðarsteinum. Þar voru einnig tvær holur, sem mögulega tengjast vefstað frekar en þakberandi stoðum. Pinnahola [34936], var um 30 cm norðan við suðurvegg. Holan var um 4 cm í þvermál og 3 cm á dýpt, fylling var torfblönduð með einstaka kolaleifum í. 70 cm austan við pinnaholuna var hola [35013], hún var 15 cm í þvermál, 4 cm á dýpt og var aðeins ílöng að lögun. Í holunni voru varðveittar viðarleifar sem ekki hafa verið greindar. Svo virðist sem að stoðir hafi staðið upp við langveggi, útstafir, og tvær stoðir í miðjum skála, innstafir. Húsið kann því að hafa verið svokallað þríasa hús. Rétt norðan við steinaröð [49] var stoðarhola [40683] og hefur hún getað tilheyrt innstöfum að austanverðu. Holan var 15 cm í þvermál, 23 cm á dýpt, ílöng og hallar örlítið til suðausturs. Fylling [40693] var grábrún á lit með koladreif í, sérstaklega efst en einsleitari þegar neðar dróg. Norðan við inngang að vestanverðu var stoðarhola [40409] sem hefur tilheyrt útstöfum. Holan var 18 cm í þvermál og 21 cm á dýpt, í botni var flatur steinn sem stoðin hefur staðið ofan á. Fylling [40419] var í holunni og samanstóð hún aðallega af móösku eða það sem líklegra er brenndu torfi. Um 1 m norðan við holu [40409] var stoðarhola [19850] sú stoð var að öllum líkindum færð upp á stoðarstein en ekki er ljóst á hvaða tímabili það hefur átt sér stað. Holan var 26 cm í þvermál og 30 cm á dýpt. Fylling [19860] í holunni var laus í sér, brúnt silt ásamt steinum. Engar stoðarholur voru greinanlegar í miðjum skála en rétt norðan við gólf [48] voru stoðarholur, [47684] sem hefur verið í inngangi hússins, [41109] innstafir að austanverðu og [34131] innstafir að vestanverðu. Norðan við stoð [34131] voru þrjár stoðarholur sem voru talsvert stærri en aðrar stoðir í skálanum auk þess sem í þeim var grjótfylling, það eru stoðarholur [37379], [37424] og [37445]. Þessar þrjár holur virðast tilheyra öllum fösnum skálans. Þessar stoðir hafa allar tilheyrt innstöfum að vestanverðu. Að austanverðu var ein stoðarhola greinanleg,

hola [43682] ásamt pinnaholu [42997]. Hola [43682] hefur tilheyrt innstaf en hvað hefur staðið í pinnaholunni er ekki vitað.

8.2.3 Skepnuhús


Eins og áður hefur komið fram var annaðhvort skepnuhús eða geymsla syðst í skálanum á þessu tímabili en talið er líklegra að um skepnuhús hafi verið að ræða vegna taðlaga sem þar voru. Varðveitt lengd rýmisins var 4,8 m og breidd 5 m en búið var að grafa í gegnum mannvirkið að sunnanverðu þegar bankabyggingin var reistað svo ekki er vitað hversu langt það náði til suðurs. Vesturlangveggur [21450], sem einnig tilheyrði eldra fjósi, var rétt um 5 cm á þykkt þar sem grafið hafði verið nánast í gegnum hann þegar grafið var fyrir kjallara við timburhús Lækjargötu 10a en slitur af veggnum voru varðveittar. Hann nær frá húsgrunni bankabyggingar í suðri að inngangi inn í skálann í norðri. Lengd veggjarins var 6 m en í suðri var hann rétt um 0,5 m á breidd og um 1 m í norðri. Talsvert var af grjóti í torfinu og var steinaröð meðfram veggnum að utanverðu. Líklegast hefur grjót verið fjarlæggt úr veggnum þegar hætt var að nota þetta rými en það kann einnig að hafa verið fjarlæggt þegar kjallarinn var gerður. Torfið var rauðbrúnt og var landnámsgjóska í veggnum sem var strenghlaðinn líkt og aðrir veggir skálans. Smá brot af langveggnum að austanverðu var varðveitt en hann var verulega illa farinn vegna lagnaskurðar og að öllum líkindum hefur stór hluti hans verið fjarlægður þegar hætt var að nota rýmið, þar sem stétt [24] var að nokkru ofan á veggnum. Torfveggur [12770] var áþekkur vegg [21450] að áferð og lit, varðveitt lengd var 2,3 m og breidd 0,7 m, þykkt var um 4 sm. Undir stétt [24] og grjótröð [27] sem tilheyrðu fasa C1 voru torfblönduð lög [11699], [12490], og [12679] undir þeim var stétt [31] og steinar [32]. Stéttin var upp við austurvegg og var 2,1 m á lengd og 1,7 m á breidd. Steinarnir voru sumir hverjir flatir en aðrir frekar kantaðir og hún þannig ólík öðrum stéttum og óhentug til að ganga á og því virðist það ekki hafa verið tilgangurinn.



Kort 17. Á kortinu má sjá staðsetningu bása og flórs í skepnuhúsinu syðst í skálanum.



Mynd 20. Loftmynd af skepnuhúsi. (Mynd tekin í N).



Mynd 21. Skepnuhús ásamt suðurgafli. (Mynd tekin í N).

Ef um skepnuhús var að ræða kann hey að hafa verið geymt á þessum stað. Syðst í herberginu voru tveir hellulagðir básar sem sneru í N-S, bás [34b] að austanverðu og [34a] að vestanverðu. Bás [34a] var 1,8 m á lengd og 1 m á breidd en bás [34b] var 1,6 m á lengd og 1 m á breidd. Nyrstu hellurnar í básunum stóðu ögn hærra en hinar hellurnar. Upp við básana að norðanverðu var flór [33], hann var 5,1 m á lengd og um 1 m á breidd. Á milli stéttar og bás [34b] var torflag [29889] sem kann að hafa verið skilveggur þar á milli. Vestan við torflag [29889] og stétt [31]. Meginrökin fyrir því að rýmið hafi verið skepnuhús eru lögin sem voru í stétt/flór [33] og að hluta til náðu þau yfir básana. Lag [20943] var dökkbrúnt, þétt og lífrænt, hægt var að greina hey í laginu. Flórin liggur aðeins austar en veggjarbrot [12770] að austanverðu og þar kann að hafa verið inngangur inn í fjósið sem hægt hefur verið að moka skít út um. Úr fjósinu var hægt að ganga inn í vefstofu en dyr voru á eystri enda suðurgafli.

8.2.4 Vefstofa

Norðan við skepnuhús var vefstofa, hún var 4 m á breidd og um 2,3 m á lengd. Var hún að nokkru yfir elsta fjósi hússins. Tvö gólfög voru í herberginu, gólfag [31842] og [39639]. Á milli skepnuhúss og vefstaðar voru dyr að austanverðu og náði gólfag [31842] að hluta til í gegnum dyrnar. Gólfíð var dökkt og þétt og náði yfir allt herbergið. Gólfag [39639] sem var vestanmegin í herberginu samanstóð nánast eingöngu af brenndum beinum ásamt dökkbrúnni þétri gólfskán, sem í var viðaraska. Nokkrir kljásteynar fundust að auki í laginu.

Rétt norðan við vefstofu að vestanverðu var inngangur inn í skálann, í inngangi var gólflag [40208] í því voru vikursteinar sem augljóslega höfðu verið notaðir. Gólfið var mjög þétt og troðið, í því voru kol og brennd bein auk grænnar perlu.



Mynd 22. Inngangur að vestanverðu, unnið er að því að fjarlægja fyllingu [12565] úr innganginum. (Mynd tekin í A).




Mynd 23. Vikur sem fannst í inngangi. Fundarnúmer: 338.

8.2.5 Meginrými og eldstæði

Norðan við gólflag [32842] var steinaröð [49] en þar er talið að veggur hafi staðið á milli vefstofu og meginrýmis. Góflög [38381] og [38413] voru norðan við steinaröð [49] þau voru þunn og laus í sér en á milli þeirra var gólflag [38351] sem var dökkt og þétt. Kolað byggfræ var aldursgreint úr lagi [38351] og bendir aldursgreining til þess að það sé frá 10. öld.¹⁸

¹⁸ SUERC-72385 (GU43234) Sjá Viðauka IV



Kort 18. Gólflog í fasa C2 ásamt aldursgreiningum.

Gólfslag [38351] lá upp að hellulögðu gólfi [48] sem var í miðskipi skálans. Hellugólf [48] var 3 m á lengd og 0,8 m á breidd. Að norðanverðu lá gólfið einnig til austurs í átt að stétt [50] sem var utan skála. Á milli eystri langveggjar og hellugólfs [48] var gólfslag [35810]. Það var brúngrátt, afar laust í sér en í því var mikið af beinum og gripum. Þar yfir hefur verið set úr timbri og virðist beinum, gripum og eldsprungnum steinum hafa verið sópað undir setið. Dæmi um gripi sem fundust voru perlur, steinn úr grænu líparíti sem augljóslega var slípaður, naglar, auk annarra járngripa.



Mynd 24. Steingripur (F:263) sem fannst í gólflagi [35810] úr grænu líparíti sem kann að vera mót. (Mynd tekin í A)



Mynd 25. Hellulögn í gólfi [35810]. (Mynd tekin í A)

Undir gólflaginu var hellulögn (sjá mynd 21) en hún kann að hafa verið til stuðnings við stoðir undir setinu og jafnvel þakberandi stoðir. Brenndar viðarfjalir varðveittust í laginu og hafa þær tilheyrt setinu. Norðan við gólf [35810] var gólflag [35982], sem var þétt, dökkbrún-appelsínugult og grænt á lit með torfsneplum í. Það náði frá hellugólfi [48] að austurvegg. Hann var raskaður á þessum stað en þarna kann að hafa verið inngangur inn í skálann. Tvær hellur voru austan við lagið og að auki beygir hellugólf [48] til austurs að inngangi þeim sem þarna hefur líklega verið.



Mynd 26. Hellugólf [48] sést vinstra megin á myndinni en fyrir miðju er gólf [35982]

Milli stéttar [50] og gólflags var raskað og þar af leiðandi var ekki hægt að greina hvort þarna hafi verið inngangur þó að það verði að teljast afar líklegt. Vestan við hellugólf voru gólflög [20265], [27018], [31957] og [37219]. Á þessu svæði hallar landinu til norðurs og einnig er möguleiki að mannvirkið sé að hluta til niðurgrafið. Gólfögin voru flest laus í sér líkt og að austanverðu og því er talið að þar hafi einnig verið set. Meðfram vesturvegg voru stoðarsteinarnir sjö talsins og var 1 m til 1,7 m á milli þeirra en stoðarholurnar voru tvær. Upp við hellugólf [48] voru þrjú stoðarsteinar svo að það voru tvær raðir þakberandi stoða, sín hvormu megin við hellugólfið. Norðan við hellugólf [48] var brennd viðarfjöl og gólflög [38445] sem lá frá fyrrnefnda gólfinu að eldstæðinu. Í gólfi [38445] fannst silfurpeningur. Að sögn Antons Holt er peningurinn enskur minnispeningur St. Edmund sem sleginn var á tímabilinu 895-917/918.¹⁹

¹⁹ Guðrún Alda Gísladóttir. 2018. (Sjá viðauka xx)



Mynd 27. Gólflag [38445]. (Mynd tekin í N).



Mynd 28. Silfurmynt (F:289) sem fannst í gólflagi [38445].

Auk þess fannst í sama gólflagi tinna, klébergsbrot og dýrabein. Beggja vegna við eldstæðið voru gólflög sem voru frábrugðin öðrum gólflögum í skálanum. Að austanverðu var gólflag [31369] og að vestanverðu gólflög [34829] og [38778] sem voru bleik-appelsínugul á lit með gulbrúnum frekar leirkenndum linsum. Gólfin voru frekar laus í sér og lágu beint ofan á malarkambinum.



Mynd 29. Á myndinni sést drapplitað lag [31369], sem er austan við eldstæðið. (Mynd tekin í S)



Mynd 30. Nærmynd af gólfi [31369]. (Mynd tekin í S)

Á þessu svæði hafði orðið verulegt rask vegna jarðvegsskipta við Lækjargötu 10 að austanverðu og vegna Skólalbrúar 2. Talsvert af brenndum beinum var í lagi [31369] auk nagla og tinnubrots. Undir gólfunum að vestanverðu var þunnt gólfslag [39834] sem þynnist til norðurs og liggur ofan á malarkambinum. Nyrst í mannvirkinu var eldstæði [53]. Fjallað verður frekar um eldstæðið í kafla 8.5. Meginrýmið ásamt eldstæði er eins í fasa C2 og C1 þó eflaust hafi verið smávægilegar breytingar á milli fasanna þó að þær hafi vekki komið greinilega fram við rannsóknina.



Mynd 31. Á myndinni sést skepnuhús í suðri (neðst á myndinni) auk vefstofu, brunalög höfðu enn ekki verið fjarlægð. (Mynd tekin í N).

8.2.6 Samantekt

Í sunnanverðum skála var skepnuhús með tveimur básum, ef til vill fyrir tvær mjólkurkýr þó ekki sé hægt að fullyrða það. Í skálanum í Aðalstræti voru vísbendingar um að skepnur hafi verið innandyra, annað hvort kindur eða geitur, básar voru í norðvesturhluta hússins.²⁰ Við austurenda suðurgafis var innangengt í vefstofuna en talið er að vefstaðurinn kunni að hafa

²⁰ Roberts. H.M. 2004. bls. 86

verið við suðurgafinn. Við enda vefstofunnar að vestanverðu var inngangur. Sitt hvorum megin við hann voru tveir afar stórir steinar. Norðan við vefstaðinn var meginrýmið, bekkir voru að austanverðu og vestanverðu en ekki mjög greinilegir. Í því rými hefur líklega verið unnið og borðað. Norðan við meginrýmið var eldstæðið. Austan við skálann voru stéttir ásamt ferhyrndu trogi sem fjallað verður nánar um í næsta kafla.

8.3 Fasi C1/C2 Austursvæði

Svæði austan við skála.


Tímabil: 10 til 19. öld

Austan við skálann voru hellulagðar stéttir ásamt hlöðnu ferhyrndu trogi. Ekki var hægt að greina hvort stéttirnar væru úr viðbyggingu við skálann eða athafnasvæði utandyra. Svæðið var skert að norðan-, sunnan- og vestanverðu vegna nútímaframkvæmda en að austanverðu voru mörk uppgrftar. Stærð svæðisins er 6,6m x 5m. Yfir minjunum var yfirborðslag [100] sem var þykkt og móöskublandað lag og í því gripir frá 19.-20. öld. Undir yfirborðslaginu voru lög [3531], [3152], [3185], [3617], [27811] og [21024]. Lögin voru öll blönduð en af misjöfnum toga, flest voru þau rótuð vegna nútíma framkvæmda. Lag [21024] var við mörk uppgrftar að austanverðu og fer undir gangstétt. Lagið var blandað og var í því talsvert af grjóti og beinum og var eitt þeirra greint sem stórt landspendýr. Lag [3531] var torfblandað með landnámsgjósku í torfi og var vestan við stétt [15]. Torfblönduðu lögin ofan á stéttunum gætu bent til þess að þar hafi verið torfveggir og þar af leiðandi viðbygging. Einnig kemur til greina að umhverfis svæðið hafi verið hlaðinn torfgarður þar sem engar stoðarholur fundust. Lag [3185] var einnig með landnámstorfi í en þó eingöngu skellur í svartri mýrareðju. Undir blönduðu lögunum var mikill fjöldi eldsprunginna steina, lög [10486], [22896] og [27039]. Steinahrúga [10486] var upp við eystri langvegg skálans og voru steinarnir í henni flestir ef ekki allir eldsprungnir. Þetta svæði var skert vegna skurðar sem gerður var á 20. öldinni svo að steinarnir hafa að öllum líkindum verið hreyfðir þá. Steinalag [22896] var austan við stétt [15] og suðaustan við trog. Yfir stétt [52] og að nokkru yfir troginu var lag [27039] með steinum sem voru flestir 10-15 sm í þvermál, vatnssorfnir og eldsprungnir.

8.3.1 Stétt [15]/[50]

Tímabil: 10. – 12. öld

Stétt [15] liggur frá stétt [50] til suðurs. Á milli stéttanna var op sem í var vatnssorfið grjót en ekki er ljóst hvort það var síðari tíma rask. Líklegast hefur verið hella á milli stéttanna tveggja og þær því í raun ein og sama stéttin. Stétt [15] er 3 m á lengd og 3,6 m á breidd.



Kort 19. Stétt [15]/[50] austan við skála ásamt trogi [52].

Meginhluti stéttarinnar liggur til NNA að stétt [50] og var um 0,8 m á breidd. Sá hluti stéttarinnar samanstóð af flötum hellum sem var raðað vendilega á undirlagið. Austanmegin við stéttina var grjóti og hellum raðað ásamt einni flennistórri hellu sem var 1,8 m á lengd og 1 m á breidd. Henni hafði verið haganlega komið fyrir af mannavöldum. Vestan við aðalstéttina var steinaröð [32993] sem kann að hafa verið hluti af ytri veggjarbrún skálans. Steinarnir voru flatir og lábarðir og lágu þeir beint ofan á landnámslaginu.



Mynd 32. Lisabet og Jónas standa ofan á stétt [15] og velta framhaldinu fyrir sér. Allar hellur voru settar í fiskikör og geymdar þar til þær verða settar niður á nýjan leik í sýningu sem verður tileinkuð minjunum. (Mynd tekin í N).

Stétt [50] liggur frá skálanum að troginu, stéttin er 2,6 m á lengd og er mesta breidd 1,6 m. Stéttin er skert af húsgrunni við Lækjargötu 10. Tengsl á milli stéttar og skála eru einnig horfin að vestanverðu vegna nútímaframkvæmda. Stétt [50] var ofan á fyllingu [30918]/[32638] sem samanstendur af steinum, bæði lárörðum og köntuðum. Steinarnir

voru flestir um 15-20 sm í þvermál. Fyllingin var ofan í skurði [34991] sem var um 1 m á breidd og 3 m á lengd og um 30 sm á dýpt og liggur til austurs-vesturs. Skurðurinn hafði verið grafinn niður í malarkambinn og hefur tilgangurinn eflaust verið að halda svæðinu þurru og þá sérstaklega við langvegg skálans en ekki hefur verið gott ef vatn hefur sífelld seytlað upp við hann. Stétt [50] ásamt ræsi lá upp að trogi [52] og hefur ræsið verið gert til þess að koma í veg fyrir að svæðið yrði að drullusvaði.



Mynd 33. Stétt [50] sem liggur frá skála að trogi [52]. Neðst á myndinni sést hvar stéttinni hefur verið raskað. (Mynd tekin í A).

8.3.2 Trog

Mannvirki [52] er trog byggt úr 5 hellum reistum upp á rönd. Í hornum voru smærri steinar og inn á milli var leirríkt siltlag. Í botni trogsins voru tvær hellur ásamt smærri steinum á milli.

Trogið var 78 sm á lengd, 55 sm á breidd og um 30-35 sm á dýpt. Ofan í því var lag [30892] og var efsti hluti þess moldarkenndur og brúnleitur, líklegast fokmold. Undir þessum efsta hluta lagsins var torf með grænum og gulum flekkjum ásamt eldsprungnum steinum. Því næst var talsvert af mjúkum beinum og gráleit aska og sótt. Í allt voru um 20 l af eldsprungnu grjóti í laginu.



Kort 20. Trog [52] ásamt stétt austan við skála.

Steinarnir voru frá 10 til 15 sm í þvermál og vatnssorfir. Þeir benda til þess að vatn hafi verið hitað í ílátinu og mögulega kjöt soðið.



Mynd 34. Trog [52], fylling hefur verið fjarlægð til hálf. (Mynd tekin í SA).



Mynd 35. Fylling hefur verið fjarlægð og eldsprungið grjót sést efst á myndinni. (Mynd tekin í A).

Í rannsókn Else Nordahl í Suðurgötu fannst svipað trog í sofnhúsi og var í því um 4,5 kg af byggi auk þess fræ af öðrum plöntum.²¹ Álíka trog fannst einnig í Tjarnargötu 4 árið 1944. Matthías Þórðarson kallar það eldstó og var það grafið ofan í sjávarkambinn. Það var ferhyrnt, um 39 x 46 sm að stærð að innan og 36 sm að dýpt, sett saman af fjórum hellum með hellum í botni. Matthías telur að eldstóna hafa verið gerða til þess að fela eld að næturlagi.²² Á Alþingisreitnum fannst einnig áþekkt trog, eldstæði [50], það var 80 sm á lengd, 60 sm á breidd og um 78 sm djúpt. Fylling þess var öðru vísi en í troginu í Lækjargötu. Hún samanstóð aðallega af mismunandi móöskulögum en að auki var töluvert af koluðu byggi og telur Vala Garðarsdóttir, fornleifafræðingur að þarna hafi farið fram kornþurrkun, bruggun og jafnvel bakstur.²³ Í Lækjargötu verður að teljast líklegast að vatn hafi verið hitað í troginu með heitum steinum til að mynda vegna bruggunar. En það þekkist víða í Evrópu þar á meðal í Noregi.²⁴ En aðrir möguleikar eru fyrir hendi eins og venjulegt eldstæði. Trogin eða eldstæðin kunna að hafa verið notuð við ýmis verk og byggist túlkun ætíð á þeim fyllingum sem til staðar eru. Það verður að teljast líklegt að ílátin hafi að jafnaði verið tæmd eftir notkun og því byggist túlkun eingöngu á því sem varðveitt er eftir þá síðustu. Hafa ber

²¹ Nordahl. Else, 1988. bls. 103

²² Matthías Þórðarson, 1944. bls. 22 og 28

²³ Vala Garðarsdóttir. 2012. Bls. 41

²⁴ Grønnesby G., 2017. bls. 146

í huga að notkun kann að hafa verið mun fjölbreyttari. Trogið við skálann í Lækjargötu er enn varðveitt á sínum stað og verður hluti af sýningu sem tileinkuð verður minjunum á staðnum.

8.3.3 Austan við stétt og trog

Austan við stétt [50] og trogið [52] var blandað rusla- og torflag [24187], lagið var gulbrúnt til dökkbrúnt á lit, þétt með miklu af kolum, brenndum beinum og eldsprungnum steinum. Í laginu voru einnig móöskuflekkir. Undir lagi [24187] var blandað lag [32832], það var dökkt og þétt, leirríkt með kolaflekkjum í. Að norðanverðu var lagið skorið af grunni við Lækjargötu 10 og að austanverðu fer lagið undir gangstétt við Lækjargötu. Lagið liggur ofan á landnámslaginu. Á þessu svæði byrjar malarkamburinn að lækka til austurs og bera þessi lög með sér að þarna virðist hafa verið nokkuð blautt enda lækurinn skammt frá. Lögin á þessu svæði benda til þess að stétt og trog hafi verið utandyra.


8.3.4 Samantekt

Svæðið austan við skála eru stétt [50]/[15] sem liggur að trogi [52]. Mögulegt er að inngangur inn í skála hafi verið við enda stéttar [50] og því stutt að fara með heita steina á milli eldstæðis og trogs. Hins vegar er svæðið á milli stéttar og skála raskað vegna nútímaframkvæmda. Mannvistarlög innan skála bentu ekki til þess að þarna hefði verið inngangur en ekki er hægt að útiloka að svo hafi verið. Þrátt fyrir að þetta útsvæði sé illa leikið af raski er ljóst að vandað hefur verið til þess. Hellum í stéttum var vel raðað og mikið fyrir því haft að draga stærstu helluna á sinn stað. Undir stétt [15]/[50] var ræsi til að veita vatni frá skálanum og þar með koma í veg fyrir að vatn bærisk inn í eða upp að skálabyggingunni. Í suðri er svæðið skorið af ræsissturði. Mögulegt er að stétt hafi verið meðfram öllum skálanum að austanverðu. Trogið var gert úr hellum sem reistar voru upp á rönd og voru hellur í botni. Í troginu sjálfu voru yfir 20 l af eldsprungnu grjóti. Auk þess var mikið af eldsprungnu grjóti á svæðinu umhverfis trogið. Svæðið var samtíða fasa C2 og C1 en virðist ekki hafa verið tilkomið þegar skálinn var upphaflega byggður. Rökin fyrir því eru að brot af torfvegg sem tilheyrir fasa C3 var undir stéttinni og þar sem talið er að hafi verið inngangur síðar meir. Að auki voru mannvistarleifar eins og stoðarhola og eldunarhola beint fyrir framan stétt [15]/[50] og þar af leiðandi var ekki inngangur á þessum stað í elsta fasa hússins. Það bendir til þess að austursvæðið hafi byggst upp samtíða fasa C2 og C1 en ekki C3.


8.4 Fasi C1

Tímabil: 11. öld

Fasi C1 er yngsti fasi skálans, á því tímabili er varðveitt lengd skálans að utanverðu 17,4 m og breidd 4,5 m syðst og um 5 m nyrst. Meginbreytingarnar sem áttu sér stað í þessum fasa voru að skálinn er stytur að sunnanverðu, skepnuhúsið er rífið niður og það rými er í þessum fasa utandyra. Fyllt var í dyr á suðurgafli og í inngang á vesturhlið. Vefstofa er í syðsta rýminu en er örlítið smærri en áður þar sem bætt var við vesturvegg í herberginu. Að öðru leyti var húsið eins og í fasa C2, hellulögð stétt í miðjum skála og setbekkir beggja vegna.



Kort 21. Fasi C2 til samanburðar við fasa C1.



Kort 22. Á Kortinu er teikning af skálanum eins og hann leit út í fasa C1 ásamt tilgátu um stærð skálans og veggja.

8.4.1 Torfveggir

Vesturlangveggur er heillegastur af veggjum byggingarinnar. Hann er í heild sinni 15 m á lengd og frá 1 m til 1,5 m á breidd. Veggnum hafði verið raskað vegna bankabyggingar og einnig vegna kjallara Lækjargötu 10a. Hæð veggjarins var mest um 24 sm. Það sem

varðveitt var af syðsta hluta veggjarins [21450] er 6,4 m á lengd og um 1 m á breidd. Steinaraðir voru við innbrún og ytri brún veggjar og var töluvert af smásteinum í torfinu sem var strenghlaðið. Torfið var brún-gult með þykku landnámsgjóskulagi. Norðan við suðurhluta hans var áður inngangur sem hafði verið fyllt upp í með torfi og grjóti [20469]. Fyllingin samanstóð af blönduðu gulbrúnu torfi ásamt hnefastórum steinum ásamt steinhleðslu að innanverðu. Fyllingin í inngangi var 1 m á breidd og um 50 sm á hæð.



Mynd 36. Fylling [20469] í eldri inngangi. (Mynd tekin í N).

Norðan við fyllingu [20469] í inngangi var torfveggur [25095]. Ofan á veggnum var torf og grjóthrun [19502], ásamt mögulegri fyllingu [32446] í vegg [25095]. Fyllingin var aðallega blönduð móaska með torfskellum og smásteinum ásamt einstaka beinum og brenndum beinum. Torfveggur [25095] var áþekkur vegg [21450] (syðri hluti vestur veggjar) að lit og uppbyggingu. Að utanverðu voru tvö umför af grjóti, grjótið var bæði vatnssorfið og kantað, að innanverðu var einföld steinaröð. Áþekkar steinhleðslur voru einnig í skálanum á lóð Aðalstrætis 14-16,²⁵ og í skálanum á lóð Suðurgötu 3-5.²⁶ Torfið var ljósbrúnt með landnámsgjóskunni í, talsvert var af smásteinum í því svo að líklegast hefur torfið verið tekið

²⁵ Roberts, H.M. et al. 2001. bls. 41

²⁶ Else Nordahl. 1988. bls. 60-61

þar sem stutt var niður á sjávar kambinn. Í veggnum norðan við innganginn var frekar hátt hlutfall af möl í torfveggnum. Talsvert hefur verið átt við vegginn norðan inngangs. Torfvegg [46445] var bætt við langvegginn að norðanverðu og var hann samtíða torfvegg [12217].



Kort 23. Torfveggir sem tilheyra fasa C1.

Torfveggur [12217] er L-laga og tilheyrði suðurgafli skálans og að hluta til vestari langvegg. Suðurgafllinn var 4,5 m á lengd, um 1 m á breidd og 70 sm á hæð en vesturhluti veggjarins var 2,4 m á lengd og 0,5 m á breidd. Neðst var veggurinn hlaðinn úr grjóti og virðast torfstrengir vera á milli grjótlaganna. Það er þó óljóst þar sem veggurinn hefur sigið talsvert. Ofan á grjóthleðslunni var strenghlaðið torf, appelsínugult og brúnt á lit, með landnámsgjóskunni í. Torfið var frábrugðið torfinu í langveggjum sem var ljósara og einsleitara. Í austurenda veggjarins var talsvert meira af grjóti og torfið var blandaðra. Þar virðist hafa verið fyllt upp í eldri inngang, torflag [12565]. Upp við utanverðan vegginn að sunnanverðu voru hellur reistar upp á rönd og fylling [9529] á milli. Hellurnar voru nánast jafnháar veggnum, flestar um 60 til 70 sm í þvermál en höfðu sigið niður. Á milli veggjar og hellna var grjót og blönduð torffylling.



Mynd 37. Hellur [9529] sem reistar voru uppi við syðri gafi. (Mynd tekin í N).

Við rannsókn Else Nordahl á lóð Suðurgötu 3-5 var bygging sem Else kallaði *Slab house* eða helluhúsið sem hafði áþekka vegg.²⁷ Auk helluhússins var samskonar hleðsla upp við vegg byggingar, sem Else kallar stytta húsið eða *shortened house*, sem var austan við helluhúsið.²⁸ Ekki er ljóst hvaða tilgangi hellurnar þjónuðu, en hann gæti hafa verið fagurfræðilegur eða varið torfvegginn fyrir roki og rigningu. Það eru ekki mörg þekkt dæmi


²⁷ Else Nordahl. 1988. bls. 81

²⁸ Else Nordahl. 1988. Bls. 60 og 63.

fyrir utan Reykjavík þar sem hellum er raðað upp við torfveggi en eitt er frá Hofstöðum í Mývatnssveit.²⁹

²⁹ Bruun, D. og Finnur Jónsson. 1909. bls. 280

8.4.2 Stoðarholur og stoðarsteinar



Kort 24 Á kortinu má sjá staðsetningu stoðarhola og stoðarsteina í yngsta fasa hússins.

Á korti 21 sjást hvar stoðarholur og stoðarsteinar eru í yngsta fasa hússins. Í þessum fasa eru stoðirnar bæði niðurgrafnar og hafa verið settar á stoðarsteinna. Í vefstofu var ein stoðarhola [33478] en að öðru leyti voru þar eingöngu stoðarsteinar. Norðan við vefstofuna að austanverðu var stoðarhola [40683] en gegnt henni hinum megin við miðganginn var stoðarsteinn. Stoðarholur [40409] og [19850] tilheyra líklega eldri fasa hússins þar sem upp við holurnar voru stoðarsteinar.

8.4.3 Útisvæði að sunnanverðu


Á svæðinu sunnan við suðurgafli, sem á þessu tímabili var utandyra, var steinaröð [27] sem lá frá torfvegg [12217] til suðurs. Varðveitt lengd steinaraðarinnar var 4 m. Hún náði suður að grunni lðnaðarbankahússins og kann því að hafa verið lengri.



Mynd 38. Stétt eða steinalag [24] ásamt steinaröð [27]. (Mynd tekin í N).

Austan við steinaröð [27] var steinalag eða stétt [24] sem var 2,3 x 2,3 m á lengd og breidd. Lagið var raskað að norðanverðu vegna þúkkis Lækjargötu 10a og að sunnanverðu vegna grunns lðnaðarbankans. Stéttin var úr steinum sem flestir eru 35-40 sm í þvermál. Steinarnir voru af ólíku tagi, hellur jafnt sem ávalir steinar. Stéttin var langt frá því að vera vel samansett og var ójöfn. Ekkert fannst sem varpað getur ljósi á hvað fór fram á þessu svæði, en fyrir

liggur er að það hefur ekki verið yfirbyggt. Stéttin lá yfir eldri torfvegg sem var frá því tímabili er skálinn náði lengra til suðurs.



Kort 25 Steinaröð [27] og stétt [24] syðst í skála.

8.4.4 Vefstofa

Syðsta rýmið í skálanum var samtíða útisvæðinu að sunnanverðu og er talið vera vefstofa. Herbergið var 4 m á breidd og 2,4 m á lengd, samtals 9,4 m². Talið er að skilrúm hafi verið milli herbergja, byggist það á steinaröð [49] sem var á milli vefstofu og meginrýmis auk þess að skil eru á milli gólfaga. Undir torfhruni kom í ljós gólfag [32841] sem var dökkbrúnt, þétt og feitt. Ofan á því var talsvert af hnefastórum steinum, margir hverjir eldsprungnir, ásamt

kljásteinum [25]/[26]. Líklegt er að í þessu herbergi hafi verið vefstaður. Meginrökin fyrir því voru tugir kljástaina sem fundust víða um gólfíð.



Kort 26. Vefstaður í skálanum. Gráu steinarnir eru stoðarsteinar en litlu steinarnir eru annað hvort kljásteinar eða eldsprungnir steinar.

Ofan á gólfinu að vestanverðu var stór hella sem var 0,95 m á lengd og 0,45 m á breidd. Hún virðist hafa staðið upp við vegginn og myndað eins konar steinpíl við hann og síðar sigið fram á gólfíð. Sunnan við helluna er stoðarsteinn en norðan við hana er stoðarhola [33478], holan var 22 sm í þvermál og um 10 sm á dýpt.



Mynd 39. Stoðarhola [33478] ásamt brýni. (Mynd tekin í N).

Ekki voru fleiri stoðarholur í þessu herbergi en þrjár stoðarsteinar voru við suðurgafinn, um 80-90 sm norðan við stoðarsteinaröðina var önnur röð hellna sem einnig voru taldar vera stoðarsteinar.



Mynd 40. Nokkrir af kljásteynnum sem fundust í herberginu. (Mynd tekin í A).



Mynd 41. Kljásteynar við suðurgafn. (Mynd tekin í S).

Brot af eystri langvegg [12790] var austan við gólfslag [32841]. Varðveitt lengd veggjarins var 2,4 m, breidd 0,9 m og hæð 40 sm. Grafið var í gegnum vegginn að norðan, austan og sunnanverðu vegna ræsissturðar. Að innanverðu var veggurinn grjóthlaðinn, þrjú umför voru varðveitt en þeirri hleðslu hefur verið bætt við eldri torfhleðslu og tilheyrir grjótið yngri fasa skálans. Líkast til var grjóthleðslunni bætt við á sama tíma og suðurgafli var reistur. Veggurinn var strenghlaðinn og voru þykk landnámsgjósulög í torfinu.



Mynd 42. Fremst á myndinni eru brunalög og fjær sést suðurgafllinn ásamt vefstofu. (Mynd tekin í S).

Í sniði veggisins sést að hann var hlaðinn ofan á mannvistarlög, grátt öskulag og móöskulag, sem bendir til umsvifa á svæðinu áður en veggurinn var hlaðinn og þar af leiðandi skálinn. Þar sem vefstofan var virðist hinu náttúrulega yfirborði hafa hallað til suðurs. Gólfslög norðan

við vefstofuna lágu hærra og voru mun þynnri og lausari í sér. Þannig voru skil á milli gólflaga í vefstofu og meginrýmis. Ekki er ljóst hvort þil hafi verið á milli en steinaröð [49] sem liggur á milli herbergjanna gæti bent til einhverskonar skilrúms og má telja það líklegt.

8.4.5 Meginrými

Að líkindum hefur verið stúkað á milli vefstofu og meginrýmis í skála. Skammt norðan við gólflag [32841] í vefstað var steinaröð [49]. Hún lá þvert á skálann, þar kann skilrúmið að hafa staðið. Gólflög [38381] og [38413] voru norðan við steinaröð [49] þau voru þunn og laus í sér en á milli þeirra var gólflag [38351] sem var dökkt og þétt. Kolað byggfræ var aldursgreint úr lagi [38351] og bendir aldursgreining til þess að það sé frá 10. öld.³⁰

³⁰ SUERC-72385 (GU43234) Sjá Viðauka IV



Kort 27. Gólflog í fasa C1.

Gólfag [38351] lá upp að hellulögðu gólfi [48] sem var í miðskipi skálans. Hellugólf [48] var 3 m á lengd og 0,8 m á breidd. Að norðanverðu liggur gólfið að auki til austurs í átt að stétt [50] sem var utan skála. Á milli eystri langveggjar og hellugólfs [48] var gólfag [35810]. Það var brúngrátt, afar laust í sér en í því var mikið af beinum og gripum. Þar yfir hefur verið set úr timbri og virðist beinum, gripum og eldsprungnum steinum hafa verið sópað undir setið. Dæmi um gripi sem fundust voru perlur, steinn úr grænu líparíti sem augljóslega var slípaður, naglar og aðrir járngripir.



Mynd 43. Steingripur (F:263) sem fannst í gólflagi [35810] úr grænu líparíti sem kann að vera mót. (Mynd tekin í A).



Mynd 44. Hellulögn í gólfi [35810]. (Mynd tekin í A).

Undir gólflaginu var hellulögn (sjá mynd 21) en hún kann að hafa verið til stuðnings við stoðir undir setinu og jafnvel þakberandi stoðir. Brenndar viðarfjalir varðveittust í laginu og hafa þær tilheyrt setinu. Norðan við gólf [35810] var gólflag [35982], sem var þétt, dökkbrún-appelsínugult og grænt á lit með torfsneplum í. Það náði frá hellugólfi [48] að austurvegg. Hann var raskaður á þessum stað en þarna kann að hafa verið inngangur inn í skálann. Tvær hellur voru austan við lagið og að auki beygir hellugólf [48] til austurs að hugsanlegum inngangi.



Mynd 45. Hellugólf [48] sést vinstra megin á myndinni en fyrir miðju er gólf [35982].

Milli stéttar [50] og gólflags var raskað og þar af leiðandi var ekki hægt að greina hvort þarna hafi verið inngangur þó að það verði að teljast afar líklegt. Vestan við hellugólf voru gólflög [20265], [27018], [31957] og [37219]. Á þessu svæði hallar landinu til norðurs og einnig er möguleiki að mannvirkið sé að einhverju leyti niðurgrafið. Gólflögin voru flest laus í sér líkt og að austanverðu. Því er talið að þar hafi einnig verið set. Meðfram vesturvegg voru stoðarsteinarnir sjö talsins og var 1 m til 1,7 m á milli þeirra en stoðarholurnar voru tvær. Upp við hellugólf [48] voru þrjú stoðarsteinar svo að það voru tvær raðir þakberandi stoða sitt hvorum megin við hellugólfið. Norðan við hellugólf [48], var brennd viðarfjöl og gólflag [38445] sem lá frá fyrrnefnda gólfinu að eldstæðinu.



Kort 28. Í norðausturhluta skálans fannst talsvert af brenndum viðarleifum sem eru taldar hafa tilheyrt setbökkjum og öðrum munum innan skálans. Viðargreining leiddi í ljós að bekkir voru úr birki en stoðir voru úr barrviðum, líklegast rekaviði.

Í gólfi [38445] fannst silfurpeningur. Að sögn Antons Holt er peningurinn enskur minnispeningur St. Edmund sem sleginn var á tímabilinu 895-917/918.³¹

³¹ Guðrún Alda Gísladóttir. 2018. (Sjá viðauka xx)



Mynd 46. Gólflag [38445]. (Mynd tekin í N).



Mynd 47. Silfurmynt (F:289) sem fannst í gólflagi [38445].

Auk þess fundust í sama gólflagi tinna, klébergsbrot og dýrabein. Sitt hvoru megin við eldstæðið voru gólflög sem voru frábrugðin öðrum gólflögum í skálanum. Að austanverðu var gólflag [31369] og að vestanverðu gólflög [34829] og [38778] sem voru bleik-appelsínugul á lit með gulbrúnum frekar leirkenndum linsum. Gólfin voru fremur laus í sér og lágu beint ofan á malarkambinum.



Mynd 48. Á myndinni sést drapplitað lag [31369], sem er austan við eldstæðið. (Mynd tekin í S).




Mynd 49. Nærmynd af gólfi [31369]. (Mynd tekin í S).

Á þessu svæði hafði orðið verulegt rask vegna jarðvegsskipta við Lækjargötu 10 að austanverðu og vegna Skólabrúar 2. Talsvert af brenndum beinum var í laginu auk nagla og tinnubrots. Undir gólfunum að vestanverðu var þunnt gólfslag sem þynnist til norðurs og liggur ofan á malarkambinum. Nyrst í mannvirkinu var eldstæði [53].

8.4.6 Eldstæði


Varðveitt lengd eldstæðisins var 5,2 m og þsð var 1,1 m á breidd þar sem það var breiðast. Húsgrunnur Skólabrúar 2 hafði verið grafinn í gegnum eldstæðið svo að ekki er vitað hver upprunaleg lengd þess var. Það var gert úr flötum hellum en umhverfis eldstæðið voru hellur reistar upp á rönd en á stöku stað voru þær fallnar og víða sáust för eftir steina sem höfðu verið fjarlægðir. Í syðri hluta eldstæðisins voru hellurnar heilar en í nyrðri hluta þess voru þær eldsprungnar. Ofan á eldstæðinu voru örfá mannvistarlög en lög frá 18. og 19. öld lágu nánast beint ofan á því. Móöskulög [26394] [26438] og [26699] lágu yfir eldstæðinu, lag

[26394] var syðst í eldstæðinu og var bygg í því lagi, um 50 cm norðan við fyrrnefnda lagið var móöskulag [26438], í því var einnig að finna bygg.



Mynd 50. Eldstæðið í skálanum, umhverfis eldstæðið eru brunalög. (Mynd tekin í V).

Önnur mannvistarlög í eldstæðinu voru í norðurhluta þess. Undir móöskulagi [26699] var móöskulag [40474] sem innihélt talsvert af viðarkolaleifum. Lagið var yfir ljósu öskulagi [40579], líklegast viðarösku.



Kort 29 Teikning af eldstæðinu ásamt þeim lögum sem í því voru. Merkt hefur verið inn á teikninguna hvar bygg fannst ásamt aldursgreiningu.

Dökkir og fitukenndir blettir voru í viðaröskunni. Lagið var raskað að norðanverðu vegna Skólabrúar 2 og lagnaskurðar. Nyrst að austanverðu í eldstæðinu var dökkrauðleitt og svart lag [40994], blönduð móaska og sót. Í því voru brennd bein, kol og smásteinar. Í norðausturenda eldstæðisins var lítil gróp, ferhyrnd, sem í var ljóst lag fitukennt. Í lögum [26394], [26438], [40994] og [40474] voru koluð byggfræ en þau var einnig að finna í góflögnum í kring. Geislakolsaldur byggfræs úr lagi [40474] var 1115+-32 BP.³² Með tveimur sigma gildum eru 1,5% líkur á því að fræið sé frá 778-790cal e.Kr., 1,0% líkur á því að fræið sé frá 828-840cal e.Kr. og 92,8% líkur á því að fræið sé frá 856-1015cal e.Kr. Niðurstaða aldursgreiningar á byggfræi úr góflagi [38351] í sunnanverðum skála er áþekk aldursgreiningunni á byggi sem fannst í eldstæðinu og í báðum tilvikum benti hlutfall C13 til þess að áhrif sjávar ylli ekki skekkju í mælingu.³³ Eldstæðið var í notkun í gegnum öll

³² Sjá viðauka II

³³ SUERC-72389 (GU43235) Sjá viðauka IV

byggingarstig skálans og það hefur enn ekki verið grafið upp þar sem farið var fram á varðveislu þess á sínum stað. Því gæti byggingarsaga þess verið flóknari og ekki víst hvort það hafi verið gert allt á sama tíma. Eins og áður hefur komið fram voru hellurnar að norðanverðu eldsprungnar og þar voru kola- og öskulög sem tengjast notkun þess. Eldur hefur þar af leiðandi brunnið mest og lengst í norðurhluta eldstæðisins en minna í suðurhluta. Austanmegin við eldstæðið voru pinnaholur [42565] og [42541] sem gætu bent til þess að einhvers konar stoðir hafi verið yfir eldstæðinu til þess að halda uppi pottum líkt og í Aðalstræti. Eldstæðið í skálanum í Aðalstræti var einnig óvenju stórt eða alls 4,37 m að lengd að utanverðu og 1,07 m að breidd. Eldstæðið var nánast sporöskjulaga, umhverfis voru flatar hellur reistar upp á rönd en í miðju eldstæðisins var stór flöt eldsprungin hella.³⁴ Orri Vésteinsson fornleifafræðingur bendir á að engin þörf hafi getað verið á svo stóru eldstæði og telur hann að eldstæðið í heild sinni hafi eingöngu verið notað til hátíðabrigða eða montgagn.³⁵ Miðað við staðsetningu eldsprungnu hellnanna í eldstæðinu í Lækjargötu getur það stutt þá kenningu. Eldstæðið í skálanum í Lækjargötu er það stærsta sem fundist hefur á Íslandi og jafnvel víðar. Álíka eldstæði fannst sumarið 2017 við uppgröft á Auðkúlu á Vestfjörðum var það um 5 m á lengd, hellulagt með hellum upp á rönd umhverfis. Í Færeyjum, nánar tiltekið á Tóftanesi og Gjógvará, voru áþekk eldstæði að stærð og lögun en þau voru um 4,5 m á lengd.³⁶


³⁴ Roberts, H.M., 2001, 41-43

³⁵ Orri Vésteinsson. 2006b. bls. 120

³⁶ Hansen, S.S. 2013. bls. 46



**Kort 30. Eldstæðið í skálanum í Lækjargötu.
R**



Kort 31. Eldstæðið í skálanum í Aðalstræti. (Teikning : Howell M. Roberts).

Hvort eldstæðið í skálanum í Lækjargötu hafi verið svona stórt í upphafi er ekki hægt að fullyrða um en við lok búsetu í skálanum var það svo. Það kann að hafa verið „montgagn“ líkt og Orri Vésteinsson bendir á en ef til vill var mikill metnaður í eldamenskunni á heimilinu. Svæðið umhverfis eldstæðið er verulega raskað og eins er með eldstæðið sjálft, sem torveldar túlkun á þessum hluta skálans.

8.4.7 Samantekt


Á yngsta byggingarstigi skálans var varðveitt lengd hans 17 m, syðst var breidd skálans 4 m, en 5 m þar sem hún var mest, rétt norðan við stétt [48]. Nyrst í skálanum var langeldurinn, eldstæðið sjálft var í kverk á milli Skólalbrúar 2 og Lækjargötu 10. Sunnan við eldstæðið var rými með bekkjum meðfram eystri og vestari hlið og hellulögðu gólfi í miðgangi. Mikill fjöldi gripa og beina fannst í gólfögum beggja vegna við hellugólfið, undir seti, til að mynda perlur, snældusnúðar, hnífar, kambur, beinprjónn, rostungstönn auk dýrabeina. Í þessu rými hafa íbúar matast og unnið ýmis heimilisstörf eins og að spinna og einnig tálgað nytjahluti og jafnvel sofið. Líklegast hefur verið þiljað á milli næsta rýmis sem er talið hafa verið vefstofa

og meginrýmis. Víða í gólfi hennar voru kljásteynar, en auk þess var talsvert af eldsprungnu grjóti sem væntanlega hefur verið notað til hitunar. Í þessum fasa nær byggingin sjálf ekki lengra til suðurs en varðveittar voru mannvistarleifar sem voru utan dyra. Lítil stétt ásamt hleðslu liggur frá byggingunni en ekki er ljóst hvert hlutverk hennar var. Upprunaleg lengd skálans kann að hafa verið um 30 m í þessum fasa ef miðað er við að eldstæðið sé í miðju mannvirki.

8.5 Fasi C

Tímabil: 11. til 12. öld

Í yngsta fasa skálans var suðurgafllinn styttri en í fyrri fasa og varðveitt lengd skálans 14 m og breidd 3,5 m að sunnanverðu. Að öðru leyti var skálinn eins og í fasa C1.



Kort 32. Fasi C1 til samanburðar við fasa C.

Eins og sést er vefstofan ekki lengur

í notkun í fasa C.

e



Kort 33. Fasi C, yngsti fasi skálans. Veggur er tilgáta en suðurgafll hefur verið færður norðar.


Um 1 m norðan við eldri suðurgafli skálans var hlaðinn grjótveggur [23]. Hann var 4 m á lengd og voru greinanleg þrjú umför af steinum. Norðan við vegghleðsluna var grjóthrun [20] sem fallið hafði úr veggnum. Á milli hrunsins og veggjarins var stoðarhola [5700]. Hún var 20 sm í þvermál og 10 sm djúp. Holan var grafin í gegnum torfhrun úr veggjum skálans. Austan við vegg [23] var stoðarhola [7580], holan var ílöng og lá norðaustur-suðvestur. Hún var 30 sm á lengd, 20 sm á breidd og 15 sm á dýpt. Holan var grafin í gegnum torfhrun [12279] og náði holan niður á grjót í undirstöðum veggjarins. Sunnan við vegg [23] var ruslalagið [6282], dökkgrátt og þétt með miklu af grjóti og möl. Steinarnir voru vatnssorfnir og inni á milli voru brenndir steinar í sótblandaðri mold. Í laginu voru torfflekkir með landnámsgjóskunni í. Lagið lá upp að veggnum og hefur þar af leiðandi komið þangað eftir að veggurinn var hlaðinn. Norðan við ruslalagið var stoðarhola [7192]. Hún var 18 sm í þvermál og 12 sm á dýpt. Nánast engin fylling var í holunni fyrir utan smávegis af lausri brúnni mold. Holan var grafin í gegnum blandað torf og torfvegg [22269] sem var hluti af suðurgafli skálans. Um 3 m suðvestan við vegg [23] var hola sem kann að hafa verið stoðarhola eða rask. Hún var 0,57 m á lengd og 0,40 sm á breidd og 20 sm á dýpt. Í henni var talsvert af grjóti og hún hafði verið grafin í gegnum torfvegg skálans. Ekki er ljóst frá hvaða tímabili þessi hola er, en líklegast tilheyrir hún fasa A þó að það sé ekki óyggjandi. Vestari langveggur hefur verið ögn innar en í fasa C1, grjóthleðsla [39] var meðfram eldri vegglinu og lá upp að vegg [23]. Brunalögin náðu upp að hleðslu [39].



Mynd 51. Veggur [23] í mannvirkni 20 sem hlaðinn var ofan á torfhrun í skála. (Mynd tekin í S).



Mynd 52. Veggur [23] ásamt hruni. (Mynd tekin í A).



Kort 34. Á kortinu má sjá þær minjar sem tilheyra yngsta fasa hússins.

8.5.1 Samantekt

Suðurgafli hússins í yngsta fasa þess var að hluta grjóthlaðinn og fannst ekkert torf sem tilheyrði þeim vegg og er skýringin líklegast sú að veggurinn var fjarlægður eða raskað þegar Lækjargata 10a var reist. Í heild fundust þrjár stoðarholur sem tilheyra þessu byggingastigi. Tvær þeirra eru norðan við vegg [23] en ein er sunnan hans og gefa þær ekki skýrari mynd af þessum fasa og raun er ekki ljóst hvort þær tilheyra þessu mannvirki yfir höfuðið. Að öðru leyti er byggingin eins og í fasa C1 fyrir utan vestari langvegg og suðurgafli. Ekki er ljóst

hvaða breytingar áttu sér stað annarsstaðar í skálabyggingu en ljóst er að skálinn var stytur undir lokin og það nokkrum sinnum. Það kann að vera að suðurhluti hússins hafi verið byggður með öðrum hætti en sá nyrðri og í þessum yngsta fasa er sú bygging alfarið farin úr notkun og að hluta til hrúnin þar sem yngri suðurgaflinn var ofan á torfhruni úr þeim hluta.

8.6 Fasi B

Skálinn brennur til kaldra kola.

Tímabil: 11. -12. öld

Yfir tveimur þriðju hlutum skálans voru bleik-appelsínugul móöskulög. Askan var alveg hrein, þ.e.a.s. ekki fundust kol, brennd bein né annar úrgangur í öskunni og er hún rauðoxað torf, þ.e. torf sem hefur lent í miklum hita. Að austanverðu voru svartar gjóskurákir í torfinu, nánar tiltekið K-R-gjóskulagið frá árinu 920 ásamt landnámslaginu.³⁷



Mynd 53. Brunnið torf, svörtu rákirnar er 920 gjóskulagið og hvítu rákirnar barnamold. Torfið sjálft er orðið bleikt á lit vegna oxunar.



Mynd 54. Brunalag [20619]. Fyrir miðri mynd er hellulagt gólf [48]. (Mynd tekin í S).

³⁷ Magnús Á. Sigurgeirsson. 2015. bls. 2 (Sjá viðauka xx)

Þegar komið var niður á brunalögin voru þau mæld upp sem eitt lag [20619] til þess að afmarka þann hluta skálans sem brann. Hægt var að greina brunalagið í sundur eftir því hvort torfið kom úr þaki eða hafði hrunið úr veggjum. Efst voru fjögur lög. Lag [24421] var í austanverðum skála og er líklega hrun úr eystri langvegg sem hefur orðið eldi að bráð. Torfið er rauðgult og brúnt á lit með svartri gjósku sem reyndist vera K-R gjóskulagið frá árinu 920 þó að ekki sé hægt að útiloka Eldgjárgjóskuna frá því um 934 (E-1). Það telst þó ólíklegra. Þétt undir K-R-gjóskunni var hvítt lag sem Magnús Á. Sigurgeirsson greindi sem kísilgúr eða barnamold. Í hruninu var hægt að greina sex lög af gjóskunni. Ásamt K-R-gjóskunni fannst einnig landnámslagið, 871+-2.³⁸ K-R gjóskulagið fannst í þessu lagi og torfhruni [28840] sem var austan við eldstæði. Annarsstaðar var eingöngu landnámslagið í torfveggjum. Á þessu svæði kann að hafa verið viðgerð á torfvegg. Torfið í viðgerðinni hefur þá annað hvort verið tekið annarsstaðar en torfið í uppistandandi veggjum og skálinn þá allur reistur eftir að gjóskulagið féll árið 920. Þá má vera að torfið í uppistandandi veggjum sé tekið fyrir 920 og viðgerðin gerð eftir 920. Ef svo er þá er byggingin reist fyrir 920 og hefur verið í notkun fram yfir 920. Vestan við torfhrun [24421] var annað torfhrun [26497] sem var úr vesturlangvegg. Líkt og torfhrun [24421] var torfið brunnið, appelsínugult, rautt, bleikt og brúnt á lit. Lagið var ekki eins hreint og lagið að austanverðu. Á köflum var það blandað með talsverðu af kolum, brenndum beinum og steinum. Norðan við torfhrun [24421] var torfhrun [28840] sem lá að hluta til meðfram eldstæðinu í norðurhluta skálans. Að austanverðu var grafið í gegnum lagið vegna jarðvegsskipta við Lækjargötu 10. Torfhrunið var bleik-appelsínugult á lit og var hægt að greina strengjahleðslu í hruninu sem hefur að öllum líkindum fallið úr eystri langvegg sem var fjarlægður þegar húsið á lóð Lækjargötu 10 var byggt. Í torfhruninu var K-R-gjóskulagið en þó ekki eins vel varðveitt og í torfhruni [24421]. Vestan við eldstæðið var lítið afmarkað brennt torfhrun [29922]. Það var bleikt á lit og í því kol, sandur og möl. Efstu lögin eru öll torfhrun úr veggjum en lög [29909] og [29922] eru lítil og óljóst hvort þau komu úr veggjum eður ei. Þau skáru sig þó frá lögunum yfir þeim og undir..


³⁸ Magnús Á. Sigurgeirsson. 2015. bls. 2 (Sjá viðauka V). Ný aldursgreining á landnámslaginu sjá: Schmid, M.M.E., Dugmore, A. J., Orri Vésteinsson, Newton, A.J. 2016. bls. 56



Mynd 55. Brunalögin eru bleik á lit og rauð lína hefur verið teiknuð utan um þau á myndinni. (Mynd tekin í N).

Undir brunalagi [24421] var torfhrun [26324] sem var brúnrautt á lit og laust í sér. Í því var eingöngu landnámslagið en ekki K-R-gjóskulagið líkt og í laginu fyrir ofan. Í hruninu voru einstaka kvistir, börkur og brenndur viður. Mjög mikið var af eldsprungnum steinum í laginu ásamt heillegu koluðu timbri sem hefur tilheyrt innviðum skálans. Undir hruni [26324] var torfhrun [30433] sem svipar mjög til þakhrunsins en herslumunur var á lit og áferð og því voru lögin greind í sundur. Undir þakhruni var brunalag [30856] sem var bleik-appelsínugult á lit, mjúkt með landnámslaginu og K-R-gjóskulaginu. Lagið er að hluta til veggjahrun en einnig kann hluti af efstu gólfskáninni að hafa brunnið, þar sem neðarlega í laginu voru brennd og óbrennd bein ásamt kolum. Mjög mikið af grjóti var í laginu, bæði hnefastóru

eldsprungnu grjóti og stærri steinum sem tilheyrðu veggheðslu sem hefur hrunið inn á við. Í vestanverðum skála var eins og áður kom fram brunalag [26497]. Undir því voru brennd torfhrunslög [30500], [30526] og [30784]. Hrun [30784] var einnig undir syðsta hluta hruns [24421]. Að norðaustanverðu var lag [28840] sem lá meðfram eldstæðinu og suður að lagi [24421]. Undir því voru tvö brunalög, hrun [30281] og [30400]. Lag [30281] er líklegast hrun eða jafnvel brennd gólfskán, en saman við það var talsvert af beinum sem bendir til þess að brennd gólfskán hafi blandast við. Grafið hafði verið í gegnum lagið að austanverðu vegna jarðvegsskipta við Lækjargötu 10. Torfhrun [30400] var bleik-appelsínugult á lit með landnámslaginu í, líklegast hrun úr eystri langvegg. Neðst í því var eflaust sviðin gólfskán þar sem talsvert af beinum var þar að finna. Brunalögin voru þykkust að austanverðu og þynntust út til vesturs. Að sunnanverðu lágu þau upp að, og að hluta til undir, hruni [22] úr vegg [23] en sá hluti mannvirkisins varð ekki eldinum að bráð og hrundi síðar. Víða undir og að nokkru í brennda torfinu voru brenndir viðir úr burðarvirki skálans.



Kort 35. Brunalög eru appesínugul að lit en undir sést eldstæði ásamt yngsta byggingarstigi skálans.

8.6.1 Samantekt

Rannsókn á brunalögum skálans hefur vakið upp fleiri spurningar en svör. Að öllum líkindum hefur skálinn brunnið á seinni hluta 11. aldar. Brann hann þegar enn var búið í honum eða eftir að hann var yfirgefinn? Skálinn var enn uppstandandi þegar hann brann. Ef byggingin hefði brunnið eftir að hún hrundi hefðu brunalögin ekki verið eins þykk og af eins ólíkum toga

og raun bar vitni. Að auki lá óbrennt þakhrun að nokkru yfir brunalögunum sem bendir til þess að torfþekjan hafi ekki brunnið. Eldur hefur læst sig í stoðir og klæðningu og þakið hrunið áður en eldurinn náði í gegn. Vitnisburður fornleifanna bendir til þess að eldur hafi verið talsvert meiri í skálanum austanverðum þar sem brunalögin voru mun þykkari og umfangsmeiri. Þegar skálinn hrundi féllu veggir inn á við því að engin brunalög voru utan við skálann. Þess ber þó að geta að austan við skálann var svæðið raskað að hluta til. Eldur barst ekki í suðurhluta skálans og hefur ef til vill tekist að slökkva eldinn áður en hann barst þangað eða sá hluti hefur þegar verið hruninn. Í brenndu torfi að austanverðu var önnur gjóska en í þeim veggjum sem enn voru uppistandandi. Þar var auk landnámsgjóskunnar K-R 920 gjóskan. Það gæti bent til þess að á þessum stað hafi torfveggur verið lagfærður.

8.7 Fasi A

Tímabil: c. AD 11. – 12. öld

Í fasa B eru yngstu lög sem tengjast skálanum en það eru hrun, hreyfð lög eða önnur mannvistarlög frá því tímabili þegar hætt var að nota skálann. Flest voru lögin í sunnanverðum skálanum en erfitt er að ráða í þau vegna þess hve hreyfð þau voru. Yngsta lagið í þessum fasa er lag [18049] (undir [17040] og [35], hleðslum Lækjarkots) sem er blandað torflag með landnámsgjóskunni í. Þetta er líklega þakhrun og hefur þakið hrunið ofan á brunarústir skálans þar sem það liggur ofan á brunalagi [20619]. Eldurinn sem braust út hefur að mestu verið í veggjum og burðarvirki en þakið hefur sloppið að mestu. Um 1 m sunnan við hrun [18049] var torfhrun [7296] ásamt grjóthrúgu [6023], [6230], [7718] sem virðist hafa verið færð á staðinn eftir að skálinn féll. Undir grjótlögunum voru blönduð torflög [7382], [9857] og [11059]. Sunnan við þau var fokmoldarlag [7362] sem er skorið af grunni lðnaðarbankans. Austan við grjótlögin fyrrnefndu var fokmoldarlag [7946] sem var skorið af púkki fyrir timburhúsið Lækjargötu 10a. Undir því lagi var torfblandað lag [9965] og [11059].



Mynd 56. Syðst á myndinni er Lilja Björk að fjarlægja torfhrun úr skála en nyrst hreinsar Howell brunalagið. (Mynd tekin í S).

Eystri langveggur

Eingöngu lítil brot af eystri langvegg voru varðveitt. Best varðveittur var torfveggur [12279] sem þó var raskaður á öllum hliðum nema að vestan. Ofan á honum voru þrjú lög sem þangað hafa borist eftir að húsið fór úr notkun. Efst var lag [7532] sem var brúnrauð fokmold með kolasalla í. Undir henni var ruslslag [7645] sem var svargrátt á lit með móöskuskellum, kolum og brenndum beinum og því næst torfhrun/þekja [9857] sem lá ofan á torfveggnum.



Mynd 57. Snið af torfvegg [12279] ásamt lögum sem tilheyrðu yngri byggingarstigum. (Mynd tekin í V).



Mynd 58. Ruslalög ofan á vegg [12279]. (Mynd tekin í V).

Norðvesturhluti

Vestanmegin á vegg [25095] var torfhrun [22533] og gekk brunalagið undir það að norðanverðu. Lagið var raskað að norðanverðu vegna olíutunnu sem er samtíða Skólalag 2. Vestan við lagið og að mestu utan byggingar var torfblandað ruslalag [23117], brún-appelsínugult, gult og grænleitt torf ásamt grjóti. Neðarlega í laginu var sót, bein og kol ásamt klébergsbrotum og er líklegast að þar sé rusl sem hent hefur verið fyrir utan skálann. Þar fyrir neðan var torfhrun [24537]. Um 20 sm sunnan við lagið var torf- og grjóthrun úr vegg [25095] og undir því var áður nefnt brunalag [20619].

8.7.1 Samantekt

Í yngsta fasa hússins eru lög sem tengjast viðburðum sem áttu sér stað eftir að skálinn brann og var yfirgefinn. Flest eru lögjin hrun úr veggjum og þaki auk steina sem virðist hafa verið komið fyrir í suðurhluta skálarústarinnar. Ekki er vitað hvenær þetta hefur átt sér stað né hvenær nákvæmlega búsetu lauk en líklega hefur það verið við upphaf 12. aldar þó að ekki sé hægt að fullyrða það.

9.0 Frekari rannsóknir

Minjarnar sem grafnar voru upp við Lækjargötu verða seint fullrannsakaðar og verða nægur efniviður til frekari rannsókna næstu áratugi. Árið 2016 var gerð borkjarnarannsókn á túninu fyrir framan Menntaskólann í Reykjavík, í Bakarabrekkunni og Mæðragarðinum til þess að kanna hvort minjar væri þar að finna. Ekki fundust minjar samtíða skálanum en þar var að finna torf með 1226 gjóskulaginu í. Það gæti verið vísbending um að Reykjavíkurhjáleigurnar séu eldri en nú er talið.³⁹

Í maí 2017 fór fram rannsókn í Skólabrú og voru þá grafnir skurðir til þess að kanna hvort leifar skálans væri enn að finna undir götustæðinu. Í götustæðinu hafði verið skipt um jarðveg niður fyrir malarkamb og því fundust engar minjar um skálann. Upp við Lækjargötu 10 að norðanverðu fundust hins vegar ruslalög undir gjóskulaginu frá 1226. Þau lög tengjast eflaust íbúum skálans sem hafa losað rusl sitt út í læk.⁴⁰ Við gangstétt Lækjargötu hallar landi til austurs vegna lækjarins og þar var varðveisla lífrænna leifa góð og væri áhugavert að kanna mannvistarlögin á því bili. Þrátt fyrir að þar séu ekki byggingar geta mannvistarleifar sem þar eru veitt mikilsverðar upplýsingar um gróðurfar á svæðinu, búskap og lífshætti fólksins á bænum. Mörgum spurningum er ósvarað um fornleifar í miðbæ Reykjavíkur. Rannsóknin í Lækjargötu auk annarra rannsókna á síðastliðnum árum bendir til þess að í Reykjavík kunni að hafa verið þéttbýlt og jafnvel vísir af þorpi.⁴¹ Hins vegar þarf að kanna betur hvaða byggingar eru samtíða og hverjar ekki. Orri Vésteinsson telur að bæjarstæði frumbyggja Reykjavíkur hafi verið þar sem Herkastalinn stendur nú og hafi þst verið þangað til bærinn var rifinn á fyrri hluta 19. aldar. Hinir skálarnir hafi verið ummerki um meiri fjölda heimila sem hafi verið bundinn við víkingaöldina. Fólkið hafi annaðhvort verið aðkomufólk erlendis frá eða yngri kynslóðir Reykvíkinga. Þegar á leið fann þetta fólk sér hentugari bæjarstæði og flutti á brott.⁴² Byggð kann að hafa verið með öðrum hætti en víða annarsstaðar á landinu en það gæti stafað af því að rannsóknir séu almennt gloppóttar á eldri bæjarstæðum.⁴³ Því er nauðsynlegt að skoða elstu bæjarstæðin heildstætt og í samhengi til þess að fá skýrari mynd af lífi fyrstu Reykvíkinganna. Á Lækjargöturéitnum stendur til að hanna sýningu

³⁹ Lísabet Guðmundsdóttir. 2016. bls. 15.

⁴⁰ Lísabet Guðmundsdóttir. 2017. bls. 17-18

⁴¹ Sjá einnig: Vala Garðarsdóttir. 2010. bls. 134.


⁴² Orri Vésteinsson. 2006b. bls. 96.

⁴³ Á Hvítárholti eru þrjár skálar auk fimm jarðhýsa. Á Hofstöðum í Mývatnssveit eru tveir skálar svo mögulega er rannsóknnum ábótavant enda svæðin eingöngu rannsökuð út frá því sem sést á yfirborði.

tengda rannsókninni. Eldstæðið ásamt flór og stéttum verða varðveitt á sínum stað auk þess sem fótspor skálans verður gert sýnilegt í mannvirkinu sem til stendur að reisa á lóðinni. Með þeim hætti sameinast nútíðin og fortíðin.

10.0. Landnámsminjar í miðbæ Reykjavíkur

Í þessum kafla verður fjallað stuttlega um landnámsminjar sem hafa verið rannsakaðar í miðbæ Reykjavíkur.



Mynd 59 Þekktar landnámsminjar í Reykjavík

1. Aðalstræti 14/Grjótagata: Veggstúfur sem var reistur áður en landnámsgjóskan féll 871+-2. Torfveggurinn er norðan við skálann í Aðalstræti 14-16. Veggjaleifarnar voru 4.6 m á lengd og 1.25 m á breidd, úr strengjatorfi. Landnámslagið liggur upp að veggnum sitt hvoru megin.⁴⁴ Veggurinn tilheyrir ekki húsbyggingu þar sem engin gólftegund tengdust honum. Líklegast er veggurinn garðlag sem tengist ræktun eða

⁴⁴ Nordahl, E. 1988. bls. 9 & 24. Roberts. H. M. 2001. bls. 39

skepnuhaldi og myndi það benda til þess að föst búseta hafi hafist í Reykjavík áður en landnámslagið féll.⁴⁵

2. Aðalstræti 12 og Grjótagata: Við rannsókn fannst torfveggur hlaðinn úr streng með landnámslaginu í ásamt gólflagi samtíða veggnum.⁴⁶ Byggingin hefur verið að minnsta kosti 13 m á lengd og samkvæmt kolefnisaldursgreiningu var hún frá 10. til 12. öld.⁴⁷ Þarna virðist hafa verið annar skáli rétt norðan við skálann í Aðalstræti 14-16.
3. Aðalstræti 14-16: Skáli frá 10. öld. Skálinn er sá best varðveitti af þeim sem grafnir hafa verið upp í Reykjavík. Byggingin er 16.7 m á lengd og 3.74-5.81 m á breidd. Óvenjustórt eldstæði er í miðjum skála, 4,3 m á lengd. Veggir eru hlaðnir úr strengjatorfi með landnámslaginu í.⁴⁸
4. Aðalstræti 18: Skáli sem byggður var við suðurgafli skálans í Aðalstræti 14-16 og tengdur honum með gangi. Byggingin var 11 m á lengd og 4.7 m á breidd. Landnámstorf var í veggjum sem voru strenghlaðnir.⁴⁹
5. Fógetagarðurinn. Þar sem nú er Fógetagarðurinn var áður kirkja og kirkjugarður. Elsta heimild um kirkju í Reykjavík er í kirknatali frá 1200.⁵⁰ Byggt á almennum líkum má telja að kirkjan sé frá kristnitöku í kringum 1000 og þar af leiðandi kunna yngstu skálarnir að hafa verið í notkun þegar fyrsta kirkjan var reist í Reykjavík. Við rannsókn í kirkjugarðinum árið 2016 fundust ummerki um torfbyggingu með landnámslaginu í sem bendir til þess að þar kunni að hafa verið afar gamalt mannvirki.⁵¹
6. Alþingisreiturinn: Á Alþingisreitnum fundust ýmsar minjar frá landnámsöld, til að mynda smiðjur, járnvinnslusvæði og viðarstígur. Engin íveruhús voru á svæðinu en þarna hefur verið umfangsmikið vinnusvæði fyrir framan bæinn.⁵²
7. Suðurgata 3: Þegar grafið var fyrir kjallara bak við Suðurgötu 3 var komið niður á ræsi úr steinum sem lá frá austri til vesturs í um 2 m dýpi.⁵³

⁴⁵ Orri Vésteinsson. 2006a. bls. 94

⁴⁶ Bjarni F. Einarsson. 1995. bls. 64-65

⁴⁷ Bjarni F. Einarsson. 1999. bls. 10

⁴⁸ Roberts, H. M. 2001. bls. 41

⁴⁹ Nordahl, E. 1988. bls. 37, Roberts, H. M. 2001. bls. 47

⁵⁰ Íslenzkt fornbréfasafn III. bls. 77-78

⁵¹ Vala Garðarsdóttir. 2016. Munnleg heimild

⁵² Vala Garðarsdóttir. 2010. bls. 133

⁵³ Þorkell Grímsson. 1974. bls 67, Roberts, H. M. et. al. 2003. bls. 220

8. Tjarnargata 4: Þegar grafið var fyrir steinhúsi á Tjarnargötu 4 árið 1944 var komið niður á umtalsverðar minjar frá landnámsöld. Skipulagður fornleifauppgröftur fór ekki fram en til eru lýsingar af því sem fannst í grunninum. Mikið fannst af dýrabeinum, stétt og hleðslugrjóti. Þar var einnig ferhyrndur hellukassi grafinn niður í malarkambinn og gólfskán.⁵⁴
9. Suðurgata 3-5: Á árunum 1971-1975 fóru fram umfangsmiklar fornleifarannsóknir í Reykjavík á vegum Reykjavíkurborgar. Á lóð Suðurgötu 3-5 komu í ljós leifar 6 til 7 mannvirkja. Elsta byggingin var skáli og austan við hana var smiðja, auk þeirra var sofnhús frá 10. öld.⁵⁵
10. Suðurgata 7: Árið 1983 var komið niður á minjar sem líklegast eru frá víkingaöld. Minjarnar voru skertar vegna nútímaframkvæmda en þarna var mannvirki ásamt gólfskán og átta stoðarholum. Ekkert eldstæði var þeim hluta byggingarinnar sem var varðveitt en ógrynni af viðarkolum og eldsprungnum steinum sem benda til þess að þarna hafi eldur verið kveiktur.⁵⁶
11. Tjarnargata 12: Við rannsókn undir gólfi Tjarnarbíós árið 2009 fannst torfveggur með landnámslaginu í. Veggurinn var afar raskaður vegna síðari tíma framkvæmda og því lítið hægt að segja um þetta mannvirki.⁵⁷ Þarna kann að hafa verið bygging en líklegra er að þarna hafi verið leifar túngarðs. Þessi veggur er syðsta mannvirkið sem tengja má bæjarstæði Reykjavíkur á víkingaöld.
12. Lækjargata 12 (norðan bankabyggingar): Skálinn við Lækinn.
13. Lækjargata 12 (sunnan bankabyggingar): Sunnan við bankabygginguna fundust sundurleitar minjar mannvirkja samtíða skálanum.

Fornleifarannsóknir á Landsímareit, Nasa og við Ingólfstorg fóru fram á síðustu misserum og eru ekki taldar upp hér en þar kunna einnig að leynast minjar frá landnáms tíð. Upptaldar minjar eiga það flestar sameiginlegt að þær eru óheilar vegna framkvæmda á 19. og 20. öldinni. Þar að auki hafa þær verið rannsakaðar vegna framkvæmda sem gerir það að verkum að rannsóknir hafa afmarkast af framkvæmdasvæðum. Við rannsókn neyðast fornleifafræðingar til þess að grafa brot af mannvirkjum og skilja annað eftir undir

⁵⁴ Þorkell Grímsson, Þorleifur Einarsson. 1970. bls. 81, 86

⁵⁵ Nordahl, E. 1988. bls. 39

⁵⁶ Kristín Huld Sigurðardóttir. 1986. bls. 154

⁵⁷ Óskar Gísli Sveinbjarnarson. 2009. bls. 19

malbiki. Það gerir það að verkum að erfitt er að túlka minjarnar og skilja. Þetta vandamál er ekki auðleysanlegt en til þess að skilja upphaf og þróun byggðar í Reykjavík er nauðsynlegt að rannsaka heildarmyndina. Af þessari upptalningu sést hve umfangsmikil byggðin var og hve erfitt er oft og tíðum að ráða í samhengi minjanna.

11.0. Umræða og niðurstöður

Upphaf byggðar við Lækinn í Reykjavík má rekja til landnámsaldar.

Kolefnisaldursgreiningar á byggfræjum úr einu af elstu gólfum skálans benda til þess að þar kunni að hafa verið búseta áður en landnámslagið féll. Þrátt fyrir það eru engar byggingarleifar varðveittar sem benda til þess að þarna hafi verið mannvirki áður en skálinn var byggður sem var eftir að landnámslagið féll. Í Reykjavík var byggð áður en landnámsgjóska féll. Við skálann í Aðalstræti er garðlag með landnámslaginu yfir veggnum. Að auki var kolasalli undir landnámslaginu í vestanverðri Kvosinni, bæði við Aðalstræti og á Alþingisreit.⁵⁸ Frjókornagreining sem gerð var í Vatnsmýrinni bendir einnig til að bygggrækt hafi hafist í nágrenni við mýrina áður en landnámslagið féll.⁵⁹ Ekki er vitað hvar elsta byggð Reykjavíkur hefur verið né hversu umfangsmikil hún var en með hverri rannsókn sem á sér stað þrengist bilið og þekking á lífi elstu kynslóða Reykvíkinga eykst.

Skálanum við Lækjargötu var valinn staður við Lækinn sem rann frá Tjörn og út í sjó. Líklegast hefur Kvosin verið gróðursnauð þar sem landnámslagið liggur víðast hvar nánast beint ofan á malarkambinum og lítill sem enginn jarðvegur á milli.

Í upphafi var skálinn að minnsta kosti 22 m. Í honum voru að minnsta kosti tvö eða þrjú herbergi. Syðst var fjós fyrir að minnsta kosti 4 – 8 nautgripi. Eftir miðju fjósi var flór sem lá í N-S en syðst kann að hafa verið rými fyrir önnur húsdýr. Það er þó ekki hægt að fullyrða fyrir víst þar sem suðurgafli hússins var ekki varðveittur. Norðan við fjósið var meginrými skálans, inngangur var að vestanverðu en talið er hann hafi ekki verið megininngangur inn í húsið, fremur bakdyr. Aðalinngangurinn hefur verið á þeim hluta austurhlíðar sem ekki hefur varðveist. Meðfram langveggjum voru bekkir eða pallar, að þó það sé ekki eins greinilegt að vestanverðu, og gólf í miðgangi á milli þeirra. Þar hefur verið etið, drukkið og unnið. Norðan við meginrýmið var eldstæði en austur-, vestur- og norðurhlíð skálans voru ekki varðveittar vegna framkvæmda á 19. og 20. öld. Eldstæðið var óvenju langt, 5,2 m en

⁵⁸ Roberts. H.M. 2001. bls. 64, höfundur sá kolasalla undir landnámslaginu á Alþingisreitnum.

⁵⁹ Margrét Hallsdóttir. 1996. bls. 126 og 132


Það var raskað að norðanverðu svo að það kann að hafa verið lengra. Í fasa C2 var fjósið minnkað verulega og voru tveir hellulagðir básar syðst í fjósinu og flór við þá sem lá til austurs. Torfveggur var á milli fjóss og vefstofu sem var yfir eldra fjósi. Inngangur var á milli fjóss og vefstofu. Norðan við vefstofu var meginrýmið sem var nánast eins og í fasa C3, fyrir utan að gólf í hluta miðgangs skála var hellulagt. Inngangur var að vestanverðu en líklegast voru einnig útidyr á austurvegg. Stétt lá frá skála að trogi, að auki var stétt frá trogi til suðurs en ekki er vitað hversu langt hún náði vegna lagnaskurðar. Fyrir miðjum skála var eins og áður sagði eldstæðið. Í yngsta fasa skálans var fjós fjarlæggt, húsið stýtt að sunnanverðu þannig að til varð athafnasvæði utandyra við suðurgaflinn. Dyrum á suðurgafli var lokað ásamt inngangi að vestanverðu. Syðsta rýmið var eins og í fasa C2 vefstofa en á gólfum var talsverður fjöldi kljástaina. Norðan við vefstofuna var skálinn eins og í fasa C2. Skálinn kann að hafa verið yfir 30 m á lengd ef gert er ráð fyrir að eldstæðið hafi verið í miðju húsi. Skurðir voru grafnir í Skólabrú til þess að kanna hvort að norðurhluti skálans væri varðveittur undir götu. Svo reyndist ekki vera þar sem búið var að skipta um jarðveg í öllu götustæðinu. Á núverandi gatnamótum Skólabrúar og Lækjargötu er hins vegar varðveittur ruslahaugur sem er undir gjóskulaginu frá 1226 og að öllum líkindum samtíða skálanum.⁶⁰ Meðfram Lækjarbakkanum eru enn varðveittar minjar sem gætu veitt enn frekari upplýsingar um líf fyrstu íbúa Reykjavíkur.

⁶⁰ Lísabet Guðmundsdóttir. 2017. bls. 13



Sunnan við hús lðnaðarbankans voru mannvirki sem voru samtíða skálanum og verður fjallað um þau í 2. hluta. Hlutverk þeirra var margþætt. Til að mynda fannst þar

mikið af koluðu byggja auk kvarnasteina og í sömu byggingu virðist hafa verið unnið með járn. Mannvirkin hafa því verið notuð til ýmissa verka og geislakolsaldursgreiningar benda til þess að þær séu samtíða skálanum.



Kort 36. Tilgátuteikning af skála og mannvirkjum 1 og 2 sem grafin voru upp sunnan við skálann. Að auki hefur Lækurinn og Tjörninn verið teiknuð inn út frá korti frá árinu 1887.

Búsetu lauk líklegast á 11. öld þegar skálinn brann. Ekki er vitað hvort búsetu lauk vegna brunans eða hvort skálinn hefur verið yfirgefinn og svo brenndur. Yngri en bruninn voru ummerki eftir lítið mannvirki ofan á skálanum. Leifarnar voru óheilar en benda þó til þess að svæðið hafi verið notað eftir að skálinn brann. Ekki var hægt að aldursgreina þær minjar að öðru leyti en því að þær eru eldri en Lækjarkot og yngri en skálinn. Engar ritaðar heimildir eru um mannvirki á þessum slóðum fyrr en Lækjarkot var reist árið 1799. Lækjarkot stóð til ársins 1887 en þá var það rífið og timburhús reist á lóð Lækjargötu 10a. Timburhúsið var rífið árið 1977 og lóðin gerð að bílastæði fyrir Iðnaðarbankann. Rannsóknin á skálanum í Lækjargötu auk annarra rannsókna í miðbæ Reykjavíkur hafa leitt til þess að áhugi á fornleifum í Reykjavík hefur stórkæmt og vilji er til þess að gera þeim betri skil af hálfu yfirvalda, framkvæmdaraðila, Minjastofnunar Íslands, og Borgarsögusafns. Til stendur að gera rannsókninni í Lækjargötu skil í nýju mannvirki sem reist verður á lóðinni, sýningarrými tileinkað minjunum verður bæði innan- og utandyra. Eldstæðið ásamt trogi og flór er enn varðveitt á sínum stað og verða þær minjar hluti af sýningunni. Einnig er stefnt að því að leggja stéttar og gólf á nýjan leik en hellur voru allar merktar og varðveittar. Þar með gefst gestum og gangandi tækifæri að skyggjast í fortíðina og leiða hugann að fyrstu íbúunum við Lækinn.

Heimildaskrá

Benedikt Gröndal, Sveinn Sveinsson. 1876. Kort af Reykjavík.

Vefslóð: http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3546/5704_view-4515/ (Sótt 15.02.16)

Bjarni F. Einarsson. 1995. *Fornleifarannsókn í Aðalstræti 12 1993*. Skýrslur Árbæjarsafns 49. Reykjavík.

Bjarni F. Einarsson. 1999. *Aðalstræti 12. Könnun á mannvistarlögum meðfram lóð Aðalstrætis 12*. Skýrslur Árbæjarsafns 73. Reykjavík.

Bruun, D., Finnur Jónsson. 1909. Om hove og hovudgravninger på Island. Aarbøger, 24. Kaupmannahöfn.

Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 2005. *Húsakönnun. Vonarstræti – Templarasund – Kirkjutorg – Skólabrú – Lækjargata*. Minjasafn Reykjavíkur. Reykjavík.

Else Nordahl. 1988. *Reykjavík from the archaeological point of view*. Uppsala.

Grønnesby, G., 2017. „Hot rocks! Beer brewing on viking and medieval age farms in Trøndelag.“The agrarian life of the north 2000 BC-AD 1000. Froede Iversen og Håkan Petersson (Ritstj.) *Studies in rural settlement and farming in Norway*. bls. 133-150. Portal. Kristiansand.

Hansen. S.S. 2013. „Toftanes. A Viking age farmstead in the Faroe Islands.“ *Acta Archaeologica* 84:1. bls. 5-238.

Íslenzkt fornbréfasafn III. 1269-1415. 1896. Kaupmannahöfn. Hið íslenska bókmenntafélag.

Kristín Huld Sigurðardóttir. 1987. „Fornleifarannsókn að Suðurgötu 7 í Reykjavík.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1986*. bls. 143-164.

Lísabet Guðmundsdóttir. 2015. *Könnunarskurðir á lóð Lækjargötu 10-12, Reykjavík*. Greinagerð. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Lísabet Guðmundsdóttir. 2016. Könnun mannvistarleifa austan Lækjar. Borkjarnarannsókn sem fram fór í Mæðragarðinum á túni fyrir framan Menntaskóla Reykjavíkur og Bakarabrekkunni. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík. FS631-16181.

Lísabet Guðmundsdóttir. 2017. Fornleifarannsókn í Skólalbrú, Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík. FS665-179501.

Margrét Hallsdóttir. 1996. „Frjógreining. Frjókorn sem heimild um landnámið.“ *Um landnám á Íslandi*. Ráðstefnurit V. Ritstj. Guðrún Ása Grímsdóttir. Bls. 123-134.

Matthías Þórðarson. 1944. „Fundnar fornleifar í Reykjavík“. *Vikan* nr. 23-24. bls. 28.

Orrí Vésteinsson. 2006a. „Bæjarstæðið“. Bryndís Sverrisdóttir (Ritstj.). *Reykjavík 871+-2. Landnámssýningin. The Settlement Exhibition*. Bls. 94-96. Minjasafn Reykjavíkur. Reykjavík.

Orrí Vésteinsson. 2006b. „Byggingin og samhengi hennar“. Bryndís Sverrisdóttir (Ritstj.). *Reykjavík 871+-2. Landnámssýningin. The Settlement Exhibition*. Bls. 116-121. Minjasafn Reykjavíkur. Reykjavík.

Óskar G. Sveinbjarnarson. 2009. *Fornleifauppgröftur í Tjarnarbíói, Reykjavík*. Fornleifastofnun Íslands, FS 436-08201. Reykjavík.

Roberts, H.M. 2001. *Fornleifarannsókn á lóðunum/Archaeological Excavations at Aðalstræti 14-18, 2001. A Preliminary Report/Framvinduskýrslur*. Fornleifastofnun Íslands. FS156-00161. Reykjavík.

Roberts, H.M. 2004. *Excavations at Aðalstræti, 2003*. Fornleifastofnun Íslands. FS243-00162. Reykjavík.

Schmid, M.M.E., Dugmore, A. J., Orri Vésteinsson, Newton, A.J. 2016. Tephra isochrons and chronologies of colonisation. *Quaternary Geochronology*. Vol. 40. bls. 56-66.

Vala Garðarsdóttir. 2010. *Fornleifauppgröftur á Alþingisreitnum 2008-2010*. Framkvæmdasýsla ríkisins. Reykjavík.

Vala Garðarsdóttir. 2013. *Alþingisreiturinn 2012-1013. –Fornleifarannsókn-. –uppgröftur á lóð Alþingis-*. Reykjavík.

Porkell Grímsson, Þorleifur Einarsson. 1970. „Forminjar í Reykjavík og aldursgreiningar.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1969*. Bls. 80-97. Reykjavík.

Porkell Grímsson. 1974. „Reykvískar fornleifar.“ *Reykjavík í 1100 ár*. Bls. 53-74. Reykjavík.

2. hluti

Fornleifarannsókn á lóð Lækjargötu 12

svæði B

Lísabet Guðmundsdóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir

Efnisyfirlit

1.0 Inngangur.....	11
2.0 Markmið og aðferðafræði.....	12
3.0 Fyrri rannsóknir	13
4.0 Fornleifarannsókn	15
4.1 Aldursgreining mannvistarleifa.....	15
5.0 Byggingarstig IV.....	16
6.0 Byggingarstig III	17
6.1 Lækjargata 10a - Húsgrunnur	18
6.2 Lækjargata 10a - Kjallari	20
7.0 Byggingarstig II	21
7.1 Kirkjuból/Lækjarkot.....	21
8.0 Byggingarstig I	24
8.1 Fasi C3.....	26
8.1.2 Stoðarholur og stoðarsteinar	29
8.1.3 Fjós.....	32
8.1.4 Meginrými	37
8.1.5 Eldstæði.....	44
8.1.6 Samantekt.....	46
8.2 Fasi C2.....	48
8.2.1 Torfveggir.....	49
8.2.2 Stoðarholur og stoðarsteinar	52
8.2.3 Skepnuhús.....	54
8.2.4 Vefstofa.....	56
8.2.5 Meginrými og eldstæði.....	58
8.2.6 Samantekt.....	64
8.3 Fasi C1/C2 Austursvæði	65
8.3.1 Stétt [15]/[50]	65
8.3.2 Trog	68
8.3.3 Austan við stétt og trog	71
8.3.4 Samantekt.....	71

8.4 Fasi C1	72
8.4.1 Torfveggir.....	72
8.4.2 Stoðarholur og stoðarsteinar	77
8.4.3 Útisvæði að sunnanverðu	78
8.4.4 Vefstofa.....	79
8.4.5 Meginrými	83
8.4.6 Eldstæði.....	89
8.4.7 Samantekt.....	93
8.5 Fasi C.....	94
8.5.1 Samantekt.....	96
8.6 Fasi B.....	97
8.6.1 Samantekt.....	101
8.7 Fasi A	102
8.7.1 Samantekt.....	104
9.0 Frekari rannsóknir	105
10.0. Landnámsminjar í miðbæ Reykjavíkur.....	106
11.0. Umræða og niðurstöður	109
Heimildaskrá	115
1. Inngangur.....	124
2. Markmið og aðferðafræði.....	125
3. Fyrri rannsóknir	126
4. Byggingarstig 3	126
4.1 Lækjargata 12a – mannvirki 8	128
4.2 Lækjargata 12b – mannvirki 9	130
4.3 Vonarstræti 2 – mannvirki 10	132
4.4 Bakhús við Lækjargötu 12a – mannvirki 11	133
4.5 Smíðahús – mannvirki 12.....	134
5. Byggingarstig 2	136
5.1 Útihús Waageshúss – Mannvirki 6	139
5.2 Gamli Tjarnarbakkinn – mannvirki 7	142
6. Byggingarstig 1	144
6.1 Mannvirki 1.....	145
6.1.1 Fasi 1c – óviss notkun á lokaskeiði mannvirkisins	145
6.1.2 Niðurstöður og túlkun.....	148
6.1.3 Fasi 1b – yngri fasi eldstæðis.....	149
6.1.4 Niðurstöður og túlkun.....	152

6.1.5 Fasi 1a – eldri fasi eldstæðisins	152
6.1.6 Niðurstöður og túlkun.....	155
6.2 Mannvirki 2	156
6.2.1 Norðan ræsiskurðar [164]	156
6.2.2 Eldstæði 1 [202].....	159
6.2.3 Eldstæði 2 [193].....	161
6.2.4 Eldstæði 3 [237].....	164
6.2.5 Eldstæði 4 [264].....	166
6.2.6 Sunnan ræsissskurðar.....	167
6.2.7 Eldstæði 5 [284].....	171
6.2.8 Niðurstöður og túlkun.....	172
6.3 Mannvirki 3 – Fasi 1	174
6.3.1 Lýsing á jarðlögum.....	175
6.3.2 Niðurstöður og túlkun.....	176
7. Niðurstöður	177
Heimildaskrá	179

Myndaskrá

Mynd 1. Á myndinni sjást húsgrunnar Lækjargötu 12a og b, Vonarstræti 2 ásamt smíðahúsi og bakhúsi (mynd tekin í suður).	128
Mynd 2 Kjallari Lækjargötu 12a (Mynd tekin í S).	130
Mynd 3 Húsgrunnur Lækjargötu 12b (Mynd tekin í NA).	131
Mynd 4 Húsgrunnur Vonarstrætis 2 (Mynd tekin í norður).	133
Mynd 5 Púkk undir mannvirki 11 (Mynd tekin í suður).	134
Mynd 6 Húsgrunnur mannvirkis 12 (Mynd tekin í vestur).	135
Mynd 7. Teikning af Lækjarkoti, Waageshúsinu og útihúsum eftir Jón Helgason. (Mynd: Borgarsögusafn).	137
Mynd 8 Húsgrunnur Waageshússins en grunninum var raskað vegna síðari tíma framkvæmda. (Mynd tekin í vestur).	138
Mynd 9 Steinhleðsla [136], sem líklegast var hluti af útihúsum sem þarna stóðu. Vestan við steinhleðsluna var niðurgröftur [120] og sést móta í fyllingu [121] (Mynd tekin í S).	140
Mynd 10 Stoðarholur fyrir girðingastaura sem voru samtíða útihúsunum. (Mynd tekin í N).	141
Mynd 11. Á ljósmyndinni er Lækjarkot lengst til viinstri, Waageshúsið á miðri myndinni og útihúsin lengst til hægri. (Ljósmyndari óþekktur).	142
Mynd 12 Gamli tjarnarbakkinn sem hlaðinn var á milli 1876 og 1887 (Mannvirki 7). (Mynd tekin í SV).	143
Mynd 13 Móöskulag [148] ásamt þremur steinum sem liggja upp á rönd meðfram því. (Mynd tekin í austur).	146
Mynd 14 Fyrir miðri mynd er eldstæði [235] með móöskufyllingu að auki sjást torfveggir með landnámslaginu í. (Mynd tekin í NA).	149
Mynd 15 Fyllingar hafa verið fjarlægðar úr eldstæðinu að mestu en steinar eru enn til staðar. (Mynd tekin í NA).	150
Mynd 16 Eldstæði í mannvirki 1 (Mynd tekin í NV)	154
Mynd 17 Sniðteikning af mannvistarlögum á milli lðnaðarbanka/Íslandsbankabyggingar og kjallara Lækjargötu 12A.	158
Mynd 18 Eldstæði [202] ásamt fyllingu [180] og pinnaholu [180] að vestanverðu. (Mynd tekin í S).	160
Mynd 19 Eldstæði [193] ásamt gólflögum í kring auk eldstæðis [202], fjær á myndinni (Mynd tekin í V).	161


Mynd 20 Nærmynd af eldstæði [193] (Mynd tekin í NV).....	161
Mynd 21 Sniðteikning af eldstæði [193].....	163
Mynd 22 Eldstæði [237] (Mynd tekin í N).....	164
Mynd 23 Eldstæði [264] ásamt fyllingu [263] að austanverðu á myndinni og eldstæði [237]. (Mynd tekin í N).	167
Mynd 24 Eldstæði [264] eftir að fylling var fjarlægð (Mynd tekin í norður).....	167
Mynd 25 Á myndinni sést torfveggur að vestanverðu auk stétta [265] og [266] að sunnanverðu. Fyrir miðri mynd er gólflag [259] og stoðarsteinar. Ræsissskurðurinn fór í gegnum vegginn sem sést neðst á myndinni. (Mynd tekin í S).	168
Mynd 26 Mynstur í gólflagi [159] (Mynd tekin í A).....	169
Mynd 27 Viðarfjalir í gólfi (Mynd tekin í S).	170
Mynd 28 Gólflag [159] í mannvirki 2, einnig sjást stoðarsteinar og stétt [265].....	171
Mynd 29 Eldstæði [284] eftir að fylling var að mestu fjarlægð. (Mynd tekin í A).....	172
Mynd 30 Loftmynd af mannvirki 2 og 3.....	173
Mynd 31 Stétt [280] í mannvirki 3 (Mynd tekin í A).	175

Kortaskrá

Kort 1 Lækjargöturiturinn	125
Kort 2 Á kortinu sjást yngstu mannvirkin á svæði B.....	127
Kort 3 Kort af mannvirkjum sem tilheyra byggingarstigi 2.....	136
Kort 4. Á kortinu er skálinn ásamt mannvirkjum 1, 2 og 3. Tilgátuveggir eru brúnir á lit..	144
Kort 5 Mannvirki 1, fasi 1c.	147
Kort 6 Mannvirki 1, fasi 1b.	151
Kort 7 Mannvirki 1, fasi 1a.	153
Kort 8. Á teikningunni hefur svört lína verið teiknuð inn á sem sýnir hvar sniðteikningin var gerð. (Sjá mynd 17).	159
Kort 9. Eldstæði í mannvirki 2.....	162
Kort 10. Teikning af eldstæðum [284], [264] og [237].....	165
Kort 11. Gólflög í mannvirki 2.	168
Kort 12. Mannvirki 1, 2 og 3 ásamt tilgátu um það hvernig veggir litu út.	174

1. Inngangur

Lækjargöturéiturinn samanstendur af tveimur svæðum, svæði A sem var norðan við Iðnaðarbanka/Íslandsbanka (Lækjargata 12) og svæði B sem var sunnan við bankabygginguna. Lækjargöturéiturinn er í miðborg Reykjavíkur austanvert í Kvosinni. Fornleifarannsókn á svæði B á Lækjargöturéit hófst 20. september 2015 og lauk 24. nóvember sama ár. Rannsóknin var framhald af þeirri sem fram fór á svæði A og var unnin af Fornleifastofnun Íslands fyrir Íslandshótel. Svæði B afmarkaðist af Lækjargötu í austri, Vonarstræti í suðri, bílastæði Vonarstrætis 4 í vestri, skúrum og Lækjargötu 12 (Iðnaðarbanka, síðar Íslandsbanka) í norðri (Sjá kort 1). Rannsóknarsvæðið var um 920 m² að stærð. Heimildir sýna að þarna var þétt byggt undir lok 19. aldar og í byrjun þeirrar 20. en búsetu lauk á reitnum árið 1967 í miklum bruna og hefur þar síðan þá verið bílastæði. Ekki var vitneskja um eldri byggð á þessu svæði. Við rannsókn fyrr um sumarið kom í ljós skálabygging á svæði A, 20 m norðan við svæði B, og því var viðbúið að á svæðinu gætu leynst eldri minjar – eins og kom á daginn. Minjarnar voru á tímabilum sem skipast í þrjú byggingarstig. Byggingarstig 3 nær yfir tímabilið 1902-1967 og tilheyra því tímabili mannvirki 8, 9, 10, 11 og 12. Byggingarstig 2 nær yfir tímabilið 1820-1916 og tilheyra því tímabili mannvirki 5, 6 og 7. Byggingarstig 1 nær yfir minjar frá víkingaöld og því tímabili tilheyra mannvirki 1, 2 og 3. Stjórnandi rannsóknar var Lísabet Guðmundsdóttir en auk hennar unnu 6 fornleifafræðingar við rannsóknina í lengri eða skemmri tíma. Þau voru Lilja Laufey Davíðsdóttir, Sólrún Inga Traustadóttir, Þórdís Hermannsdóttir, Brenda Prehal, Anna Hellgren, Howell Roberts og Guðrún Friðriksdóttir. Um vélgröft sá Gunnar Sverrisson og tengiliður við framkvæmdaraðila var Þorkell Erlingsson. Rannsóknarnúmer er 201503-88 og safnnúmer Þjóðminjasafns Íslands er 2015-10.



2. Markmið og aðferðafræði

Minjastofnun Íslands fór fram á að minjar á framkvæmdasvæðinu yrðu rannsakaðar til fulls líkt og norðan við Lækjargötu 12. Markmið rannsóknarinnar var að rannsaka allar þekktar minjar á svæðinu en þar að auki var möguleiki á því að leifar kæmu í ljós sem tengdust bæjarstæðinu að norðanverðu. Rannsóknin á svæði B miðaði því m.a. að því að fá heildstæðari mynd af skálanum og öðrum samtíða byggingum frá víkingaöld. Við uppgröft var einingaraðferðin (e. Single context recording) notuð. Einingaraðferðin byggist á því að jarðlag er skilgreint út frá lit, áferð, efni og tegund, til að mynda, torfveggur, stoðarhola, gólflag o.s.frv. Hver eining er mæld og teiknuð, gefið hlaupandi númer, ljósmynduð og lýst á þar til gerðum skrásetningarblöðum. Við rannsóknina var notuð Trimble alstöð til þess að

mæla upp jarðlög og gripi en í vissum tilvikum voru einingar handteiknaðar ef talin var þörf á. Gripir voru mældir inn í það jarðlag sem þeir fundust í. Þar með fékkst nákvæm staðsetning hvers grips ásamt hæð yfir sjávarmáli. Elstu mannvistarleifarnar voru sigtaðar í 4 mm sigti og 10 l jarðvegssýni tekið úr hverju gólflagi og eldstæðum. Allar mælingar eru í lsnet 93 hnitakerfinu.

3. Fyrri rannsóknir

Í lok apríl og byrjun maí 2015 voru grafnir alls sex könnunarskurðir á rannsóknarsvæðinu til þess að kanna hvort þar væru mannvistarlög. Þrír voru grafnir norðan við Lækjargötu 12 og þrír sunnan við. Í öllum sex skurðum voru mannvistarleifar og augljóslega mannvirki í skurðunum að sunnanverðu.⁶¹ Auk könnunarskurðanna hafði verið gerð húsakönnun á reitnum sem afmarkast af Vonarstræti, Templarasundi, Kirkjutorgi, Skólabrú og Lækjargötu. Lækjargöturiturinn er innan þessa reits. Í könnuninni var farið yfir sögu reitsins og húsanna sem þar stóðu og standa enn.⁶² Niðurstöður þessara rannsókna leiddu til þess að Minjastofnun fór fram á að reiturinn yrði fullgrafinn.

4. Byggingarstig 3


Tímabil: 19.-20. öld

Byggingarstig 3 er yngsta byggingarstigið á svæði B og nær það yfir tímabilið 1902-1967. Byggingarstig 2 og 3 skarast lítillega þar sem Waageshúsið stóð fram til 1916. Í köflunum hér á eftir verður fjallað um þau hús sem stóðu á svæðinu út frá þeim minjum sem rannsakaðar voru auk ritheimilda. Yfir mannvirkjunum voru að hluta yfirborðslög og hreyfð ruslög sem voru fjarlægð með gröfu, það voru lög [188] og [192]. Þykkt þeirra var frá 20 allt upp í 50 cm og voru þau greinilega mjög hreyfð þegar svæðið var jafnað eftir brunann árið 1967.

Svæði B - Byggingarstig 3

⁶¹ Lísabet Guðmundsdóttir. 2015. bls. 12-13.

⁶² Sjá Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 2005. *Húsakönnun. Vonarstræti – Templarasund – Kirkjutorg – Skólabrú – Lækjargata*. Minjasafn Reykjavíkur. Reykjavík



Kort 38 Á kortinu sjást yngstu mannvirkin á svæði B



Mynd 60. Á myndinni sjást húsgrunnar Lækjargötu 12a og b, Vonarstræti 2 ásamt smíðahúsi og bakhúsi (mynd tekin í suður).

4.1 Lækjargata 12a – mannvirki 8

Lækjargata 12a var byggð árið 1902 af Jóni Guðmundsyni trésmiði. Hann hafði þá keypt suðurhluta lóðar Waageshúss, þar sem áður stóðu útihús, til að byggja þar timburhús. Upphaflega átti þetta að vera eitt hús en fljótlega var ákveðið að byggja tvö sambyggð hús, Lækjargötu 12a og 12b (mannvirki 8 og 9). Húsin sem byggð voru, voru tvílyft grindarhús af einfaldri gerð sem voru klædd að utan með bárujárn og kjallari var undir hvoru um sig. Húsin voru alveg eins og á milli þeirra var eldvarnarveggur. Árið 1921 var settur kvistur á austurhlíð hússins. Jón seldi húsið þegar það var nýbyggt og urðu tíð eigendaskipti á því á næstu árum.⁶³ Um 1920 keyptu Flosi Sigurðsson trésmiður og eiginkona hans Jónína Jónatansdóttir, formaður Verkakvinnafélagsins Framsóknar, húsið og bjuggu þar sem og

⁶³ Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1987, bls. 193.

afkomendur þeirra eftir þeirra dag. Stuttu fyrir 1967 keypti lðnaðarbankinn Lækjargötu 12a en þá bjó sonarsonur Flosa og Jónínu, Flosi Ólafsson leikari, á efri hæð hússins ásamt fjölskyldu sinni. Á neðri hæðinni bjó Sigprúður Sigurðardóttir.⁶⁴ Húsið brann til kaldra kola í miklum bruna árið 1967 þegar eldur kom upp í Lækjargötu 12a þann 10. mars. Þegar eldurinn hafði verið slökktur var ekkert eftir nema rústir húsanna.⁶⁵ Þær voru hreinsaðar í burtu af lóðinni. Síðar voru lóðirnar Lækjargata 12a, Lækjargata 12b og Vonarstræti 2 sameinaðar í eina lóð, Lækjargötu 12, og gert var þar bílastæði fyrir bankahúsið.⁶⁶

Grunnur kjallara Lækjargötu 12a var það fyrsta sem kom í ljós þegar yfirborðslagið [100] var fjarlæggt. Kjallarinn var 8,5 x 3,2 metra að innanmáli með 2,5 x 1,7 metra útskoti á norðausturhlið. Hann var steypdur og ofan í honum voru sjáanlegar brunaleifar sem rutt hafði verið þar ofan í þegar svæðið var hreinsað eftir brunann. Leifar af plönkum mátti sjá í vesturhorni kjallarans þar sem stiginn niður í hann hefur eflaust verið. Enginn skurður var í kringum kjallarann og hefur hann því verið steypdur beint ofan í niðurgröftinn. Norðvestan við steypa kjallarann mátti augljóslega greina útskot sem sést vel á kortum af húsinu. Umhverfis útskotið var U-laga skurður [145] með grjót-, malar og sandfyllingu [159], 3,5 x 3 metrar á stærð og 40 – 50 cm á dýpt. Steinarnir voru margir hverjir frekar stórir en fyllingin var þó ólík hinum á svæðinu að því leyti að það var mun meira af sandi í henni en grjóti. Svipaður skurður [138] lá á milli kjallaranna tveggja í Lækjargötu 12a og 12b og var hann 3 metrar að lengd og 1,1 metri að breidd. Hann var með miklu af stóru og þungu grjóti ásamt nokkrum minni steinum. Eingöngu grunnar kjallaranna á Lækjargötu 12a og b voru varðveittir en húsgrunnar hússins sjálfs höfðu verið fjarlægðir. Báðir kjallarar voru eingöngu undir hluta hússins.

⁶⁴ Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, 2005, bls. 17; Páll LINDAL, 1987, bls. 156.

⁶⁵ lðnaðarbankinn brann..., 1967, 10. mars, bls. 1 og 7; Mesti brunni síðustu ára, 1967, 11. mars, bls. 1 og 14; Ræður og starfsbækur..., 1967, 11. mars, bls. 10-11.

⁶⁶ Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, 2005, bls. 28.



Mynd 61 Kjallari Lækjargötu 12a (Mynd tekin í S).

4.2 Lækjargata 12b – mannvirki 9

Lækjargata 12b var, líkt og Lækjargata 12a, bárujárnsklætt timburhús með kjallara. Eins og áður hefur komið fram voru húsin tvö sambyggð og litu út eins og eitt hús. Jón Guðmundson fékk leyfi til að byggja húsið, líkt og Lækjargötu 12a, en seldi það Sigurjóni Sigurðssyni á meðan það var enn í byggingu. Árið 1916 keyptu séra Bjarni Jónsson dómkirkjuprestur og eiginkona hans Áslaug Ágústsdóttir húsið. Áslaug og dóttir þeirra hjóna bjuggu í húsinu allt þar til það brann árið 1967, en séra Bjarni hafði látist nokkru áður.⁶⁷ Lækjargata 12b var að sögn fyrsta húsið í borginni sem leitt var vatn í og var þá lögð vatnsleiðsla úr Skálholtslind um leið og húsið var byggt árið 1902.⁶⁸ Eftir að húsið brann árið 1967 var það selt lðnaðarbankanum sem, eins og áður hefur komið fram, sameinaði lóðirnar þrjár, Lækjargötu 12a, 12b og Vonarstræti 2 undir eina og sömu lóð, Lækjargötu 12.⁶⁹

Á fyrrum lóð Lækjargötu 12b kom einnig í ljós kjallari, 7 x 3 metrar að stærð með smávegis stigaútskoti á norðvesturhlið og var það 1,8 x 1 metri að stærð. Suðvesturhluti kjallarans gekk þó undir gangstétt við Vonarstræti og því óvíst um lengd kjallarans. Kjallarinn

⁶⁷ Drífa Kristín Prastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, 2005, bls. 27-28; Páll Lindal, 1987, bls.156.

⁶⁸ Lúðvík Kristjánsson, 1952, bls. 81.

⁶⁹ Drífa Kristín Prastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, 2005, bls. 28.

var steypur og á norðvesturhliðinni lá steypiti hlutinn ofan á niðurgröfnum hleðslum/púkki að nokkru, og var það líklega hluti af grunnni hússins á þessari hlið. Niðurgröftur [140] fyrir kjallarann á Lækjargötu 12b var mun breiðari en kjallara Lækjargötu 12a sem var steypur beint ofan í grunninn. Fyllt hafði verið upp í með sandi, möl og smásteinum eftir að grunnurinn hafði verið steypur.

Ummerki eftir grunn húsanna var að finna á milli kjallaranna að Lækjargötu 12a og 12b en þar var skurður með grjótfyllingu [138] eins og sagt var frá hér á undan. Einnig sjást ummerki eftir húsgrunninn á útskoti nokkru vestan við kjallarann, keimlíku því sem sást við Lækjargötu 12a. Skurðurinn [186] var ferhyrndur og var 3,1 m x 3,1 m að stærð. Fylling [187] í skurðinum var úr miðlungsstórum steinum og litlum en þó var sandur þar líka. Við austurmörk uppgriftarsvæðisins kom í ljós partur af hleðslu sem gæti hafa tilheyrt húsgrunni Lækjargötu 12b. Þessi partur af hleðslu [136] lá nánast samsíða uppgriftarmörkum í austri. Þar sást a.m.k þrjú umför af steinum og hugsanlega hefur verið grafið niður fyrir hleðslunum en ekki var hægt að greina það þar sem aðeins sást í steinana í sniðinu. Sá hluti hleðslunnar sem var sjáanlegur var 1,5 metrar á lengd en líklega nær hún út undir gangstéttina. Það er óvíst hversu breið hún var þar sem hún er alveg á mörkum uppgriftarsvæðisins.



Mynd 62 Húsgrunnur Lækjargötu 12b (Mynd tekin í NA).

4.3 Vonarstræti 2 – mannvirki 10

Vonarstræti 2 var byggt á sama tíma og Lækjargata 12a og 12b eða árið 1902 af Sigurjóni Sigurðssyni. Upphaflega var það smíða- og geymsluhús úr bindingi og tilheyrði þá Lækjargötu 12b en árið 1904 var því breytt í íbúðarhús. Það var svo árið 1907 sem það var gert að sjálfstæðri eign og varð Vonarstræti 2. Húsið var þá einlyft grindarhús sem var portbyggt og með risi. Það var járnklætt að utan og einnig með járnþaki. Þegar húsinu hafði verið breytt í íbúðarhús, var reist viðbygging norðan við það en þar var komið fyrir eldhúsi og forstofu. Kolbeinn Þorsteinsson eignaðist húsið árið 1907 en síðan skipti það nokkrum sinnum um eigendur.⁷⁰ Það brann árið 1967 ásamt Lækjargötu 12a og b en þá bjó þar Sigurður Kristjánsson fyrrum alþingismaður. Þegar loks tókst að slökva eldinn var húsið rústir einar, eins og Lækjargata 12a og b og bakhúsið sem tilheyrði Lækjargötu 12a. Lóðin var hreinsuð og síðar keypti Iðnaðarbankinn hana og lét gera þar bílastæði fyrir bankann.⁷¹

Á uppgriftarsvæðinu komu fram mjög raskaðar leifar af húsgrunni Vonarstrætis 2. Nánast ekkert var eftir af upprunalega húsinu eins og það var þegar það var byggt árið 1902 en hleðsla, púkk [114] undir henni og skurður fundust sem líklega hafa tilheyrt viðbyggingunni sem byggð var eftir að húsið var gert að íbúðarhúsi árið 1907. Hugsanlega gætu verið hleðslur undir gangstétt Vonarstrætis en gatan hefur breikkað allmikið frá því að húsið stóð þar og var suðurhlið þess því utan uppgriftarsvæðisins. Nokkrir hleðslusteinir voru meðfram suðvesturhlið svæðisins en þeir voru raskaðir og hafa líklega verið færðir úr stað. Fjórir tilhöggur hleðslusteinir, hluti af hleðslu [107], lágu í röð NV-SA og gætu hafa tilheyrt upprunalegu smíða- og geymsluhúsi eða viðbyggingunni. Hleðslan var 2,9 m á lengd og 0,3 m breidd. Annar hluti hleðslu [107] sem hefur tilheyrt viðbyggingu Vonarstrætis 2 fannst einnig og lá sá NA-SV. Þetta var niðurgrafinn skurður með grjótfyllingu og tilhöggnum hleðslusteinum raðað þar ofan á. Þessi hluti grunnsins var 9,5 m að lengd og 1,2 m að breidd. Þvert á hleðslu [107] lá hleðsla [108] sem einnig hafði að geyma niðurgrafinn skurð [178] fylltan með grjóti og steinum, þar sem tilhöggnum hleðslusteinum var svo raðað ofan á. Í framhaldi af hleðslunni var skurður [198] og grjótfylling [179] sem lágu upp að norðvestursniði uppgriftarsvæðisins og áfram þar undir. Í þessum áframhaldandi hluta húsgrunnsins var ekkert hleðslugrjót. Þessar hleðslur voru samanlagt 5,6 m á lengd og 0,7 m á breidd og lágu samsíða hleðslu og niðurgrefti [178] sem tilheyrði gömlu bakhúsi

⁷⁰ Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1987, bls. 198.

⁷¹ Iðnaðarbankinn brann., 1967, 10. mars, bls. 1 og 7; Mesti bruni síðustu ára, 1967, 11. mars, bls. 1 og 14; Ræður og starfsbækur., 1967, 11. mars, bls. 10-11.

Lækjargötu 12a. Þessi hús hafa verið byggð hvort upp við annað. Víst má telja að áframhaldandi hleðslur Vonarstrætis 2 sé að finna á ógröfnu svæði í portinu hjá Vonarstræti 4 og 4b en bæði húsgrunnur [107] sem og [198] ganga þar undir.



Mynd 63 Húsgrunnur Vonarstrætis 2 (Mynd tekin í norður).

4.4 Bakhús við Lækjargötu 12a – mannvirki 11

Á baklóðinni vestan við Lækjargötu 12a var byggt smíða- og geymsluhús úr bindingi á svipuðum tíma og íbúðarhúsið var reist. Það stóð þó ekki lengi þar sem það var rífið árið 1910 af þáverandi eiganda Hjálmtý Sigurðssyni, og nýtt tveggja hæða geymsluhús byggt úr steinsteypu í staðinn.⁷² Annað bakhús stóð einnig á lóðinni til ársins 1967 og stóð það þá alveg upp við steinhúsið Vonarstræti 4c. Bakhúsið brann til kaldra kola árið 1967 þegar kviknaði í Lækjargötu 12a og var lóðin hreinsuð og gerð þar bílastæði fyrir bankann.⁷³

Grunnur bakhúss Lækjargötu 12a fannst tvo metra norðvestan við íbúðarhúsið. Um var að ræða niðurgröft [131] fullan af frekar smáum steinum og einnig nokkrum stærri [132]. Grunnurinn liggur í NV-SA og er 5,2 m að lengd og 2,5 m að breidd að innanmáli. Hinsvegar er grunnurinn raskaður af skurði sem grafinn var þegar lðnaðarbankinn var reistur og vantar því alveg norðausturhlíðina á hann. Hann gæti því hafa verið breiðari. Sömuleiðis er hann

⁷² Drífa Kristín Prastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, 2005, bls. 17-18.

⁷³ lðnaðarbankinn brann..., 1967, 10. mars, bls. 1 og 7; Mesti bruni síðustu ára, 1967, 11. mars, bls. 1 og 14; Ræður og starfsbækur..., 1967, 11. mars, bls. 10-11.

skorinn af öðrum húsgrunni, skurði [163] og grjótfyllingu [146] sem tilheyra Steinhúsinu svokallaða og hefur því þetta geymslu- og smíðahús við Lækjargötu 12a verið fjarlægt áður en Steinhúsið var byggt. Heimildir segja að þetta bakhús hafi verið rífið árið 1910 og samkvæmt brunavirðingum húsa í Reykjavík var Steinhúsið byggt árið 1909.⁷⁴ Bakhúsið hlýtur því að hafa verið rífið fyrr en heimildir segja, því ef að það hefði verið uppstandandi hefðu grunnar þess og Steinhússins ekki skarast líkt og fornleifarnar sýna.



Mynd 64 Púkk undir mannvirki 11 (Mynd tekin í suður).

Engin ummerki voru um hús á þessu svæði úr steinsteypu eins og heimildir segja til um. Smávægilegar steinsteypuleifar voru á milli steina [104] en svo virðist sem húsið hafi verið fjarlægt með öllu.

4.5 Smíðahús – mannvirki 12


Smíðahúsið svokallaða var byggt árið 1909 af Sigurjóni Sigurðssyni á baklóð Lækjargötu 10b og var það skráð sem Lækjargata 10d en síðar var skráningunni breytt í Vonarstræti 4c. Smíðahúsið var hlaðið úr steini.⁷⁵ Árið 1928 var byggt verksmíðjuhús til brjóstsykurs- og konfektgerðar á lóð Vonarstrætis 4b og þegar það var stækkað nokkrum árum síðar, var

⁷⁴ Borgarskjalasafn Reykjavíkur, á.á, bls. 47.

⁷⁵ Drífa Kristín Prastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, 2005, bls. 20-21.

starfsemin einnig útvíkkuð í þetta gamla smíðahús.⁷⁶ Smíðahúsið eða Vonarstræti 4c stóð til ársins 1967 en eyðilagðist að miklum hluta í stórbruninum sem kviknaði út frá Lækjargötu 12a. Þá hýsti það Kaffibrennslu Magnúsar Blöndahl. Það var því rífið þegar lóðin var hreinsuð stuttu eftir eldsvoðann 1967.⁷⁷

Grunnur Steinhússins kom í ljós norðvestan við Lækjargötu 12a og lá þar samsíða húsgrunni Vonarstrætis 2 og þétt upp við hann. Grunnurinn var, líkt og aðrir á svæðinu, grafinn niður og fyllt upp í hann með grjóti. Norðvesturveggurinn samanstóð af skurði [177] og grjótfillingu [169]. Húsgrunnurinn er skorinn í gegnum lag [167] og lag [168] sem er norðan við fyrrnefnt lag. Bæði lögin eru blönduð, sendin með talsverðu af smágrjóti. Lag [168] er dekkra og leirkenndara og var því greint frá lagi [167], einnig eru þau bæði innan húsgrunnins. Suðvesturveggurinn samanstóð af skurði [178] og fyllingu [108b] og suðausturveggurinn af skurði [163] og fyllingu [146]. Norðvesturveggurinn [177] og suðausturveggurinn [163] voru báðir raskaðir eftir að jarðhæð lónaðarbankans var stækkuð árið 1985⁷⁸ og ekkert var eftir af norðausturvegg þess vegna. Norðvesturveggurinn [177] var sömuleiðis raskaður við opnun uppgraftarsvæðisins en hluti grjótfillingarinnar var þá grafinn í burtu. Grunnurinn var 6,5 m að lengd og 3,2 m að breidd en hefur náð lengra til norðvesturs áður en viðbygging bankans var byggð. Grjótið í fyllingum skurðanna var allstórt með minni steinum inn á milli til uppfyllingar.



Mynd 65 Húsgrunnur mannvirkis 12 (Mynd tekin í vestur).

⁷⁶ Drífa Kristín Prastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, 2005, bls. 27-28.


⁷⁷ *Vísir*, 10. mars 1967, bls. 1, 7, 10 og 16; 11. mars 1967, bls. 1, 10 og 16; 13. mars 1967, bls. 1 og 10 – *Morgunblaðið*, 11. mars 1967, bls. 1, 3, 10–11 og 14; 12. mars 1967, bls. 4 og 31–32.

⁷⁸ Drífa Kristín Prastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, 2005, bls. 40.

5. Byggingarstig 2

Tímabil: 19. öld til upphafs þeirrar 20.

Svæði B – Byggingarstig 2



Waagehúsið var byggt árið 1820 af Guðbrandi Stefánssyni járnsmiði á lóð sem seinna varð Lækjargata 10b. Húsið var upphaflega kallað Thorgrímshús eftir Sigurði Thorgrímson

landfógeta sem flutti í húsið um 1830. Í kringum árið 1874 keypti kaupmaðurinn Eggert Waage húsið og var því farið að kalla húsið Waageshús eftir honum.⁷⁹ Seinna bjó svo sonur Eggerts, Sigurður Waage, í húsinu og þá var nafngiftin Waageshús orðin tryggilega niðurnjörfuð. Húsið var múrsteinshlaðið grindarhús með borðaklæddum veggjum. Þakið var sömuleiðis borðapak. Upphaflega var það aðeins ein hæð en árið 1892 var það hækkað upp í tvær hæðir og sömuleiðis lengt.⁸⁰ Waageshúsið stóð á sínum stað í 87 ár en árið 1907 var það fært vestar á lóðina og var þá skráð sem Lækjargata 10c. Þar stóð það í um 9 ár en eyðilagðist í eldsvoða árið 1916, þá orðið 96 ára gamalt.⁸¹



Mynd 66. Teikning af Lækjarkoti, Waageshúsinu og útihúsum eftir Jón Helgason. (Mynd: Borgarsögusafn).

⁷⁹ Páll Líndal, 1987, bls. 155-156.


⁸⁰ Drífa Kristín Prastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, 2005, bls. 12; Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1987, bls. 191.

⁸¹ Drífa Kristín Prastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, 2005, bls. 20 -21.



Mynd 67 Húsgrunnur Waageshússins en grunninum var raskað vegna síðari tíma framkvæmda. (Mynd tekin í vestur).

Hleðslur eftir Waageshúsið fundust í portinu hjá Vonarstræti 4b og gamla Íslandsbanka, Lækjargötu 12. Húsgrunnur þessi var þó aðeins lítill hluti af grunni Waageshússins eftir að það var fært vestar á lóð Lækjargötu 10b. Þar var niðurgrafinn grunnur [166] undan húsi með grjóthleðslu/fyllingu [105]. Grjótið var stórt og inn á milli voru smærri steinar til uppfyllingar. Aðeins lítið horn af grunninum kom í ljós í portinu en norðurhluti hans liggur undir skúr og vesturhluti gengur að einhverju leyti undir Vonarstræti 4b, þó svo að megnið af honum sé án efa horfið vegna byggingar kjallara hússins. Þetta horn sem eftir er af grunninum er 3,5 metrar á lengd í norður-suður, 2,2 metrar á lengd í austur-vestur og 1 metri á breidd. Út frá austurhlíð grunnsins lá mjórri skurður með álíka grjótfyllingu sem gæti verið einhverskonar útskot eða viðbygging við Waageshúsið. Hann liggur í austur en beygir svo örlítið til norðurs. Svæðið austan við hann er þó verulega raskað vegna bankabyggingarinnar og erfitt að segja hvort hann hafi gengið lengra til austurs. Þessi hluti grunnsins er 2,2 m á lengd (austur-vestur), 1,7 m á lengd í norður-suður og 0,7 – 0,8 m á breidd.



5.1 Útihús Waageshúss – Mannvirki 6

Waageshúsinu, sem byggt var árið 1820, fylgdu útihús. Á korti frá 1836 má sjá eitt útihús en á korti frá 1876 eru þau orðin tvö.⁸² Útihúsin tvö stóðu sunnar á lóðinni, nær Tjörninni. Lítið er vitað um hverskonar útihús þetta voru. Þó eru heimildir fyrir því að útihúsið sem stóð árið 1836 hafi verið mógeymsla með áföstum kamri við suðurgafli.⁸³ Þegar Jón Guðmundson

⁸² Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1987, aukarit aftast í bók.

⁸³ Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1987, bls. 191.

keypti þennan hluta lóðarinnar til að byggja Lækjargötu 12a og 12b, voru þar tvö geymsluhús sem líklega hafa verið þessi sömu útihús. Geymsluhúsin voru rifin áður en Jón hóf að byggja húsin tvö við Lækjargötu.

Steinhleðsla [136], túlkuð sem leifar útihúsanna frá Waagehúsi, fannst í suðausturhorni uppgraftarsvæðisins. Þar var um að ræða tvöfalda steinhleðslu með einu umfari steina sem liggur í boga frá vestri til norðausturs og er hún 1,4 m á lengd og 0,5 m á breidd. Ekki var sjáanlegt torf í hleðslunni en þar sem útihúsin voru rifin áður en byggja átti íbúðarhúsin má ætla að ummerki eftir þau séu horfin nema helst undirstöður. Þessar leifar gætu verið annað hvort neðstu raðir í veggjum annars útihússins eða jafnvel gerði. Ein stoðarhola [144] tilheyrði þessum hleðslum og gæti því hafa tilheyrt útihúsinu. Í fyllingu stoðarholunnar [143] var morkinn viður, leifar af viðarstöð.



Mynd 68 Steinhleðsla [136], sem líklegast var hluti af útihúsum sem þarna stóðu. Vestan við steinhleðsluna var niðurgröftur [120] og sést móta í fyllingu [121] (Mynd tekin í S).

Stoðarholur eftir girðingarstaura sem tengjast útihúsunum fundust norðan við hleðsluna og hafa þær líklega verið til þess að girða af tún sem voru umhverfis útihúsin, eins og sjá má á korti frá 1836.⁸⁴ Stoðarholurnar voru sjö, [115], [122], [129], [130], [133], [134] og [252] og lágu þær í nánast beinni röð í N-S á 15,5 metra kafla. Allar voru þær um 30-40 cm í þvermál.

⁸⁴ Drífa Kristín Prastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, 2005, bls. 12.



Mynd 69 Stoðarholur fyrir girðingastaura sem voru samtíða útihúsunum. (Mynd tekin í N).

Norðurhelmingur girðingarinnar var mikið raskaður af kjallara Lækjargötu 12a og ýmsum lagnaskurðum og voru tvær stoðarholur eftir á því svæði, hola [115] og [252]. Hinar fimm voru allar sunnan við kjallarann með 1,7 metra millibili fyrir utan eina [122] sem var 0,85 m frá næstu stoð [129]. Það gæti þýtt að rask hafi orðið á einum girðingarstaur og því hafi verið nauðsynlegt setja niður annan staur nálægt þeim ónýta til að lagfæra girðinguna. Í öllum stoðarholunum voru steinar sem hafa verið notaðir til að styrkja og styðja við staurinn. Steinarnir voru þétt lagðir í fyllingunni og virðist hafa verið vandað til verka. Engar viðarleifar voru í fyllingum stoðarholanna og því er líklegt að staurarnir hafi verið fjarlægðir þegar notkun girðingarinnar var hætt. Syðst á svæðinu var svipuð steinahrúga og fannst hjá stoðarholunum fyrir utan að þar var enginn niðurgröftur. Steinahrúgan er u.þ.b 1,7 metra frá næstu stoðarholu og líklegast var þar áttundi girðingarsturinn þrátt fyrir að ekki hafi fundist neinn niðurgröftur. Um það bil 1 m vestan við steinhleðslu [136] var sporöskjulaga niðurgröftur [120] sem var 1,5 m á lengd og 1 m á breidd. Í niðurgreftinum var fylling [121] sem var aðallega móöskublandað rusl. Ekki er ljóst hvort niðurgröfturinn var samtíða útihúsinu. Hann kann að vera yngri auk þess sem ekki er vitað hver tilgangurinn hefur verið með honum.



Mynd 70. Á ljósmyndinni er Lækjarkot lengst til vinstri, Waageshúsið á miðri myndinni og útihúsin lengst til hægri. (Ljósmyndari óþekktur).

5.2 Gamli Tjarnarbakkinn – mannvirki 7

Byrjað var að fylla upp í Tjörnina í kringum árið 1860 en þá fékk Jakob Sveinson lóð undir hús sitt, Kirkjutorg 6a, við bakka Tjarnarinnar þar sem gert var ráð fyrir uppfyllingu. Fleiri sem fengu lóðir við bakka hennar fylgdu fordæmi Jakobs og virðist sem það hafi verið stefna bæjarstjórnar að fylla smám saman upp í Tjörnina. Vitað er að margir landeigendur hlóðu steingarða við lóðarmörk sín til þess að verjast ágangi vatns frá Tjörninni og var Jakob með þeim fyrstu sem gerðu það á sinni lóð.⁸⁵ Á uppdrætti Sveins Sveinssonar frá árinu 1887 af Tjörninni og Kvosinni, má sjá að búið er að gera hleðslu við tjarnarbakkann sem kom fram á uppgraftarsvæðinu við Lækjargötu 12, en hins vegar er hann ekki á uppdrættinum frá árinu 1876.⁸⁶ Því má ætla að tjarnarbakkinn hafi verið hlaðinn einhvern tímann á þessu 11 ára tímabili.

Á uppgraftarsvæðinu kom í ljós hleðsla [109] sem lá í NV-SA þvert yfir uppgraftarsvæðið bæði til norðvesturs og til suðausturs undir Vonarstræti. Sá hluti hleðslunnar sem er innan uppgraftarsvæðisins var nokkuð heillegur. Hleðslan gekk undir

⁸⁵ Ólafur Karl Nielsen, 1992, bls. 55-56.

⁸⁶ Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1987, aukarit aftast í bók.

púkk [107] sem tilheyrði Vonarstræti 2 og var skorin af járnörri sem tilheyrir hefur Lækjargötu 12a og 12b. Nokkra steina vantaði hér og þar en annars var hleðslan í góðu ásigkomulagi.




Mynd 71 Gamli tjarnarbakkinn sem hlaðinn var á milli 1876 og 1887 (Mannvirki 7). (Mynd tekin í SV).

6. Byggingarstig 1

Tímabil: 9. – 12. öld

Minjar sem tilheyra byggingarstigi 1 eru frá 9. öld til hinnar 12. Leifar þriggja mannvirkja voru rannsakaðar og voru þær á norðausturhluta svæðisins. Mannvirkin voru verulega röskuð vegna seinni tíma framkvæmda og voru eingöngu lítil brot af þeim varðveitt. Ekki fundust minjar annarstaðar á svæðinu sem tilheyra þessu byggingarstigi og er það líklegast vegna umhverfisaðstæðna þar sem eftir landnám verður svæðið votlent.

Svæði B – Byggingarstig 1



Kort 40. Á kortinu er skálinn ásamt mannvirkjum 1, 2 og 3. Tilgátuveggir eru brúnir á lit.

6.1 Mannvirki 1

Mannvirki 1 var fast við austurhlið uppgraftarsvæðisins, sunnan við kjallara Lækjargötu 12a og austan við kjallara Lækjargötu 12b. Austurhluti þess heldur áfram undir gangstétt Lækjargötunnar en norðurhluti þess er skorinn af kjallaranum. Það er því einungis lítið horn sjáanlegt af mannvirkinu. Mannvirkið lá beint undir 19. aldar minjum, þar á meðal stóru móöskuruslalagi [101] sem lá yfir öllu svæðinu. Stoðarholur fyrir girðingarstaura sem tilheyra líklega notkun útihúsa sem byggð voru á fyrri hluta 19. aldar, voru teknar í gegnum hluta af því. Það var grunnt niður á minjarnar eða aðeins um hálfur metri frá uppfyllingu [100].

Innan mannvirkisins voru þrjár mismunandi fasar 1a, 1b og 1c sem Við inngang þess fundust stoðarhola og möguleg torfþekja með landnámsgjósku og K-R-laginu (Katla 920). Það er því hugsanlegt að það hafi verið þak á byggingunni á mannvirkinu í yngsta fasanum.

6.1.1 Fasi 1c – óviss notkun á lokaskeiði mannvirkisins


Þegar ruslslag [101] var fjarlæggt, sást móta fyrir torfveggjum með landnámslaginu í sem tilheyrðu mannvirki 1. Þar var torfveggur [257] að norðvestanverðu sem sást mjög vel og að sunnanverðu var torfveggur [275] þar sem sást móta fyrir torfi. Yfir stórum hluta mannvirkisins lá móöskulag [148] sem var frekar hreint á köflum með dálitlu af kolum og brenndum beinum og nokkru af grænleitum leirlinum. Mikið var af lóbörðum steinum [149] og [150] sem voru sumir hverjir eldsmerktir. Í laginu fundust flestir af þeim fáu gripum sem tengdust mannvirkinu. Þetta voru járnnegli F# 540 og tveir snældusnúðar, annar úr grænum sandsteini og mjög illa varðveittur F# 538 en hinn úr rauðum sandsteini, F# 539, og var aðeins lítið brot af honum. Þegar móöskulagið var fjarlæggt komu í ljós þrjár pinnaholur [157], [158] og [207]. Þær lágu í kringum steinadreif [149]. [157] var norðvestast en hinar tvær voru hlið við hlið sunnan við hana. Pinnahola [157] var 6 cm djúp, [158] 7 cm og [207] var 7 cm. Þær voru allar frekar smáar eða um 4-5 cm í þvermál. Nokkru vestar er einnig ein stoðarhola [200] með fyllingu [201]. Hún var 13 cm í þvermál og 11 cm djúp og skar hún í gegnum gólfslag [231]. Þetta er eina stoðarholan sem tilheyrir þessu mannvirki og yngsta byggingarstiginu.



Mynd 72 Móöskulag [148] ásamt þremur steinum sem liggja upp á rönd meðfram því. (Mynd tekin í austur).

Í holunni var móöskufylling með brenndum beinum og kolum. Pinnahola [157] var grafin í gegnum gólflag [232], en pinnaholur [158] og [207] í gegnum móöskulag [161]. Tilgangur pinnaholanna er óljós. Móöskulagið var innan mannvirkis 1. Það fer inn undir austursnið uppgraftarsvæðis og er skorið af kjallara 12a til norðurs. Það er lagskipt með þunnum gráleitum linsum inni á milli. Það er glerhart á köflum en þó öllu mýkra vestantil. Upp við móöskulagið og sunnan við það er steinaröð [212]. Þetta eru fjórir steinar sem liggja í NV-SA en nyrsti steinninn liggur þvert á línuna. Steinaröðin er þannig staðsett að hún virðist vera til þess gerð að aðgreina mismunandi notkun innan mannvirkisins. Sunnan við steinaröðina er blandað kolasótlag [218]. Lagið er svartleitt og gulleitt, blandað gulleitum torfskellum, kolum og sóti en með smávægilegri móösku næst steinaröðinni [212]. Innan lagsins er steinadreif [222], þar eru tveir stórir steinar og margir smáir vatnsorfnir og brenndir steinar.

Undir móöskurusli [101] var torflag [205] sem lá sunnan við steinaröð [212]. Þetta torf var ólík torfinu í veggjum mannvirkisins og innihélt bæði landnámsgjósku og gjóskulag frá 920. Hugmyndir voru um að það gæti verið úr þaki byggingarinnar en engin önnur ummerki hafa þó fundist sem benda til þess að þak hafi verið á henni. Því er spurning hvort að þetta geti hafa verið set og tengst á einhvern hátt notkun yngsta fasa 1c á innviðum mannvirkisins. Torflagið lá beint ofan á gólflagi [231].



Utan við mannvirki 1 voru nokkur blönduð fokjarðlög og uppsöfnuð jarðlög sem myndast hafa eftir að hætt var að nota mannvirkið sem og torfhrun úr veggjum þess. Vestan við það voru tvö blönduð jarðlög [174] og [175] sem leggjast upp að mannvirki 1 og 3. Jarðlag [174] var móöskublandað með móöskulinsum, leirlinsum og appelsínugulum og gulum torfskellum. Lagið er líkast til samblanda af áfoki og uppsöfnuðum jarðvegi. Lag [175] lá upp við lag [174] og var áþekkt því fyrir utan að engin móaska var í því. Sunnan og vestan við mannvirki 1 voru þrjú blönduð jarðlög [160], [162] og [199]. Þau voru öll mjög svipuð, blönduð lög með kolum, beinum, brenndum beinum, móöskulinsum og torflefum með landnámsgjósku. Jarðlög [160] og [162] lágu að hluta til yfir gólflagi [231] og torfvegg [275] en [199] lá vestar, yfir torfhruni [208] og var skorið að vestan af kjallara Lækjargötu 12b. Undir [199] lá stórt mýrarjarðlag sem náði yfir allt sunnanvert svæðið og er náttúrulegt jarðlag sem í var að finna vott af viðarkolum, leirskellum sem og mýrarrauða og landnámsgjósku in

situ undir því. Þetta jarðlag hefur tilheyrt tjörninni og hefur líklega verið votlendi þarna á þeim tíma sem mannvirki 1 var í notkun. Tvö torfhrunslög voru sunnan við mannvirki 1, [208] og [272] og eitt lítið [176] vestan við það. Lag [208] var blandað með leir, kolum og smávegis mýrarrauða og svo auðsjáanlegri landnámsgjósku. Torfhrun [272] var hinsvegar þétt og mikið torf með landnámsgjósku. Það náði yfir báða torfveggina sunnan megin á svæðinu, [274] og [275], og hefur líklega hrunið út frá þeim. Torfhrun [176] var skorið að norðan af skurði [102] og að sunnan af [113]. Það var með landnámsgjósku og líkist mjög öðru torfi á svæðinu. Það hefur líklega hrunið út frá litlum veggút [230] sem liggur þarna norðan megin við hrunið. Torfveggur [275] tilheyrir mannvirki 1 en óvíst er hvaða minjum torfveggur [274] tilheyrir, þó virðist hann vera frá sama tíma og [275].

6.1.2 Niðurstöður og túlkun

Það er óvíst hverskonar notkun mannvirkið hafði á þessu byggingarstigi. Fyllt hafði verið upp í eldstæðið sem áður var inni í mannvirkinu og búið að leggja steinaröð þvert yfir það norðan megin voru frekar hrein móöskulög með leirlinum en sunnan megin var blandað kolalag. Pinnaholurnar gætu verið ummerki eftir þrífót sem hefur haldið uppi potti eða einhverju álíka. Þar var einnig að finna eldsmerkta steina, svo að þarna getur hafa verið lítið eldhús. Líklega hefur móaska [148] verið ruslalag sem hent hefur verið inn í tóftina eftir að notkun hennar var hætt og því gæti vel verið að snældusnúðarnir hafi verið hluti af því rusli, enda voru þeir báðir illa farnir og ólíklegt að þar hafi ull verið spunnin.

Torfþekja [205] og stoðarhola [200] sem tilheyra yngra byggingarstigi voru upphaflega taldar tengjast þaki byggingarinnar en þar sem stoðarholan sker í gegnum yngsta gólflagið og hefur þar með verið tekin eftir að það myndaðist, getur það ekki staðist nema aðeins hafi verið þak á yngsta fasa mannvirkisins. Hins vegar geta gólflögin hafa hlaðist umhverfis stoðarholuna sem bendir til þess að þarna hafi verið þak. Hlutverk mannvirkisins kann einnig að hafa breyst eða þá að gert hefur verið við það. Stoðarholan gæti einnig tengst á einhvern hátt því sem átti sér stað innan mannvirkisins. Torfið gæti verið leifar af seti, og verið seinni tíma viðbót, þar sem torf og gjóskulög í torfinu eru ólík því sem finnst í torfveggjunum og því alls ekki ólíklegt að torfið hafi því verið skorið seinna. Innan mannvirkisins voru pinnaholur sem liggja í kringum brennda steina og flata hellu. Þetta gæti tengst eldamennsku. Sömuleiðis hlýtur steinaröðin sem skiptir mannvirkinu einnig að hafa einhverja merkingu. Þar er greinileg skipting á milli móösku- og leirlaga norðanmegin en blandaðra kolalag sunnan megin.

6.1.3 Fasi 1b – yngri fasi eldstæðis

Í fasa 1b fóru torfveggir mannvirkisins að koma betur í ljós. Torfveggur [257] var norðvesturveggur mannvirkis 1. Hann lá í norðaustur-suðvestur og var úr frekar appelsínugulu torfi með landnámsgjóskulaginu frá 871+-2. Þrír stórir steinar lágu meðfram honum að utanverðu og var hann um 13-15 cm að þykkt. Hann var skorinn að norðan af kjallara Lækjargötu 12a. Torfveggur [275] var suðurveggur mannvirkisins og lá í austurvestur og hélt áfram undir austursnið uppgraftarsvæðisins og því gæti verið meira varðveitt af honum undir gangstétt við Lækjargötu. Veggurinn var hlaðinn úr appelsínugulu torfi með landnámsgjóskunni í og var 25-30 cm þykkur, frá botni til hæsta punkts. Vestan við torfvegg [257] lá lítill torfbútur [230] með stefnu N-S með torfi líku því sem er í torfveggjum [257] og [275]. Hann lá ofan á gólflagi [231] en var skorinn til norðurs af skurði [102] og var líklegast hrun úr veggnum.

Í fasa 1b byrjaði að sjást móta fyrir fyllingum í eldstæði innan mannvirkisins. Í þessum yngri fasa eldstæðisins voru fjórar mismunandi fyllingar. Undir móöskulagi [161] var lítið, gráleitt og leirkennt jarðlag [206]. Það lá undir steinaröð [212] og í því var lítil flöt hella.



Mynd 73 Fyrir miðri mynd er eldstæði [235] með móöskufyllingu að auki sjást torfveggir með landnámslaginu í. (Mynd tekin í NA).

Fyllingin var lagskipt og voru móöskulinsur á milli leirlaganna. Í fyllingunni voru ögn af kolum auk kolaðs byggs. Sunnan til í skurðinum var kolasótlag [223]. Það var svart með

gráleitum leirlinum inni á milli. Talsvert af berki var í fyllingunni auk örsmárra gjallmola. Samtíða því lagi var móöskufylling [224] sem lá norðan megin í niðurgreftinum. Það var mjög hreint og nánast ekkert af kolum eða brenndum beinum í því en talsvert var af koluðu byggi. Kolað byggfræ var aldursgreint með geislakolsaðferð og reyndast vera frá tímabilinu 967-1045calAD (90,4%) með tveimur staðalfrávikum.⁸⁷ Móöskulagið var lagskipt líkt og önnur móöskulög á svæðinu með mjög þunnum leirlinum inni á milli. Undir [224] var fjórða fyllingin, kolasótlag [227] sem lá í nánast miðjum skurði [235].




Mynd 74 Fyllingar hafa verið fjarlægðar úr eldstæðinu að mestu en steinar eru enn til staðar. (Mynd tekin í NA).

Lagið var leirblandað á köflum og í því var mikill rauði og járnhröngl auk gjalls. Að öllum líkindum var um náttúrulegan rauða úr jarðveginum að ræða frekar en að þetta tengist eldstæðinu enda er mikið af náttúrulegum járnútfellingum í jarðvegi á þessum stað. Steinalag [222] var í eldstæðinu og voru þeir flestir litlir, vatnsorfnir og eldsmerktir og lágu á víð og dreif í fyllingunum. Einnig fylgdu þessari einingu tveir stórir steinar sem gætu verið hrun tengt eldstæðinu sem um ræðir. Þessar fjórar fyllingar [206], [223], [224] og [227], og einnig steinarnir [222] tilheyra niðurgrefti [235]. Í niðurgreftinum eru fleiri fyllingar og steinar en þar sem gólflag [323] liggur að hluta til yfir þeim telst sá hluti til byggingarstigs 1a. Skurðurinn sem fylgir þessu byggingarstigi var 1,6 metri að lengd og 1 metri að breidd.

⁸⁷ Sýni: 413. SUERC-73974 (Radiocarbone Age BP 1022+-30).

Austurhluti skurðarins gekk þó undir snið uppgraftarsvæðisins og er breiddin því meiri. Dýpt hans var um 10 cm.



Gólflog sem fylgdu þessum fasa voru þrjú [231], [232] og [233] og voru þau öll samtíða. Gólf [231] var gráleitt víðfemt gólfslag sem lá innan mannvirkis 1 upp við norðvesturvegginn [257] og fjóra metra til vesturs út úr mannvirkinu. Í því voru kol, kolað þang og bein en einnig fannst þar einn gripur, brot af brýni F#578. Eftir því sem vestar dró var lagið minna blandað enda þá komið út fyrir mannvirkið og lengra frá eldstæðinu. Gólf [232] var grængráleitt leirkennt gólfslag sem lá austan við torfvegg [257]. Gólfslagið var skorið að norðan af kjallara Lækjargötu 12a en hélt áfram undir mörk uppgraftarsvæðisins til austurs. Það voru móöskulinsur í því sem og kol, brennd bein, kolað bygg, kolað þang auk einstaka smárra gjallmola en engir gripir. Þriðja gólfslagið [233] lá svo syðst á svæðinu, upp við torfvegg [275]. Það var gul- og gráleitt og mjög leirríkt og klístrað. Í því voru brennd bein, kol, kolað þang og morkin dýrabein en engir gripir.


6.1.4 Niðurstöður og túlkun

Í fasa 1b kom í ljós eldstæði inni í mannvirkinu með móöskulögum, kolasótlögum og leirlögum. Greinilegt var að móöskulögin höfðu ekki brunnið á staðnum þar sem ekkert brunalag var undir þeim. Móöskulögin og leirlögin voru lagskipt, með litlum leir- og móöskulinsum inni á milli. Það er mikið af brenndum, lóbörðum steinum í eldstæðinu, svipuðum [149] þeim sem fundust efst í móöskulögum. Eldstæðið tengist greinilega einhverskonar vinnslu á svæðinu en hverskonar vinnsla það var er erfitt að segja til um, af því að engar leifar fundust í eldstæðinu sjálfu sem gætu gefið það til kynna. Hversu lítið fannst af gripum í mannvirkinu bendir til þess að ekki hafi þurft nein sérstök verkfæri við þau verk sem fram fóru í byggingunni eða þar hafi verið lítil starfsemi sem varaði í stuttan tíma. Gólfögin voru frekar leirkennd nálægt niðurgreftinum og mikið af leirlinsum í jarðlögunum í eldstæðinu sjálfu sem bendir til þess að leirinn gæti hafa haft hlutverk í vinnslunni eða í uppbyggingu eldstæðisins. Ofnum var oft lokað með leir og þeir svo brotnir niður til að komast í efnið að vinnslu lokinni. Þetta gæti vel verið tilfellið með þetta eldstæði, þ.e.a.s. að það hafi verið yfirbyggt. Grjóthrun var einnig mikið ofan í eldstæðinu sem bendir til þess að það hafi verið steinhleðsla utan um það og að henni hafi verið ýtt ofan í eldstæðið þegar notkun þess var hætt. Líkt og með önnur mannvirki og eldstæði á svæðinu hefur hlutverk þess verið margþætt. Kolað þang, kolað bygg ásamt gjalli var að finna í fyllingum eldstæðisins ásamt gólfögum í kring.

6.1.5 Fasi 1a – eldri fasi eldstæðisins

Í fasa 1a voru veggir mannvirkisins eins og áður, norðvesturveggur [257] og suðurveggur [275]. Eldstæði var í miðri byggingu og í því voru nokkrar fyllingar og mikið af stærri steinum sem kunna að vera hrún.

Yngsta fyllingin í þessum fasa eldstæðisins var sótfylling [278] og lá hún undir kolasótfyllingu [227]. Gólfslag [232], úr byggingarstigi 1c og 1b, lá einnig að hluta til yfir sótlaginu en aðallega norðausturenda þess. Nánast ekkert var af kolum í fyllingunni né járnhröngl eða járnútfellingar. Undir sótfyllingu [278] lá brúnleit fylling með járnútfellingum [283]. Fyllingin var glerhörð efst en lausari í sér þegar neðar dró.



Kort 43 Mannvirki 1, fasi 1a.

Undir fyllingu [283] var niðurgroftur [288]. Í niðurgreftinum var elsta fyllingin í eldstæðinu. Mikið var af stórum steinum [228] sem lágu í fyllingunni. Þetta eru steinar sem virðast hafa verið hluti af umbúnaði sem hefur haft með notkun eldstæðisins að gera. Einhverjir þeirra voru líkast til hrun en aðrir virðast vera enn á sínum stað. Steinarnir eru margir hverjir tilhöggurnir eða að minnsta kosti valdir með vissu markmiði í huga. Það sást þó engin röð eða regla á uppröðun þeirra, en ekki má gleyma að sá hluti sem búið er að grafa upp er í mesta lagi helmingurinn af eldstæðinu en hinn helmingur þess gengur undir austurmörk uppgraftarsvæðisins. Notkun eldstæðisins kemur ef til vill betur í ljós þegar eystri hluti þess verður grafinn. Niðurgroftur [285] markaði ytri mörk eldstæðisins. Hann var nokkurn veginn sporöskjulaga, hafði aflíðandi hliðar og var 13 cm djúpur. Austurhluti hans hélt áfram undir austurmörk uppgraftarsvæðisins. Tveir flatir steinar lágu í hallanum norðanmegin og að mörkum hins niðurgraftarins [288]. Á þeim voru rákir, mögulega klappaðar rásir. Hinn niðurgrofturinn [288] var minni, kringlóttur, með brattar hliðar og 15 cm

djúpur. Samtals var eldstæðið því 28 cm djúpt. Meðfram suður- og vesturhlíðum þess stóðu flatir steinar upp á rönd en austurhlutinn heldur áfram undir gangstétt Lækjargötu.



Samtíða þessum fasa eldstæðisins voru góflög sem lágu undir góflögum úr fasa 1b. Norðan við eldstæðið voru þó engin góflög undir gólfi [232] og verður því að telja að góflag [232] hafi einnig verið hluti af eldri fasa eldstæðisins. Sunnan við torfvegg [257] var gráleitt jarðlag [239] með mörgum lábörðum steinum. Steinarnir líta út fyrir að vera úr sjávarkambinum og gætu því verið uppmokstur frá eldstæðinu, kannski til að laga það til eða dýpka. Undir [239] voru tvö góflög. Gólf [249] var gráleitt, þurrt og torfkennt og lá alveg upp við torfvegg [257] og eldstæðið. Gólfið var einsleitt og leit út fyrir að vera frekar einhverskonar yfirborðslag frekar en góflag en í því var kolað bygg. Það var ekki stórt og lá að hluta til ofan á góflagi [258]. Vestan við torfvegg [257] var svart og gulbrúnt jarðlag [250] sem var nokkuð laust í sér og blandað kolasóti, líklega smit frá kolalagi [282] sem tilheyrir mannvirki 4 og liggur skammt vestan við þetta lag. Eldra góflagið [258] lá yfir stærstan hluta svæðisins, alveg frá eldstæðinu og að mannvirki 3 í vestur. Það var leirríkt, feitt og klístrað og með mjög miklu af brenndum beinum og kolum, en einnig var nokkuð af dýrabeinum í því, þau voru flest mjög mörkin. Þetta er elsta góflagið á svæðinu sem hefur myndast við notkun á mannvirkinu. Undir gófluginu kom í ljós ein pinnahola [276]. Hún var grafin í gegnum yfirborðslag [293] og er tilgangur hennar ekki skýr. Pinnaholan var 6 cm í þvermál og 11 cm á dýpt. Engin fylling var í henni, aðeins holrými. Undir góflagi [258] var einnig blandað mannvistarlag [273]. Það var með smávegis torfleifum með landnámsgjóskunni í

og kolum og var lagið um 5-7 cm þykkt. Þetta jarðlag lá upp við torfvegg [275] og en var sambland af hruni, áfoki og fleiru eftir að torfveggurinn fór úr notkun en þar sem jarðlagið liggur undir gólfunum þá hlýtur það að tengjast jöfnun yfirborðsins rétt eins og torflag [290]. Torflagið [290] liggur undir [273] og á milli torfveggjanna tveggja, [257] og [275], og upp að þeim báðum. Þetta er þunnt torflag með landnámsgjósku, sama torf og er í torfveggjunum tveimur og hefur það líklega hafa verið lagt niður til að slétta yfirborðið þarna á milli veggjanna, rétt eins og mannvistarlag [273]. Góflög mannvirkisins hafa svo myndast þar ofan á eftir að það var tekið í notkun. Undir torflaginu og torfveggjunum er upphaflegt yfirborð sem minjarnar hafa verið byggðar á. Lag [289] var gráleitt lag með járnútfellingum og lá það beint ofan á malarkambinum vestan við mannvirki 1. Í norðurenda þess var eitthvað af kolaleifum en annars voru lítil ummerki um mannvist í því. Lag [293] lá undir báðum torfveggjum og innan mannvirkis 1. Það var einnig gráleitt með smávegis kolum og brenndum beinum sem og sóti. Sumstaðar mátti sjá glitta í gjóskubletti sem líklega er landnámsgjóskan sem liggur á milli steinanna í malarkambinum. Lög [289] og [293] voru að öllum líkindum yfirborðslög utan við bygginguna.

Torfveggir mannvirkis 1 voru óbreyttir frá því á byggingarstigi 1b. Sunnan við mannvirkið kom þó í ljós annar torfveggur [274]. Þessi torfveggur var með hleðslugrjóti í norðurhlið og var með stefnuna A-V. Hann gekk undir austurmörk uppgraftarsvæðisins. Ekki er víst hvernig þessi torfveggur tengist minjunum á svæðinu; hvort að hann sé hluti af mannvirki 1 eða einhverjum öðrum minjum. Sunnan við hann var aðeins torfhrun og mýrarlög. Þar sem torfveggurinn gengur undir uppgraftarsvæðið til austurs, gæti vel verið að þá tengingu sé að finna á því svæði sem enn á eftir að grafa.

6.1.6 Niðurstöður og túlkun

Torfveggir voru þeir sömu og á yngri byggingarstigi. Góflögin voru keimlík því sem fannst á yngri byggingarstigum. Eldstæðið var hinsvegar stærra og stórir steinar í því sem voru greinilega enn á sínum stað. Þar á meðal voru steinar sem voru höggðir til eða valdir með eitthvert sérstakt hlutverk í huga. Þar voru flatir steinar með rákum sem leiddu að 15 cm djúpum hringlaga niðurgreftri í miðju eldstæðinu. Meðfram tveimur hliðum þessa niðurgraftar voru einnig flatir steinar reistir upp á rönd. Steinar sem fylgja efri lögum eldstæðisins gætu hafa tilheyrt hleðslu í kringum hann og leirlinsur í mannvistarlögum við eldstæðið gætu bent til þess að leir hafi verið notaður til að byggja það hærra upp og jafnvel loka því. Þegar notkun þess var hætt var hliðum ýtt inn á við og þannig fyllt upp í holuna sem eldstæðið

myndaði. Holrúm var á milli steina í hruninu og einnig neðst í niðurgrefti [288] sem styður þessa kenningu.

Eins og áður hefur verið sagt er mjög á reiki hverskonar vinnsla hefur átt sér stað í eldstæðinu. Líklegast hefur margvísleg vinnsla farið þar fram, til að mynda þurrkun á byggi og þar að auki járnvinnsla. Einnig er mögulegt að hér hafi verið eldhús. Í eldstæðinu fannst að auki afar smátt gjall, auk járnhröngls, kolaðs byggs og þangs. Ekki er ljóst hvort þak hafi verið á mannvirkinu en það kann að hafa verið á síðari stigum. Stærð hússins er einnig óþekkt þar sem eingöngu lítið brot af því var grafið. En varðveitt lengd og breidd að innanverðu er 3m x 2m. Þar sem eingöngu var hægt að rannsaka lítið brot af mannvirkinu takmarkar það túlkun og skilning á því en líkt og önnur mannvirki á svæðinu var hlutverk þess margþætt.


6.2 Mannvirki 2

Mannvirki 2 var á milli bankabyggingar (Lækjargata 12) og kjallara Lækjargötu 12A, norðan við mannvirki 1 og 3. Minjarnar voru torskildar þar sem þeim hafði verið raskað þegar fyrrnefndar byggingar voru reistar. Varðveitt lengd var 12 m x 4,2 m að vestanverðu en að austanverðu var varðveitt breidd eingöngu 0,6 m. Ræsissturður [164] hafði verið grafinn í gegnum mannvirkið og skipt því í tvo hluta. Norðan við ræsissturð [164] voru eldstæði en sunnan við þau voru heillegri leifar af húsi. Tveir veggir mannvirkisins voru varðveittir, vesturveggur og mögulega hluti norðurveggjar en aðrar hliðar voru horfnar vegna seinni tíma framkvæmda. Þar af leiðandi er ekki vitað hversu stórt mannvirkið var, þó að lágmarki 12 m, né hvort allar þær mannvistarleifar sem rannsakaðar voru á þessu svæði tilheyri sama mannvirkinu. Hlutverk mannvirkisins virðist hafa verið margþætt en fjallað verður nánar um það síðar í kaflanum.

6.2.1 Norðan ræsissturðar [164]

Yfir mannvirkinu voru lög frá 19. og 20. öld og tilheyra þau byggingarstigi 2. Yngsta lagið var blandað móöskulag [119], sem tilheyrir byggingarstigi 2, sem í var kol, steinkol ásamt leirkera- og glerbrotum. Stoðarhola [115] ásamt fyllingu [116] var grafinn í gegnum lag [119] og er þar af leiðandi yngri. Líklega tilheyrir holan hóp stoðarhola sem tilheyra hóp [6], girðingastaurar við úthús, sem voru samtíða Waageshúsinu (sjá kafla 5.2). Undir lagi [119] voru lög sem eru talin tilheyra elstu minjum svæðisins. Nyrst á uppgraftarsvæðinu var ræma sem liggur frá suðaustri til norðvesturs, að norðanverðu var grafið í gegnum minjarnar af bankabyggingu en að sunnanverðu af kjallara Lækjargötu 12A og ræsissturði. Þetta svæði

var um 6,6 m á lengd og 0,5-1 m á breidd. Á þessu litla afmarkaða svæði mátti greina fjögur eldstæði tengd móöskugóflögum. Lögin sem lágu yfir byggingunni voru lög [147], torfhrun með landnámsgjóskunni í ásamt móöskulögum [151] og [153]. Þar fyrir neðan var niðurgröftur sem tilheyrir yngsta eldstæði mannvirkisins. Kort 8 sýnir mannvirki 2.




Mynd 76 Sniðteikning af mannvistarlögum á milli lðnaðarbanka/Íslandsbankabyggingar og kjallara Lækjargötu 12A.

Tafla 1 Lýsing jarðlaga í sniði

Eining	Lýsing
16	Sandur og mól, nútímafylling
17	Blandað ruslslag, hreyft, bleik appelsínugul móaska, auðmulin. 19. aldar gripir fundust í laginu
18	Niðurgröftur fyrir stoð, mögulega girðingastaur, full af grjóti
19	Niðurgröftur, hola fyllt með mól ásamt brún fjólublárrí mold, sandi og steinum. Nútímaniðurgröftur
20	Torfblandað lag ásamt móösku. Torfið er gulleitt
21	Kolablönduð bleik móaska
22	Blandað lag, móöskuflekkir, fokmold ásamt torfi með landnámsgjóskunni í
23	Torfblandað lag, gul appelsínugult, fokmold, einstaka kolaflekkir
24	Torf með landnámsgjóskunni í, torfveggur
25	Svart sót- og kolalag
26	Bleik-appelsínugul móaska
27	Gólfslag, dökkbrúngrátt og grænt þétt lag

Byggingarstig 1 – Mannvirki 2



6.2.2 Eldstæði 1 [202]

Eldstæði [202] var vestast á ræmunni upp við grunn bankans. Yfir eldstæðinu var svart kolalag [156], sem kann að hafa myndast þegar eldstæðið var tæmt. Austan við lag [156] var kolalag [170]. Talsvert var af stórum kolabútum í því. Vestan við lag [156] var feitt og litríkt lag [180] sem er fylling eldstæðisins en náði þó út fyrir niðurgröft þess. Það er aðallega úr móösku ásamt kolalögum inni á milli, neðst var svarblátt kolalag. Undir því lagi var lítið niðurgrafið eldstæði [202]. Dýpt eldstæðisins var 7 cm og var það dýpst í miðjunni. Lengd var 0,7 m og breidd 0,3 m. Í eldstæðinu voru aðallega kolalög, sót og móaska ásamt koluðum byggfræjum, fylling [180]. Að vestanverðu, skorin í gegnum eldstæðið, var pinnahola [180]

sem var 12 cm á dýpt og 5 cm í þvermál. Eldstæðið var líklegast að hluta til samtíða eldstæði [193] þar sem þau eru bæði skorin í gegnum gólflög [203] og [211]. Gólflag [203] samanstóð af afar þunnum móöskulögum sem hafa myndast í hvert skipti sem kveikt var upp í eldstæðunum. Gólfið var því marglaga en þar sem hvert lag var afar þunnt, rétt um 1-2 mm var það skilgreint sem ein eining. Gólfin voru hörð, frá dökkfjólurauðum yfir í bleikan og appelsínugulan lit.



Mynd 77 Eldstæði [202] ásamt fyllingu [180] og pinnaholu [180] að vestanverðu. (Mynd tekin í S).

Einstaka gjallmolar voru í laginu ásamt byggi og einum koluðum viðarbút sem virðist hafa verið bolur af birkitré, eða stór grein. Gólflag [203] var við eldstæði [193] og [202] í húsi [2] og samanstendur af afar þunnum (1-2 mm) lögum sem myndast hafa í hvert skipti sem bruni hefur átt sér stað í eldstæðinu. Lagið er því „marglaga“ – þ.e. inniheldur fjölmörg lög. Lögin koma af í flögum, flettast hálfpartinn af og á milli laga sést litamunur og einnig munur á áferðinni, þéttleika og stífleika. Liturinn var dökk-fjólurauður og minnti á járnþönnu eða járnútfellingar. Það var að mestu svipað allstaðar nema það var ekki eins lagskipt og þétt alveg nyrst, við eldstæði [202]. Lagið/lögin hafa myndast þegar eldstæði [202] og [193] voru í notkun. Í austurenda liggur gólflag [203] skáhallt niður að skurði [193] – eldstæðinu. Í laginu var kolaður trjabolur, slíkur bolur var einnig neðst í eldstæði [202] eða tilheyrði eldri brunalögum á svæðinu. Lagið var raskað á allar hliðar nema á smá rönd norðaustanmegin. Að hluta til undir gólflagi [209] var gólf [217]. Það skiptist einnig í mörg örpunn móöskugólflög

en lag [217] var frábrugðið vegna litar. Móaskan var ljósappelsínugul að lit en einnig voru þunn lög af dökkrauðbleikri móösku. Í gólfinu fundust litlar gjallkúlur ásamt skeljum.

6.2.3 Eldstæði 2 [193]

Eldstæði 2 var 20 cm austan við eldstæði 1 og var það grafið í gegnum gólfög [203] og [211] eða þá að gólfögin mynduðust í kringum eldstæðið. Eldstæðið var 48 cm á lengd og 33 cm á breidd. Eldstæðið hafði verið breiðara en grafið var í gegnum það þegar bankinn var reistur árið 1958. Dýpt var 30 cm en í því voru fyllingar af ýmsum toga sem benda til þess að hlutverk eldstæðisins hafi verið margþætt. Fylling [183] var efst og samanstóð aðallega af móösku með leirlinum. Í fyllingunni var einnig að finna kolað þang ásamt koluðum byggfræjum.⁸⁸ Undir fyllingu [183] var kola- og sindurfylling [184] ásamt örpunnum leir og móöskulinum. Á þessu stigi var unnið með járn í húsinu. Virðist það hafa verið afar stutt tímabil þar sem nánast ekkert gjall var að finna í gólfögum. Neðst í eldstæðinu var fylling [197], ljósbleik sandkennd móaska með landnámslaginu í ásamt leirkenndu efni og hnefastóru grjóti. Í vestri og eystri hliðum eldstæðisins voru hellur settar upp á rönd. Fyllingar eldstæðisins benda til þess að hlutverk þess hafi verið margþætt. Þar var unnið með járn líkt og sindurfylling [184] bendir til en einnig virðist eldstæðið hafa verið notað til annarra athafna, til að mynda að rista þang og bygg.




Mynd 78 Eldstæði[193] ásamt gólfögum í kring auk eldstæðis [202], fjær á myndinni (Mynd tekin í V).




Mynd 79 Nærmynd af eldstæði [193] (Mynd tekin í NV).

⁸⁸ Mooney, D.E. 2017. Væntanleg skýrsla

Góflög í kringum eldstæðið benda til þess að helsta notkun þess hafi fremur tengst vinnsla á byggi og þangi, mögulega til saltgerðar, en jární þar sem nánast ekkert gjall var að finna í góflögum. Á Alþingisreitnum í byggingu [29] fannst álíka eldstæði, (eldstæði [434]) og í góflögum umhverfis það var einnig að finna kolað bygg ásamt gjalli.



Kort 45. Eldstæði í mannvirki 2.




Mynd 80 Sniðteikning af eldstæði [193].

Eining	Lýsing
1	Bleikrauð móaska með svörtu brunalagi á sínum stað neðst
2	Örpunn móöskugóflög, rauðbleik, röð góflaga
3	Ljós appelsínubleik móöskugólf
4	Brúnbleikt móöskugólf með kolum og leir
5	Sót, kola- og móöskugólf
6	Gulbrúnt torfblandað lag með örkolum og móösku
7	Örpunnur bunki af móöskugóflögum, ljósbleik á lit
8	Brúnbleikt móöskulag, líklega gólf
9	Grátt kolalag með appelsínugulu mýrartorfi og leir
10	Leir með örkolum og móösku, grænt að lit
11	Svart kolalag með sindri
12	Blandað móöskulag með sindri, kol og leirblandað
13	Skærbleikt móöskulag með einstaka kolum
14	Hrein bleik móaska með landnámsgjóskunni í
15	Malarkambur

Tafla 2 Lýsing jarðlaga í eldstæði [193].


6.2.4 Eldstæði 3 [237]

Undir lok uppgrافتar á eldstæði 2 kom í ljós að það hafði upphaflega verið stærra og haft aðra lögun. Varðveitt lengd var 2 m og breidd 0,7 m. Eldstæðið var skorið að norðanverðu af bankabyggingu. Fyrir miðju var einnig búið að grafa að hluta til í gegnum það vegna lagna. Dýpt eldstæðisins var 38 til 40 cm en það var grynna syðst. Eldstæðið er grafið niður í malarkambinn. Yngsta fylling eldstæðisins var fylling [216] sem samanstóð aðallega af móösku og leir. Undir þeirri fyllingu voru hellur og grjótt [219] sem virðast hafa hrunið ofan í eldstæðið eða verið sett þar vísitandi. Hellurnar kunna þó að hafa fallið úr hliðum eldstæðisins. Undir grjóthruninu var ljósbleik móöskufylling [236]. Í henni voru litlar gjallkúlur, einstaka brennd bein og sót ásamt rauða.



Mynd 81 Eldstæði [237] (Mynd tekin í N).

Byggingarstig 1 - Mannvirki 2



Kort 46. Teikning af eldstæðum [284], [264] og [237].

Í botni eldstæðisins var flöt hella ásamt hellum [220] sem reistar voru upp á rönd í vestur- og austurhlið. Hellurnar voru sótugar og víða eldsprungnar. Vestan við eldstæðið var röð hellna [226] sem einnig voru eldsprungnar. Annað hvort voru þær hluti af stétt eða hellur sem áður voru í eldstæðinu og búið var að fjarlægja. Austan við eldstæðið fyrir miðju var dæld [238] grafin niður í malarkambinn, um 5 cm djúp og um 19 x 19 cm á lengd og breidd. Ekki er vitað hver tilgangur hennar var. Talið er að eldstæðið tengist vinnslu járnsmiðja á einhvern hátt og er það líkt eldstæði [344] í byggingu [10] á alþingisreitnum sem talin er vera smiðja. Í því eldstæði var um 1 kg af gjalli ásamt brenndum og óbrenndum beinum og kolum.⁸⁹ Hins vegar var afar lítið um gjall í eldstæði [237]. Um 20 cm vestan við eldstæðið var pinnahola [229], grafin í gegnum gólflag [221] og var hún samtíða eldstæðinu. Ekki er ljóst hver tilgangur hennar hefur verið. Gólflag [221] lá beint ofan á malarkambinum. Það var einsleitt,

⁸⁹ Vala Garðarsdóttir. 2010. bls. 124

bleikt með svörtum linsum og líklegast er gólflag [221] og gólf [231] eitt og sama lagið. Lagið var að hluta til varðveitt undir lagnaskurðinum sem lá í gegnum bygginguna.

Austan við eldstæðið var móöskugólf [243]. Það náði frá eldstæðinu upp að hellum, sem líklegast eru stoðarsteinar, í gólfi [245]. Gólf [245] var 2,2 m á lengd og varðveitt breidd er rétt um 0,3 m og er það raskað að norðan- og sunnanverðu. Gólf [245] er frábrugðið öðrum gólfum á þessu svæði. Það er dökkt, nánast svart, og engin móaska er í því. Gólfið nær upp að torfvegg [244] í austri en eingöngu brot af honum er varðveitt. Þykk landnámsgjóska var í veggnum sem var strenghlaðinn. Veggurinn var áþekkur veggjum skálans að lit og gerð. Austan við vegginn var annars konar torf [254] sem innihélt talsvert af járnútfellingum og var undir því torfi gólflag [279] sem bendir til þess að austan við byggingu [2] hafi annað hvort verið annað rými eða jafnvel önnur bygging. Undir stoðarhellunum í gólflagi [245] um 12 cm austan við eldstæði [237] var niðurgröftur [261], líklegast stoðarhola. Holan var grafin í gegnum gólf [262] og landnámslagið *in situ* sem lá óhreyft á malarkambinum. Fylling holunnar var aðallega úr blönduðum móöskulögum. Stoðarholan er nánast í röð við stoðarsteina í vestri og kann að hafa verið þakberandi stoð. Holan var á milli tveggja eldstæða sem hlýtur að hafa verið óhentugt og eldhætta talsverð en hún gæti tilheyrt yngri fasa.

6.2.5 Eldstæði 4 [264]

Suðaustan við stoðarholu [261] var fjórða eldstæðið, eldstæði [264], og kann það að hafa verið samtíða eldstæði [237]. Eldstæðið var 65 cm á lengd, 55 cm á breidd og 30 cm á dýpt, og grafið í gegnum gólflag [262], sem var frekar einsleitt móöskugólf með svörtum kolaflekkjum og lá ofan á malarkambinum. Í eldstæðinu var rauðbrún móöskufylling [263], mjúk og leirkennd með einstaka brenndum beinum, sóti, kolum og smásteinum. Að auki fannst kolað bygg og var gerð geislakolsaldursgreining á byggi úr laginu. Samkvæmt niðurstöðum hennar var fræið frá tímabilinu 767-902cal e.Kr. (84,5%) með tveimur staðfrávikum.⁹⁰ Í botni eldstæðisins voru flatar hellur [269], ein hefur verið lögð beint í botn þess en hinar virðast hafa fallið ofan í holuna. Við fleytingu á fyllingarlaginu fannst smágert gjall, kolað bygg, kol, ásamt brenndum fiskibeinum. Hlutverk eldstæðisins kann því að hafa verið margþætt líkt og annarra eldstæða á svæðinu. Þetta eldstæði var eitt það elsta á svæðinu og bendir til þess að vinnsla á til að mynda byggi hafi hafist skömmu eftir landnám.

⁹⁰ Sýni: 429. SUERC-73982 (Radiocarbone age 1185+-34)



Mynd 82 Eldstæði [264] ásamt fyllingu [263] að austanverðu á myndinni og eldstæði [237]. (Mynd tekin í N).



Mynd 83 Eldstæði [264] eftir að fylling var fjarlægð (Mynd tekin í norður).


Sunnan við ræsiskurðinn voru heillegri minjar húss 2.

6.2.6 Sunnan ræsissturðar

Yfir mannvirkinu að austanverðu voru torfblönduð lög, lag [171] og torfhrun [191], blönduð móaska [196] og torflag [204]. Austast í mannvirkinu var þétt móöskugólf [213] sem samanstóð af mörgum þunnum lögum en ekki var unnt að greina á milli þeirra í fleti. Grafið hafði verið í gegnum gólfið að sunnan- og austanverðu vegna kjallara og norðanverðu vegna ræsissturðar. Smá gólfræma var varðveitt undir ræsissturði, gólf [221] sem er sama gólf og gólf [213]. Við fleytingu fannst talsvert af koluðu byggi í gólflöginu. Kolað byggfræ var aldursgreint og reyndist það vera frá tímabilinu 973-1045cal e.Kr. (90,4%) með tveimur staðalfrávikum. Gólflagið er því frá seinni hluta 10. aldar til miðrar 11. aldar og þar af leiðandi mannvirkið sjálft.



Mynd 84 Á myndinni sést torfveggur að vestanverðu auk stétta [265] og [266] að sunnanverðu. Fyrir miðri mynd er gólflag [259] og stoðarsteinar. Ræsissturðurinn fór í gegnum vegginn sem sést neðst á myndinni. (Mynd tekin í S).



Kort 47. Góflög í mannvirki 2.

Að vestanverðu var veggútur sem var 3,1 m á lengd og 1,4 m á breidd auk torftotu sem kann að vera leifar norðurveggjar. Veggurinn var brúnrauður og strenghlaðinn með landnámsgjóskunni í. Hann var áþekkur torfvegg [244] sem var í vesturenda mannvirkisins. Veggnum hefur verið raskað að norðan-, sunnan- og vestanverðu. Að austanverðu var röð smásteina meðfram veggnum og stoðarsteinar upp við vegginn. Nánast undir þeim voru tvær stoðarholur, stoðarhola [270] og [271]. Sú fyrnefnda var 12 cm í þvermál og 28 cm á dýpt en sú síðarnefnda var 13 cm í þvermál og 20 cm á dýpt. Stoðarsteinar lágu í gólfi í tveimur röðum frá vestri til austurs. Nyrðri röðin var 5 m löng en sú syðri 3 m og var um 1,2 m á milli raðanna. Þarna hafa staðið þakberandi stoðir. Á þessum stað líkist mannvirkið helst yfirbyggðum gangi. Yngsta gólflagið í mannvirkinu var gólflag [240], það liggur upp við torfvegg [241] að vestanverðu og nær fram að miðri byggingu. Lagið er mjög leirríkt og í því eru torfflyksur, brennd bein og kol ásamt koluðu þangi. Undir gólflagi [240] var gólflag [259], það var fjólublátt og gráleitt með ljósgulum skellum sem voru mjög fitugar. Áferð var mjög feit almennt. Bogalaga og sveigð mynstur og linsur voru áberandi að austanverðu en ekki eins áberandi að vestanverðu.



Mynd 85 Mynstur í gólflagi [159] (Mynd tekin í A)

Líklegast var þarna timburgólf. Talsvert var af illa varðveittum viðarleifum í vestanverðu gólfinu auk timburfjala sem voru í suðurhluta þess. Fjalirnar voru á milli tveggja stoðarsteina,

sem stóðu hærra en aðrir stoðarsteinar í mannvirkinu. Fjöl [255] var 1,1 m á lengd og 0,13 m á breidd en fjöl [256] var 1 m á lengd og 0,15 m á breidd. Þær voru mest um 1 cm á þykkt og var varðveisla slæm. Þær reyndust báðar vera úr birki⁹¹. Gólflötur mannvirkisins var niðurgrafinn og liggja stoðarsteinarnir beggja vegna við gólfið, um 5 cm hærra en gólflöturinn. Sunnan við gólflagið var stétt [265]. Kjallari Lækjargötu 12A var steiptur að hluta til yfir hana. Stéttin liggur frá suðvestri til norðausturs og eru viðarfjalirnar fyrrnefndu norðan við stéttina. Háu stoðarsteinarnir tveir lágu á milli nyrstu hellnanna í stéttinni. Þarna kann að hafa verið inngangur í mannvirkið. Austan við stétt [265] var stétt [266]. Þær voru aðgreindar vegna þess að stétt [266] er hlaðin úr minni hellum auk þess að bil var á milli stéttanna tveggja.



Mynd 86 Viðarfjalir í gólfi (Mynd tekin í S).

⁹¹ Sjá viðauka xx



Mynd 87 Gólfslag [159] í mannvirki 2, einnig sjást stoðarsteinar og stétt [265].

Þær kunna hins vegar að tilheyra einni og sömu stéttinni. Búið var að steypa yfir stétt [266] líkt og stétt [265] og var búið að raska þessu svæði vegna kjallarans. Austan við stéttina var blandað torflag með landnámslaginu í. Það var blandað sandi auk þess sem nútímagripir fundust upp við steypa kantinn á kjallaranum. Þarna kann að hafa verið torfveggur en svæðið var of illa farið til þess að fullyrða um það. Austan við gólfslag [259] og vestan við gólf [213] var fimmta eldstæðið á þessu svæði.

6.2.7 Eldstæði 5 [284]

Eldstæði [284] var nánast kringlótt, 1 m í þvermál og 30 cm djúpt og er nánast í miðri byggingu. Fylling eldstæðisins [281] var brún-grá og appelsínugul, mjúk og frekar laus í sér. Talsvert var af eldsprungnu grjóti og kolum í fyllingunni auk brenndra beina og einstöku torfsnepla með landnámsgjóskunni í. Neðst var flöt hella líkt og í eldstæðum [237], [264] og [184].



Mynd 88 Eldstæði [284] eftir að fylling var að mestu fjarlægð. (Mynd tekin í A).

6.2.8 Niðurstöður og túlkun

Hús til margvíslegra nota

Mannvirki 2 var að öllum líkindum samtíða skála ásamt mannvirki 1 og 3. Ekki er vitað hversu stórt húsið var þar sem það var verulega raskað. Varðveitt lengd þess er 12 m og breidd 4,2 m. Ræsissskurður hafði verið grafinn gegnum húsið og á öllum hliðum þess var rask vegna framkvæmda á 19. og 20. öld. Þrátt fyrir að leifar hússins séu brotakenndar hefur það gefið margvíslegar vísbendingar um byggðina við lækinn. Mannvirki 2 var með þaki, stoðarsteinar og holur bera þess vitni ásamt torfveggjum. Í mannvirkinu voru í allt fimm eldstæði, fjögur þeirra voru í norðurhluta mannvirkisins en hið fimmta fyrir miðju. Þau voru ekki öll notuð samtímis en mögulega voru þrjú í notkun samtímis en ekki er hægt að fullyrða það. Mannvirkið var notað til ýmissa verka, til að mynda var þar unnið með járn en sindur í eldstæðum [193] og [237] bendir til þess. Í sömu eldstæðum auk hinna þriggja var kolað bygg. Það gæti bent til þess að þar hafi bygg verið þurrkað eða ristað.



Mynd 89 Loftmynd af mannvirki 2 og 3.

Í gólfum var töluvert af koluðu byggi auk kolaðs þara. Ekki er ljóst til hvers þarinn var kolaður en hann kann að hafa verið notaður til þess að rotverja mat.⁹² Þangið var brennt og askan höfð fyrir salt og kjöt geymt í því. Ekki er ljóst hvernig sú vinnsla fór fram á landnámstíma en þekkt er saltgerð Grímseyinga á 17. öld. Grímseyingar söfnuðu þara og þurrkuðu við sólskin, lögðu svo eld undir og var notað rekaviðarkurl til þess.⁹³ Á Alþingisreitnum var bygging [29] sem einnig hafði fjölbætt hlutverk. Vala Garðarsdóttir telur að byggingin hafi verið korngeymsla auk þess hafi þar farið fram kornþurrkun og bruggun.⁹⁴ Eldri fasi sömu byggingar kann að tengjast járnvinnslu þar sem gjall fannst í eldstæðinu en einnig fundust færilýs í gólfi svo talið er að þar hafi að auki ull verið hreinsuð.⁹⁵ Í húsi 2 í Lækjargötu var mögulega korngeymsla í vesturhlutanum þar sem timburgólf og þar var talsvert af byggi í

⁹² Sjá Dawn Mooney. 2017.


⁹³ Lúðvík Kristjánsson. 1980. bls 160-161

⁹⁴ Vala Garðarsdóttir. 2010. bls. 60

⁹⁵ Vala Garðarsdóttir. 2010. bls. 114

gólfum. Í mannvirkinu fundust tveir kvarnarsteinar sem bendir enn frekar til þess að þarna hafi korn verið unnið auk annarra athafna.

Þrátt fyrir að minjarnar séu brotakenndar er ljóst að sunnan við skála voru byggingar sem íbúar hans notuðu til að sinna ýmiskonar störfum sem þörf var á heimilum Reykvíkinga á fyrstu öldum Íslandsbyggðar.



Kort 48. Mannvirki 1, 2 og 3 ásamt tilgátu um það hvernig veggir litu út.

6.3 Mannvirki 3 – Fasi 1

Mannvirki 3 er vestan við mannvirki 1, á milli kjallara Lækjargötu 12a og 12b (sjá byggingarstig 3) og er það því skorið bæði að norðan og sunnan af þeim mannvirkjum. Sömuleiðis lá skurður [138] þvert yfir mannvirkið og skar það í sundur þrátt fyrir að einhver jarðlög hafi verið óröskuð þar undir. Leifarnar sem eru eftir af mannvirkinu eru því æði brotakenndar og greinilegt að þeim hefur verið raskað mikið.



Mynd 90 Stétt [280] í mannvirki 3 (Mynd tekin í A).

Yfir öllu svæðinu lá yfirborðslag [100]. Þar undir var skurður [138] sem grafinn var í gegnum grjótfyllingu við húsgrunn Lækjargötu 12a. Þessi jarðlög fylgja yngsta fasa uppgraftarsvæðisins, fasa 3 sem inniheldur nútímaskurði, jarðlög og húsgrunna. Austast á svæðinu þar sem mannvirki 3 fannst, lá móöskuruslag [101] sem einnig lá yfir efstu lögum mannvirkis 1. Vestar á svæðinu lá hinsvegar náttúrulegt mýrar- og fokmoldarlag [246] en það teygði sig yfir stóran hluta uppgraftarsvæðisins alveg norður að lögum sem tengjast mannvirki 2. Talsvert var af mýrarrauða í jarðlaginu sem bendir til þess að það hafi verið frekar blautt. Það er því líklegt að þarna hafi verið mýrlendi enda hafi tjarnarbakkinn fyrr á öldum ekki verið langt frá þessum mannvirkjum.

6.3.1 Lýsing á jarðlögum

Mannvirki 3 tilheyrir fasa 1 sem er frá landnámstíð. Undir móöskurusli [101] lágu tvö jarðlög, [174] og [175]. Lag [174] var blandað jarðlag með móöskulinsum, leirlinum og appelsínugulum og gulum torfskellum. Það var skorið að norðan af kjallara Lækjargötu 12a og nútímaskurði [102] og til vesturs af skurði [138] sem tilheyrir Lækjargötu 12a. Jarðlag [175] lá upp við [174] og var keimlíkt því fyrir utan það að engin móaska var í þessum hluta. Það var einnig skorið að vestan af skurði [138], til suðurs af skurði [140] sem tilheyrir Lækjargötu 12b og að austan af skurði [113]. Þetta eru allt nútímaskurðir sem tilheyra

Lækjargötu 12a og 12b. Undir skurði [138] var enn að finna jarðlög sem ekki hafði verið raskað af þessum nútímaskurðum. Lag [225] lá til að mynda þar undir og um metra lengra til vesturs. Þetta var brúnt og þétt blandað lag sem innihélt dýrabein og kol en einnig mikið af torflinsum. Það voru einnig margir stærri steinar í laginu sem gætu hafa hrunið úr vegg eða verið raskað af seinni byggingum á svæðinu. Torfhrun [247] lá undir og í torflagi [225]. Í því var einnig dálítið af kolaleifum og beinum og sömuleiðis steinar. Hrunið eru upp við hugsanlegan torfvegg [251] og eru því líklega hrun frá honum. Torfveggur [251] liggur vestan við allar minjar sem tengjast mannvirki 3. Þetta er þétt og rauðbrúnt torf með landnámsgjósku og liggur veggurinn í N-S. Hann er um þrjú metrar á lengd og 80 cm á breidd, þar sem hann er breiðastur. Hæðin er 15 cm. Það var frekar erfitt að greina hvernig þessi torfveggur afmarkast. Það er hugsanlegt að hann haldi áfram lengra í norður en það gæti þó einnig verið að völdum hruns frá honum. Veggurinn liggur að hluta til ofan á stétt [280] en það er líklega vegna rasks á svæðinu. Austan við og að hluta til undir hugsanlegum torvegg [251] fannst fjöldi hellusteina sem lágu hlið við hlið og mynduðu einskonar stétt [280]. Stéttin var slitin í tvennt, líklega vegna seinni framkvæmda og hluti hennar lá einnig tæpum 2,5 metrum austur. Sá hluti stéttarinnar var þó mun meira raskaður vegna framkvæmda. Á nokkrum stöðum voru tvö umför af hellum en á milli þeirra var mýrarjarðvegur með kolum, járnútfellingum og brenndum beinum. Það mætti ætla að þessi stétt hafi verið lögð beint í votlendi og hafi verið ætluð til að auðvelda samgöngur á milli staða í mýrinni sem þarna hefur verið. Stéttin kann að hafa verið hluti af stétt [265] í mannvirki 2 en svæðinu á milli stéttanna var raskað af Lækjargötu 12a. Uppi við stéttina, á milli hennar og sumstaðar yfir henni, lá svart kolalag [282] sem náði yfir stóran hluta mannvirkisins og alveg austur að gólfloögum mannvirkis 1. Jarðlagið var frekar laust í sér með leirkenndri áferð. Lagið bendir þó til bruna á svæðinu. Rétt vestan við kolalag [282] voru nokkrir steinar og hellur [292] sem minntu helst á hluta af eldstæði. Þetta var stór hella sem lá flöt og var hún umkringd sex litlum steinum sem stóðu upp á rönd. Smærri steinarnir voru sprungnir, líklega af völdum elds. Rétt eins og aðrar minjar tengdar mannvirki 3 þá var mannvirki [292] frekar raskað enda lá það undir skurði [138] og líkast til hafa hellur og steinar verið tekin burt þegar skurðurinn var grafinn.

6.3.2 Niðurstöður og túlkun

Mannvirki 3 er samtíða mannvirkjum 1 og 2, og sömuleiðis skálanum sem liggur norðan við þessi þrjú mannvirki. Þarna var að finna frekar raskaðan torfvegg með landnámsgjósku sem

hefur verið vesturveggur mannvirkisins. Engir aðrir veggir fundust enda svæðið mjög raskað. Austan við vegginn var hluti af stétt, stórt kolalag og eldsprungnir steinar sem líktust einna helst eldstæði. Mannvirkið var mjög raskað af seinni tíma framkvæmdum og byggingum og því erfitt að átta sig á hvaða hlutverki það hefur gegnt, en þau mannvistarlög sem fundust á svæðinu benda þó til þess að um sé að ræða einhverskonar verkstæði líkt og hin mannvirki á svæðinu. Kolalagið [282] bendir til þess að bruni hafi átt sér stað og eldsprungnu steinarnir [292] einnig. Torfveggurinn gæti hafa gegnt hlutverki skjólveggjar fyrir þá starfsemi sem átti sér stað við flötu helluna þar sem eldur hefur verið kveiktur. Stéttin [280] hefur þá gegnt því hlutverki að mynda þurra og greiðfæra leið um votlendið sem hefur líklega verið á þessu svæði en mikið var af uppþornuðum mýrarjarðlögum á svæðinu enda hefur Tjörninn verið skammt frá vinnusvæðinu. Stétt þessi gæti jafnvel hafa verið tengd stétt [265] í mannvirki 2.

7. Niðurstöður

Á svæði B var hægt að greina þrjú mannvirki sem kunna að vera samtíða skálanum á svæði A þó að þau virðist ekki öll hafa verið í notkun samtímis ef miðað er við niðurstöður kolefnisaldursgreininga. Kolefnisaldursgreiningar á byggi sýna fram á að byggingarnar voru í notkun í talsverðan tíma en ekki er ljóst hvort mannvirki 1 og 2 hafi verið í notkun á sama tíma. Mannvirki 2 virðist vera ívið eldra en 1 en þau eru þó bæði samtíða byggingarskeiðum skálans og tóku breytingum líkt og hann. Varðveitt stærð mannvirkis 1 var um 3m á lengd og 1m á breidd að innannmáli. Þar var eldstæði sem var breytt og bætt og torfveggir umhverfis. Hlutverk hússins er óljóst en þar voru ýmis verk unnin, til að mynda kann þar að hafa verið eldhús og kornþurrkun. Varðveitt lengd mannvirkis 2 var 12m og breidd 4m en það var verulega raskað. Líkt og með mannvirki 1 var hlutverk hússins fjölþætt. Þar kann bygg að hafa verið þurrkað og þreskt, kolaði þarinn gæti bent til saltvinnslu. Þar virðist einnig járn hafa verið unnið ef miðað er við sindur sem fannst í eldstæðinu. Mannvirkin voru sködduð vegna framkvæmda á 19. og 20. öldinni. Þar af leiðandi hefur ekki fengist heildstæð mynd af svæðinu. Hins vegar benda þessar minjar til þess að sunnan við skálann hafi verið byggingar sem kalla mætti verkstæði sem íbúar hans notuðu til þess að vinna ýmiskonar verkum. Hlé varð á búsetu á þessu svæði fram á 19. öld, líklegast vegna þess hve svæðið varð blautt frá 12. öld. Þá var Waageshúsið reist ásamt útihúsum, en leifar þeirra bygginga voru afar brotakenndar. Aðeins var grafið fram lítið brot af húsgrunni Waageshússins ásamt grjóthlöðnum vegg útihúss og stoðarholum fyrir girðingastaura. Einnig lá hlaðinn tjarnarbakki frá austri til vesturs þvert í gegnum svæðið. Í upphafi 20. aldar voru Lækjargata 2a og 2b

ásamt Vonarstræti 2 og bakhúsum reist en þau brunnu öll árið 1967 og var þá svæðinu breytt í bílastæði.

Heimildaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur (á.á). *Húsaskrá yfir hús í Reykjavík*. Skoðað 19. janúar 2016 á http://www.borgarskjalasafn.is/Portaldata/21/Resources/borgarskjalasafn/brunavirdingar/Husaskra_Reykjavikur.pdf

Drífa Kristín Prastardóttir (2005). *Húsakönnun. Vonarstræti - Templarasund - Kirkjutorg - Skólalbrú - Lækjargata*. Skýrsla nr. 126. Minjasafn Reykjavíkur, Reykjavík.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson (1987). *Kvosin. Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*. Torfusamtökin, Reykjavík.

Íðnaðarbankinn brann í morgun. Þrjú hús urðu eldinum að bráð. (1967, 10. mars) *Vísir*, bls. 1 og 7.

Lúðvík Kristjánsson (1952). *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. Helgafell, Reykjavík.

Lúðvík Kristjánsson (1980). *Íslenskir Sjávarhættir I*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík.

Mesti bruni síðustu ára (1967, 11. mars). *Morgunblaðið*, bls. 1 og 14.

Ólafur Karl Nielsen (1992). *Tjörnin. Saga og lífríki*. Reykjavíkurborg, Reykjavík.

Páll Líndal (1987). Reykjavík. *Sögustaður við Sund*. 2 bindi. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Ræður og starfsbækur sr. Bjarna brunnu – tvö Kjarvalsmálverk og 3 eftir Ásgrím (1967, 11. mars). *Morgunblaðið*, bls. 10-11.

Vala Garðarsdóttir. 2010. Fornleifauppgröftur á Alþingisreitnum 2008-2010, bindi 1 og viðaukar í bindi 2. Reykjavík 2010.

Vala Garðarsdóttir. 2010. Fornleifauppgröftur á Alþingisreitnum 2008-2010, bindi 1 og viðaukar í bindi 2. Reykjavík 2010.

Vala Garðarsdóttir. 2013. Alþingisreiturinn 2012-2013, Fornleifarannsókn , uppgröftur á lóð Alþingis, bindi 1 og bindi 2, Reykjavík.

3. hluti

Gripir – Guðrún Alda Gísladóttir

Plöntugreiningar – Dawn Mooney

Dýrabein – Megan Hicks

Gjóskulagagreiningar – Mágnús Á Sigurgeirsson

Viðargreiningar – Lísabet Guðmundsdóttir

Kolefnisaldursgreiningar – SERC

4. hluti

Jarðlagaskrá

Gripaskrá

Sýnaskrá

Ljósmyndaskrá

Ljósmyndir